



Ársreikningur samstæðu 2025

Efnisyfirlit

Helstu atriði - óendurskoðuð	3
Skýrsla stjórnar	4 - 12
Áritun óháðs endurskoðanda	13 - 16
Rekstrarreikningur samstæðunnar	17
Yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar	18
Efnahagsreikningur samstæðunnar	19
Eiginfjáryfirlit samstæðunnar	20 - 21
Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar	22 - 23
Skýringar með ársreikningi samstæðunnar	24 - 92
Viðaukar - óendurskoðaðir	
Stjórnarháttayfirlýsing Íslandsbanka hf. 2025	93 - 102
Hlutfall grænna eigna	103 - 127



Lykiltölur 2025



Hagnaður
25,2ma. kr.



Arðsemi
11,2%




Kostnaðarhlutfall
42,4%




Vaxtamunur
3,1%


Arðsemi eigin fjár




Hagnaður eftir skatta (m.kr.)



Kostnaðarhlutfall¹




Heildareignir (ma. kr.)




Lán til viðskiptavina

(Eftir atvinnugreinum 31.12.25)




Lán til viðskiptavina


(ma. kr.)




Lausafjárþekjuhlutfall



Vogunarhlutfall²



Eiginfjárlutfall²



Lánshæfi og staðfestingar

MOODY'S
A3 Stöðugar horfur

S&P Global
Ratings
BBB+/A-2
Jákvæðar horfur

SJÁLFBÆRNIMAT

Reitun
A3 Framúrskarandi

JAFNLAUNAVOTTUN
2025 - 2028

JAFNVEGISVOG
FKA 2025
VIÐURKENNING

Upplýsingarnar hér að ofan hafa hvorki verið kannaðar né endurskoðaðar af endurskoðendum samstæðunnar.

1. Kostnaðarhlutfallið fyrir 4F25 undanskilur launakostnað að fjárhæð 804 milljónir króna vegna snemmbúinna starfsloka og tekjur að fjárhæð 237 milljónir króna innan hreinna vaxtatekna (550 milljónir króna vegna bakfærslu á skuldbindingu sem var gjaldfærð í 3F25 vegna lögræðilegra mála og gjaldfærslu að fjárhæð 313 milljónir króna vegna leiðréttingar frá fyrri árum).

Kostnaðarhlutfall fyrir 3F25 undanskilur 550 milljón króna varúðarfærslu vegna dómsmáls á meðal hreinna vaxtatekna.

2. Að meðtöldum 3F25 hagnaði fyrir 30.9.25.

Skýrsla stjórnar

Stjórn og bankastjóri Íslandsbanka hf. („bankans“ eða „Íslandsbanka“) birta þessa skýrslu með endurskoðuðum ársreikningi Íslandsbanka hf. og dótturfélaga hans en saman er vísað til þeirra sem „samstæðunnar“ fyrir árið 2025.

Íslandsbanki er viðskiptavinamiðaður banki sem býður alhliða fjármálaþjónustu fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanafjárfesta á Íslandi í gegnum ýmsar dreifileiðir, þar á meðal 12 útibú. Bankinn leitast við að vera hreyfiafl í íslensku samfélagi með því að hvetja viðskiptavinina sína áfram og setur sjálfbærni í forgang sem lykilþátt í stefnu sinni og verðmætasköpun. Gildi bankans eru framsækni, samvinna og fagmennska. Bankinn leitast við að vera hreyfiafl til góðra verka með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með framúrskarandi þjónustu og þannig bæta fjárhagslega heilsu viðskiptavina sinna.

Drifin áfram af framtíðarsýnni um að skapa virði til framtíðar með framúrskarandi þjónustu er starfsemi Íslandsbanka skipt niður í þrjú tekjusið sem byggja upp og sinna samskiptum við viðskiptavinina. Bankinn viðheldur sterkri markaðshlutdeild með skilvirkri útibúaneti víðs vegar um landið og styður á sama tíma við færslu viðskiptavina yfir í aukna stafræna þjónustu sem byggir á tæknilega sterkum grunni.

Bankinn hefur hlotið lánshæfismatseinkunina A3 (stöðugar horfur) frá alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækinu Moody's Ratings, og lánshæfismatseinkunina BBB+/A-2 (jákvæðar horfur) frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Samantekt ársins 2025

- Hagnaður samstæðunnar fyrir uppgjörstímabilið nam 25.249 milljónum króna sem samsvarar 11,2% arðsemi eigin fjár
- Sterkt eiginfjárlutfall 24,0% og almennt eigið fé þáttar 1 20,1% – umfram eigið fé nam 36 milljörðum króna í lok uppgjörstímabilsins
- Uppfærð fjárhagsleg markmið til meðallangs tíma: arðsemi eigin fjár >13% og kostnaðarlutfall <43%

Öflugur endasprettur á viðburðaríku ári

Árið 2025 var viðburðaríkt hjá Íslandsbanka. Snemma á fyrsta ársfjórðungi kynnti bankinn endurskoðaða stefnu sem grundvöll fyrir frekari vexti á þeim grunni að vera hreyfiafl til góðra verka og efla viðskiptavinina til að bæta fjárhagslega heilsu sína. Gildin voru endurskoðuð þar sem lögð var áhersla á framsækni til viðbótar við samvinnu og fagmennsku. Auk þess var tekin ákvörðun um stefnuáherslur bankans: að laða að og halda í besta starfsfólkið, gagnadrifinn banki, þjónusta og upplifun viðskiptavina, auk arðbærs vaxtar.

Stefna bankans lagði grunninn að árangri á ýmsum sviðum á árinu. Markaðshlutdeild og samkeppnishæfni héldust sterk og bankinn er áfram fyrsti kostur meðal meðalstórra fyrirtækja. Fjöldi nýrra stafrænna lausna fyrir fyrirtæki var kynntur, þar á meðal lausn fyrir útgjaldastýringu, ný og endurbætt netbankalausn og fleira. Verðbréfamiðlun Íslandsbanka hélt áfram að vera með hæstu markaðshlutdeildina á markaði og leiðandi í hlutabréfum á Nasdaq OMX Iceland eins og árið 2024. Fyrirtækjaráðgjöf bankans leiddi framkvæmd ýmissa stórra verkefna, þar á meðal fjármögnun fyrir Eldisgarða (landeldi). Í fyrirtækjalánum hefur áherslan verið á að stækka alþjóðlega lánabók bankans, sem hefur leitt til talsverðs vaxtar á árinu. Sérstök áhersla hefur verið á innviðaverkefni, þar sem fjármögnun Ölfusárbrúar – í samstarfi við nokkra íslenska lífeyrissjóði og sem stærsta innviðaverkefni landsins undanfarin ár – er gott dæmi. Á einstaklingssviði hefur bankinn haldið markaðshlutdeild sinni bæði í útlánum og innlánum. Að auki kynnti bankinn samstarf við VÍS Tryggingar hf., næststærsta tryggingafélag landsins, með það að markmiði að styrkja þjónustu bankans og efla viðskiptatengsl.

Í október 2025 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í máli er varðaði breytilega vexti af óverðtryggðu íbúðaláni. Þrátt fyrir að dómurinn varðaði óverðtryggt lán var ekki hægt að útiloka að hann, eða aðrir dómur sem þá voru í farvatninu gagnvart öðrum lánveitendum, gætu skapað fordæmi um túlkun verðtryggðra lána og annarra neytendalána. Í kjölfarið greip bankinn til bráðabirgðaráðstafana með breytingum á fasteignalánum sínum og mun bæta við fleiri valkostum á næstu vikum. Með þessum breytingum telur bankinn sig hafa dregið úr óvissu og tryggt að fasteignalánamarkaður verði áfram virkur með hag viðskiptavina og bankans að leiðarljósi.

Þrátt fyrir talsverða ólgu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum á öðrum ársfjórðungi, sem rekja má til umræðu og innleiðingar tolla í alþjóðaviðskiptum, styrktust markaðsaðstæður á innlendum fjármagnsmarkaði. Í kjölfar þessarar viðspyrnu ákvað fjármála- og efnahagsráðherra að hefja almennt hlutafjárútbóð á eignarhlut ríkisins í bankanum. Upphaflega var ætlunin að selja 20% hlut en vegna mikillar eftirspurnar, frá bæði almenningi og fagfjárfestum, var ákveðið að stækka útbóðið og selja allan hlut ríkisins í bankanum. Að lokum var 45,4% eignarhlutur ríkisins seldur til rúmlega 31 þúsund fjárfesta, sem langflestir voru innlendir aðilar. Þessa miklu eftirspurn og góðan árangur útbóðsins má meðal annars rekja til árangursríkrar stefnu bankans og þeirra tækifæra sem fjárfestar sjá framundan. Bankinn er stoltur af jákvæðum móttökum, bæði innanlands og erlendis, sem er skýr staðfesting á árangri hans. Eftir útbóðið fjölgaði hluthöfum bankans úr um 10 þúsund í yfir 35 þúsund.

Skýrsla stjórnar

Í upphafi fjórða ársfjórðungs tilkynnti bankinn að viðræður væru hafnar um mögulegan samruna við Skaga, innlent fjármálaþjónustufyrirtæki, og að megindrög að samningsskilmálum hefðu verið samþykkt, með fyrirvara um áreiðanleikakönnun og aðra hefðbundna þætti. Samkvæmt drögum að samningi yrði Skagi að fullu sameinaður bankanum og hluthafar Skaga fengju um 15% hlut í hinu sameinaða félagi. Í kjölfar tilkynningarinnar hefur áreiðanleikakönnun að mestu verið lokið. Samhliða ferlinu komu fram nýjar upplýsingar, meðal annars tengdar mögulegum breytingum sem gætu aukið eiginfjákröfur vegna áhættu af eignum í tryggingafélögum, eins og fram kom í umræðuskjali nr. 2/2025 frá Seðlabanka Íslands um leiðbeiningar tengdar könnunar- og matsferlinu (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP). Vinna við drög að samrunatilkynningu til Samkeppniseftirlitsins hefur gengið vel og hefur verið kynnt Samkeppniseftirlitinu ásamt helstu forsendum tengdum samrunanum. Íslandsbanki og Skagi munu áfram vinna að skilmálum formlegs samrunasamnings.

Á árinu voru haldnir tveir hluthafafundir auk aðalfundar. Þann 30. júní 2025, var haldinn fundur þar sem samþykktar voru breytingar á starfskjarastefnu bankans til að innleiða kaupaukakerfi og kaupréttaráætlun. Í kjölfarið kynnti bankinn kauprétti fyrir alla starfsmenn, að undanskildum starfsmönnum innri endurskoðunar, til að tryggja samræmi milli hagsmuna hluthafa og starfsmanna, og tók nær allt starfsfólk þátt. Undir lok fjórða ársfjórðungs tilkynnti fráfaraandi stjórnarformaður að hún hygðist ekki bjóða sig fram til endurkjörs á næsta aðalfundi. Í kjölfar þeirrar tilkynningar barst beiðni um að boðað yrði til hluthafafundar þar sem stjórnarkjör skyldi vera á dagskrá. Beiðnin kom frá hópi hluthafa sem samanlagt átti meira en 1/20 hlut í bankanum. Í kjölfarið var haldinn hluthafafundur 19. janúar 2026 þar sem kosning fór fram. Á fundinum voru gerðar tvær breytingar á skipan stjórnar þar sem Heiðar Guðjónsson og Margrét Pétursdóttir voru kjörin í stjórn. Jafnframt var Heiðar Guðjónsson kjörinn stjórnarformaður.

Bætt samsetning eigin fjár er áfram forgangsmál fyrir bankann. Nú nemur umfram eigið fé, reiknað frá núverandi stöðu eiginfjárlutfalls almenns þáttar 1 (CET1) og að miðpunkti stjórnendaauka, 36 milljörðum króna. Frá upphafi árs 2026 hefur bankinn keypt eigin bréf fyrir 4 milljarða króna og við það lækkar umfram eigið fé í 32 milljarða króna. Á árinu 2025 greiddi bankinn 12,1 milljarð króna í hefðbundinn arð, sem jafngildir 50% af hagnaði ársins 2024. Auk þess keypti bankinn eigin hlutabréf fyrir 14,6 milljarða króna, sem hækkaði heildargreiðsluhlutfallið í 110% af hagnaði fyrra árs. Áhersla bankans um bætta samsetningu eigin fjár mun halda áfram með vexti og/eða greiðslum í formi arðs og/eða endurkaupa. Stjórn bankans mun leggja til á aðalfundi í mars 2026 að greiddur verði hefðbundinn arður sem nemur 50% af hagnaði, samtals 12,6 milljarðar króna. Að auki áskilur stjórnin sér rétt til að leggja til greiðslu sérstaks arðs, hvort sem er á aðalfundi eða síðar boðuðum hluthafafundi.

Uppfærð fjárhagsleg markmið til meðallangs tíma

Bankinn hefur sett ný fjárhagsleg markmið til meðallangs tíma, þ.e. til næstu 3-4 ára, sem hér segir:

	Fyrra markmið	Uppfært markmið fyrir næstu 3-4 ár	2025 tölur	Leiðbeinandi bil fyrir árslok 2026
Arðsemi eigin fjár	10%	>13%	11,2%	~12%
Kostnaðarhlutfall	<45%	<43%	42,4%	~43%
CET1 umfram lágmarkskröfur	1-3 prósentustig	1-3 prósentustig	5,1 prósentustig	2 prósentustig
Arðgreiðsluhlutfall	50%	50%	50%	50%

Vöxtur kjarnatekna 10% árið 2025

Hagnaður samstæðunnar á uppgjörstímabilinu nam 25.249 milljónum króna, þar af 5.947 milljónum króna á fjórða ársfjórðungi. Þetta samsvarar arðsemi eigin fjár upp á 11,2% fyrir árið í heild og 10,5% fyrir fjórða ársfjórðung, umfram markmið bankans um að vera yfir 10%.

Vaxtatekjur námu 52.471 milljónum króna árið 2025 og jukust um 11,0% milli ára, sem jafngildir 3,1% vaxtamun miðað við 2,9% árið á undan. Aukningu á milli ára má meðal annars rekja til dvínandi áhrifa af verðbólgu og fastvaxtaójöfnuðum bankans, auk þrálátrar innlendrar verðbólgu. Verðtryggingarójöfnuður hélst nokkuð stöðugur og nam 200 milljörðum króna í árslok 2025 miðað við 193 milljarða í upphafi árs. Vegna árstíðasveiflu í mánaðarlegu mæligildi verðbólgu yfir árið var vaxtamunur sterkari á fyrri hluta ársins en á þeim síðari, og sérstaklega á fjórða ársfjórðungi þegar verðbólga var óvenju lág, sem leiddi til 2,9% vaxtamunar. Eins og áður má búast við sveiflum í hagnaði bankans vegna þessarar árstíðasveiflu á meðan áhrif verðtryggingarójafnaðar eru enn í fjárfestingarboók.

Hreinar þóknatekjur á fjórða ársfjórðungi námu 4.183 milljónum króna, sem er 16,0% aukning frá fyrra ári. Á árinu 2025 námu hreinar þóknatekjur 14.099 milljónum króna miðað við 13.122 milljónir króna árið áður sem er 7,4% aukning milli ára. Greiðslukort og kortaþjónusta eru áfram stærsti tekjustofn þóknatekna. Batamerki og aukin umsvif á fjármálamörkuðum, ásamt öflugum ársfjórðungi hjá fyrirtækjaráðgjöf, styrktu vöxt í eignastýringu og fjárfestingarbankastarfsemi á fjórða ársfjórðungi samanborið við fyrri hluta ársins. Heildartekjur jukust um 6,6% árið 2025 en vöxtur í kjarnatekjum (vaxtatekjur ásamt þóknatekjum) var 10,2% á milli ára.

Skýrsla stjórnar

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 1.475 milljónir króna milli ára, aðallega vegna kostnaðar sem tengist snemmbúnum starfslokum starfsmanna og fækkun stöðugilda. Annar rekstrarkostnaður nam 11.676 milljónum, sem hækkaði um 3,3% á milli ára og lækkaði því að raunvirði. Samtals nam stjórnunarkostnaður 29.480 milljónum króna miðað við 28.098 milljónir króna árið áður. Kostnaðarhlutfall bankans var 42,4% árið 2025, samanborið við 43,8% árið áður. Hrein virðisbreyting fjáreigna var gjaldfærsla og nam 681 milljónum króna, á móti 645 milljóna króna jákvæðri virðisrýrnun árið áður. Á fjórða ársfjórðungi var hrein virðisbreyting fjáreigna gjaldfærsla og nam 1.087 milljónum króna, aðallega vegna nokkurra vanskila- og vandræðalána.

Vöxtur útlánasafns í samræmi við væntingar og lán á stigi 3 eru stöðug

Líkt og undanfarin ár eru útlán til viðskiptavina stærsti hluti efnahagsreiknings bankans, eða nær 80% af heildareignum. Innan lánasafnsins eru húsnæðislán stærsti einstaki flokkurinn eða 43%. Afgangurinn er vel dreifður á milli atvinnugreina. Þrátt fyrir langt tímabil hás vaxtastigs og hárrar verðbólgu, hafa lán á stigi 3 verið stöðug og var hlutfallið 1,5% í árslok. Hins vegar hafa lán á stigi 2, sem endurspegla lán sem sýna merki um versnandi lánshæfi, hækkað úr 3,1% í árslok 2024 í 4,6% í árslok 2025. Lengri sölutími nýrra íbúða og minnkuð umsvif eru farin að hafa áhrif á lánasafn byggingariðnaðarins, þó að áhættan á útlánatöpum sé enn lítil. Þessi þróun tengist aðallega nokkrum einstökum vanskilamálum fremur en kerfislægum vandamálum í ákveðnum atvinnugreinum. Veðhlutföll eru áfram heilbrigð og stöðug, bæði fyrir lánasafnið í heild og fyrir húsnæðislán. Innlán frá viðskiptavinum jukust um 4,5% milli ára og námu 968.695 milljónum króna í árslok 2025. Eins og áður er lítil samþjöppun meðal innstæðueigenda.

Útgáfa AT1 skuldabréfa í lok árs með sögulega lágu vaxtaálagi

Hvað fjármögnun á markaði varðar lækkaði álag á erlendum skuldabréfum bankans árið 2025, eða um 50 punkta á eftirmarkaði. Bankinn nýtti hagstæð markaðsskilyrði og gaf út tvö græn almenn skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra hvort: 5,5 ára bréf í mars á kjörum sem svarar til 140 punkta álags yfir millibankavöxtum í evrum, nú á um 90 punkta álagi yfir millibankavöxtum og 7 ára bréf í nóvember á kjörum sem svarar til 130 punkta álags yfir millibankavöxtum í evrum, nú á um 120 punkta álagi yfir millibankavöxtum. Í nóvember gaf bankinn einnig út skuldabréf sem teljast til viðbótar eiginfjárbáttar 1 (e. Additional Tier 1, AT1) á norrænum markaði. Útgáfurnar voru að fjárhæð 700 milljónir sænskra króna með 350 punkta álagi ofan á millibankavexti í sænskum krónum og 200 milljónir norskra króna með 358 punkta álagi ofan á millibankavexti í norskum krónum. Þetta voru bestu kjör á AT1 útgáfu sem íslenskur banki hefur notið síðan 2008. Á innlendum markaði gaf bankinn út sértryggt skuldabréf að fjárhæð 32 milljarðar króna á árinu auk 9 milljarða króna af almennum skuldabréfum.

Bankinn er með lánshæfismatið A3 (stöðugar horfur) hjá Moody's Ratings og BBB+/A-2 (jákvæðar horfur) hjá S&P Global Ratings.

Áhersla á bætta samsetningu eigin fjár þar sem umfram eigin fé nemur 36 milljörðum króna

Á árinu hélt bankinn áfram að leggja áherslu á að bæta samsetningu eigin fjár. Í mars samþykkti aðalfundur greiðslu hefðbundins arðs að fjárhæð 12,1 milljarður króna, sem jafngildir 50% af hagnaði ársins 2024. Þar að auki keypti bankinn eigin bréf fyrir 14,6 milljarða króna árið 2025. Samtals hafa því 110% af hagnaði samstæðunnar fyrir árið 2024 verið greidd út til hluthafa með arðgreiðslum og endurkaupum. Í árslok stóðu 4 milljarðar króna eftir af þeim 16 milljörðum sem hafði verið úthlutað til endurkaupa, og lágu fyrir öll nauðsynleg leyfi eftirlitsaðila. Bankinn hélt áfram endurkaupum árið 2026 og hefur nú lokið kaupum fyrir 4 milljarða króna, sem þýðir að endurkaupaheimildin er nánast fullnýtt.

Í nýjasta könnunar- og matsferli samstæðunnar (SREP), sem birt var 30. júní 2025, lækkaði viðbótareiginfjárfarkrafan verulega. Krafa um viðbótareiginfjárlutfall lækkaði um 0,4 prósentustig frá fyrra mati og fór niður í 1,4%. Vegna þessa lækkar heildareiginfjárfarkrafa bankans, að teknu tilliti til eiginfjárauka í árslok 2025, úr 19,7% í 19,1%. Undir lok árs var lögfest á Íslandi reglugerð um eiginfjárkröfur, CRR3. Í kjölfarið lækkaði áhættugrunnur bankans um 88 milljarða króna, sem hækkaði heildareiginfjárlutfallið úr 22,1% í 24,0%, sem er vel umfram kröfur.

Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 í árslok 2025 var 20,1% miðað við lágmarkskröfu upp á 15,0%. Til viðbótar setur bankinn sér stjórnendaauka upp á 1-3 prósentustig. Umfram eigið fé bankans í árslok 2025 nam því um 36 milljörðum króna, þar af hafa um 4 milljarðar króna þegar verið nýttir í endurkaup í upphafi árs 2026. Eins og áður hefur komið fram byggir mat á umfram eigin fé á því að bættri samsetningu eigin fjár hafi verið náð og að gefnum miðpunkti stjórnendaauka.

Bankinn hyggst halda áfram að bæta samsetningu eigin fjár. Líkt og áður hefur verið tekið fram geta aðgerðir til að bæta samsetningu eigin fjár falist í innri og/eða ytri vexti, auk aukinna endurkaupa eða greiðslu sérstaks arðs, allt eftir markaðsaðstæðum.

Skýrsla stjórnar

Innleiðing á kaupaukakerfi nauðsynleg til að samræma hagsmuni hluthafa og starfsmanna

Breytingar voru gerðar á starfskjarastefnu bankans á hluthafafundi í júní 2025 til að heimila bæði kaupréttaráætlanir og kaupaukakerfi. Bankinn telur slíkar breytingar nauðsynlegar til að samræma hagsmuni hluthafa og starfsmanna og til að geta laðað að og haldið í besta starfsfólkið.

Í kjölfar breytinganna kynnti bankinn í ágúst 2025 kaupréttaráætlun fyrir alla starfsmenn, að undanskildum starfsmönnum innri endurskoðunar. Nær allt starfsfólk tók þátt í áætluninni. Samkvæmt henni fengu starfsmenn rétt til að kaupa hlutabréf í bankanum á fyrirfram ákveðnu verði, 126,4 krónur á hlut, fyrir markaðsvirði að hámarki 1,5 milljónir króna á ári á árunum 2026 til 2030. Á aðalfundi bankans 19. mars 2026 mun bankinn óska eftir heimild til að nýta hluta þeirra bréfa sem eru keypt í gegnum endurkaupaáætlun til að standa straum af þessum skuldbindingum þegar þær eru á gjalddaga.

Að auki var innleitt kaupaukakerfi í byrjun febrúar 2026. Kerfið nær til allra starfsmanna sem er heimil þátttaka samkvæmt lögum, þar sem flestir starfsmenn geta fengið allt að 10% af árstekjum í kaupauka, að því gefnu að árangursmælikvarðar bankans náist. Jafnframt er afmarkaður hópur starfsmanna, sem hefur hvað mest áhrif á rekstur og stefnu bankans, gjaldgengur til hærri kaupauka sem er allt að 25% árstekna. Fyrir þá starfsmenn þar sem kaupuki fer umfram 10% skal sá hluti sem fer umfram vera greiddur út með hlutabréfum í bankanum með fyrirfram skilgreindum biðtíma, til að styrkja langtímahagsmuni bankans, hluthafa og starfsmanna.

Í árslok voru 769 stöðugildi hjá samstæðunni, þar af 725 í bankanum, 56% konur og 44% karlar (innan framkvæmdastjórnar 57% konur og 43% karlar), og 44 í dótturfélögum.

Efnahagshorfur

Eftir 1,2% samdrátt í vergri landsframleiðslu árið 2024 hófst nýtt tímabil hóflegs vaxtar í íslenska hagkerfinu árið 2025. Fyrstu þrír ársfjórðungar ársins mörkuðu hagsveifluskil, þar sem 1,5% hagvöxtur er studdur af öflugum fjárfestingum og þróttmeiri einkaneyslu. Fjárfestingar voru áfram helsti drifkraftur hagvaxtar, sérstaklega í útflutningsgreinum á borð við fiskeldi og gagnaver, en framlag einkaneyslu til vaxtar jókst talsvert milli ára. Aukinn innflutningur – algengt einkenni fjárfestingarskeiða – vó á móti eftirspurnarvexti, á sama tíma og útflutningur breyttist lítið.

Tímanlegir hagvísar fyrir fjórða ársfjórðung, þar á meðal greiðslukortavelta, brottfarir frá Keflavíkurflugvelli og nýskráningar bifreiða, benda til áframhaldandi seiglu í einkaneyslu. Innflutningur á fjárfestingarvörum bendir þó til umtalsverðs samdráttar fjárfestingar milli ára. Ferðaþjónustan, sem hóf árið með samdrætti, náði sér á strik yfir sumarið en sneri aftur í samdrátt á fjórða ársfjórðungi.

Vinnumarkaður hefur kólnað umtalsvert undanfarna ársfjórðunga. Skráð atvinnuleysi mældist 4,2% að jafnaði á fjórða ársfjórðungi, sem er 0,6 prósentustigum hærra en á sama tíma árið áður. Atvinnustig hefur haldist stöðugt en eftirspurn eftir vinnuafli hefur minnkað, einkum í byggingariðnaði, framleiðslu og ferðaþjónustu, á sama tíma og dregið hefur úr aðflutningi vinnuafis til landsins. Þrátt fyrir þessa þróun styðja hækkanði raunlaun og uppsafnaður sparnaður heimila enn við einkaneyslu.

Verðbólga, sem hafði lækkað úr 10,2% hámarki snemma árs 2022 niður í 3,9% í mars 2025, reyndist þrálát það sem eftir var árs og mældist 4,5% í desember. Innlendur verðbólguþrýstingur er enn talsverður vegna kröftugs húsnæðismarkaðar og hraðrar launaþróunar, á meðan innflutt verðbólga hefur minnkað vegna stöðugra verðlags á heimsvísu, lægri orkukostnaðar og tiltölulega sterkar krónu. Seðlabanki Íslands lækkaði meginvexti í 7,25% í nóvember en gaf þá til kynna að frekari vaxtalækkanir séu ólíklegar nema skýr merki birtist um að verðbólga stefni greinilegar í átt að 2,5% markmiðinu.

Greining Íslandsbanka áætlar að hagvöxtur hafi verið 1,3% árið 2025, knúinn áfram af sterkri innlendri eftirspurn, á sama tíma og neikvætt framlag utanríkisviðskipta hefur dregið úr heildarhagvexti. Neysla er studd af hækkanði raunlaunum og uppsöfnuðum sparnaði heimila. Fjárfesting hélt nokkuð öflug, sérstaklega í afurðum hugverkaiðnaðar og fiskeldi. Gert er ráð fyrir að vöxtur í útflutningi hafi verið hóflegur, þjónustuútflutningur hafi aukist hóflega á meðan vöruútflutningur hafi staðið í stað.

Árið 2026 er spáð 0,6% hagvexti. Þar er gert ráð fyrir að útflutningur og fjárfesting dragist saman, en minni innflutningur og stöðug neysla styðja vöxt. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 4,0% árið 2026, fari síðan lækkanði en haldist nokkuð yfir 2,5% markmiði Seðlabankans. Vaxtastig mun trúlega lækka smám saman frá öðrum ársfjórðungi og stýrivextir Seðlabankans gætu verið nálægt 6,0% í árslok.

Gera má ráð fyrir að krónan haldist tiltölulega sterk til skemmri tíma, studd af batnandi utanríkisviðskiptum, sterkri erlendri stöðu og vaxtamun. Hátt raungengi skapar þó áskoranir fyrir samkeppnishæfni og búist er við hóflegri nafnlækkun krónu á árinu.

Skýrsla stjórnar

Horfur í starfsemi samstæðunnar

Í upphafi árs 2026 bentu efnahagshorfur til hægfara lækkunar verðbólgu og þar með möguleika á frekari vaxtalækkunum. Hins vegar hafa vísbendingar síðustu mánaða sýnt að verðbólga reynist þrálátari en áður var gert ráð fyrir – sem meðal annars sást í hærri mánaðarlegu mæligildi verðbólgu en markaðsaðilar höfðu spáð í janúar 2026. Afleiðingin er áframhaldandi óvissa um tímasetningu og umfang frekari vaxtalækkana. Þegar verðbólga fer að hjaðna er gert ráð fyrir að vextir lækki í kjölfarið. Vegna þessa má verða þrýstingur á vaxtamun bankans, bæði vegna verðtryggingarójfannaðar og einnig vegna lausafjársefnis bankans sem gert er ráð fyrir að minnki eftir því sem bætt samsetning eigin fjár heldur áfram. Til meðallangs tíma teljast raunvextir í fjárfestingarþóki þó viðeigandi. Líkt og áður má gera ráð fyrir árstíðasveiflum í vaxtamun í takt við árstíðasveiflur í mánaðarlegu mæligildi verðbólgu. Heilt yfir er gert ráð fyrir að vaxtamunur verði í kringum 3,0% til meðallangs tíma.

Frá fjórða ársfjórðungi 2025 og í upphafi árs 2026 hefur virkni og umfang á fjármálamörkuðum aukist. Bankinn telur að þessi þróun muni halda áfram á árinu, sem muni skapa tækifæri til vaxtar í bæði eignastýringu og fjárfestingarbankastarfsemi. Hins vegar gæti vaxandi óvissa varðandi vaxtalækkunarir haft neikvæð áhrif á markaðsskilyrði.

Áhersla hefur verið á vöxt erlendra lána og lána til innviðafjárfestinga, sem skapa tækifæri til vaxtar í lánasafni bankans. Samhliða er gert ráð fyrir hóflegum vexti í innlendu lánabókinni árið 2026, í takti við nafnverðsvöxt vergrar landsframléðslu yfir hagsveifluna.

Eiginfjár- og lausafjárstaða bankans er áfram sterk og vel yfir bæði innri mörkum og kröfum eftirlitsaðila. Bætt samsetning eigin fjár heldur áfram á árinu, með fyrirvara um markaðsaðstæður og samþykki eftirlitsaðila. Líkt og áður gæti bankinn ráðstafað eigin fé í vöxt og/eða greiðslur til hluthafa í formi arðs eða endurkaupa.

Bankinn gerir ráð fyrir að arðsemi eigin fjár verði um 12% og kostnaðarhlutfall um 43% fyrir árið 2026.

Önnur mál

Í október 2025 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í máli sem varðaði óverðtryggt íbúðalán með breytilegum vöxtum þar sem stefnendur héldu því fram að skilmálar lánsins um vaxtabreytingar væru ógildir. Fjákröfum í málinu var hafnað bæði í Héraðsdómi og Hæstarétti, þó Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að ákveðnir hlutar skilmálans um breytingar á vöxtum væru óljósir og ógildir. Þrátt fyrir að málið sneri að óverðtryggðu láni var ekki hægt að útiloka að dómurinn, eða aðrir dómar sem þá voru til meðferðar gegn öðrum lánveitendum, gætu skapað fordæmi um túlkun verðtryggðra íbúðalána og annarra neytendalána. Í kjölfarið brást bankinn hratt við með því að gera bráðabirgðabreytingar á vöruframboði sínu í fasteignalánum og mun bæta við frekari vörum á næstu vikum. Með þessum aðgerðum telur bankinn sig hafa lagt sitt af mörkum til að draga úr óvissu og tryggt að fasteignalánamarkaðurinn haldist virkur, bæði viðskiptavinum og bankanum sjálfum til hagsbóta. Vegna óvissunnar sem skapaðist í kjölfar dómsins færði bankinn 550 milljóna króna skuldbindingu í þriðja ársfjórðungi. Eftir að Hæstiréttur hefur kveðið upp frekari dóma í málum sem varða aðra lánveitendur en bankann, hefur bankinn endurmetið stöðu sína og bakfærði áður nefnda skuldbindingu á fjórða ársfjórðungi, þar af leiðandi eru rekstaráhrif á árið 2025 engin.

Á hluthafafundi 19. janúar 2026 fór fram stjórnarkjör. Sjö stjórnarmenn voru tilnefndir af tilnefningarnefnd bankans og engir aðrir frambjóðendur gáfu kost á sér. Því var núverandi stjórn kjörin einróma.

Áhættustýring

Starfsemi Íslandsbanka felur í sér margs konar áhættu og er stýring þeirrar áhættu óaðskiljanlegur hluti af starfsemi bankans og hefur bankinn markvisst byggt upp ábyrga innri áhættumeningu meðal starfsfólks. Stjórn bankans hefur æðsta ákvörðunarvald þegar kemur að skipulagi áhættustýringar og innra eftirlits í bankanum. Stjórnin ákveður meginrátti í umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits, tilgreinir áhættuvilja, meginsjónarmið og helstu mörk sem gilda um áhættustýringu í bankanum. Bankastjóri ber ábyrgð á að starfsemi bankans sé í samræmi við ákvarðanir stjórnar.

Stjórn bankans og bankastjóri lýsa hér með yfir að áhættustýring Íslandsbanka er viðkemur starfsemi bankans og stefnu sé fullnægjandi.

Fjallað er um umgjörð áhættustýringar innan bankans í skýringum 45-61 í ársreikningi samstæðu og í óendurskoðaðri áhættuskýrslu bankans.

Eignarhald

Hlutabréf í Íslandsbanka eru skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland og er hluthafahópur bankans einn sá stærsti skráðra félaga á Íslandi. Í lok árs 2025 voru hluthafar í bankanum 25.302 talsins (árslok 2024: 9.961) og var 85,4% af hlutafé bankans í eigu innlendra aðila og 14,6% í eigu alþjóðlegra fjárfesta. Í kjölfar sölu íslenska ríkisins á útistandandi hlut í bankanum eru lífeyrissjóðir nú stærsti hluthafahópurinn og áttu þeir 42,2% útistandandi hlutafjár í bankanum. Almennir fjárfestar eru næststærsti hluthafahópurinn og áttu þeir 28,0% útistandandi hlutafjár í bankanum. Báðar tölur taka tillit til eigin hluta bankans. Frekari upplýsingar um hluthafa bankans er að finna í skýringu 41.

Skýrsla stjórnar

Hreyfiafl til góðra verka

Íslandsbanki hefur það að markmiði að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar og hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu. Við erum meðvituð um að sjálfbærni er langhlaup og er grunnurinn að arðbærari virðissköpun. Þar af leiðandi er sjálfbærni tilgreind sérstaklega í hlutverki bankans. Hlutverk bankans er að vera hreyfiafl í íslensku samfélagi og skapa virði til framtíðar á sjálfbæran hátt fyrir viðskiptavinum, hluthafum, starfsfólki og samfélagið allt. Bankinn leggur áherslu á sjálfbærnisjónarmið í starfsemi sinni auk arðsemismarkmiða. Bankinn horfir til UFS-viðmiða (umhverfi, félagsþættir og stjórnaðarhættir) við áhættustýringu og metur með virkum hætti sjálfbærnitengd viðskiptatækifæri. Bankinn vill auka þekkingu og áhuga almennings á fjármálum og byður í því skyni upp á áhugaverða fræðslu um fjármál og efnahagsmál.

Stjórn bankans samþykkir sjálfbærnistefnu bankans og ákveður stefnumótun hans og áhættuvilja út frá sjálfbærniáhættu. Stjórninni er reglulega gerð grein fyrir lykilmálum tengdum sjálfbærni og stöðu sjálfbærs fjármögnunarramma bankans. Stjórnaðarháttar- og mannauðsnefnd, sem er undirnefnd stjórnar, styður stjórn bankans við að hafa yfirsýn yfir lykilmál tengd sjálfbærni.

Bankastjóri ber ábyrgð á innleiðingu sjálfbærnistefnu og hefur skipað sjálfbærninefnd sem lykilaðila í stjórnaðarháttum tengdum sjálfbærni. Sjálfbærninefnd er formlegur vettvangur fyrir nýni og umræðu um mál er varða sjálfbærnistefnumörkun bankans og skuldbindingar bankans sem snúa að sjálfbærni. Nefndin er óháð lánanefndum bankans og þarf að samþykkja lánamál sem ætlað er að falla undir sjálfbæran fjármálaramma. Nefndin er skipuð lykilaðilum frá viðskiptaeyningum, áhættustýringu bankans auk stefnumótunar og sjálfbærni. Bankastjóri situr í nefndinni.

Sjálfbærnistefnan myndar heildstæðan ramma um starfsemi á sviði sjálfbærni og markar jafnframt stefnu bankans varðandi rekstur, ábyrgar lánveitingar, fjárfestingar, innkaup og styrki. Auk þess fellur stefnan að og styður við aðrar stefnur bankans. Út frá sjálfbærnistefnunni hefur bankinn sett sér fimm sjálfbærnimarkmið til ársins 2030. Markmiðin eru byggð á UFS-viðmiðum og eru studd af árlegum markmiðum sem sett eru sem hluti af árlegri fimm ára áætlunargerð bankans.

Sjálfbærniuppgjör Íslandsbanka fyrir árið 2025 hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnaðarhætti Íslandsbanka. Upplýsingar í árs- og sjálfbærnisráðgjörðunni eru settar fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq og byggir jafnframt á viðeigandi mælikvörðum GRI (e. Global Reporting Initiative), viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN Principles for Responsible Banking) og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Síðan 2009 hefur bankinn verið aðili að hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. UN Global Compact).

Í samræmi við innlent regluverk birtir Íslandsbanki í öndurskoðuðum viðauka við samstæðuársreikning upplýsingar um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar (e. EU taxonomy) og hlutfall grænna eigna (e. Green Asset Ratio, GAR). Lögin tóku gildi á árinu 2023 fyrir fjármálastofnanir og önnur fyrirtæki sem undir hana falla og í þeim segir að birta þurfi upplýsingar um eignir samstæðunnar sem uppfylla kröfur reglugerðarinnar og geta því talist umhverfislega sjálfbærar samkvæmt evrópska flokkunarkerfinu. Í árslok 2025 var hlutfall grænna eigna 0,33% út frá veltu og 0,39% út frá fjárfestingargjöldum (e. CAPEX). Bankinn sækir upplýsingar um grænar eignir í gegnum ytri gagnagrunna.

Stýring sjálfbærniáhættu var á árinu samtvinnuð í auknum mæli inn í lykilverki bankans við lánveitingar, fjárfestingar og vöruþróun. Nánari umfjöllun er að finna í öndurskoðaðri áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2025 en þar er að finna sérstakan kafla um sjálfbærni- og loftslagsáhættu í samræmi við TCFD (e. Task Force on Climate-related Financial Disclosures) viðmið.

Íslandsbanki hefur í gegnum tíðina álitð það mikilvægt að taka þátt í alþjóðlegum skuldbindingum sem og að styðja við innlendan samstarfsvettvang á sviði sjálfbærni. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi veitir tækifæri til þess að læra af þeim fremstu á heimssvísu. Má þar nefna viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN PRB) og alþjóðlegt samstarf banka um kolefnishlutleysi (e. Net-Zero Banking Alliance). Bankinn er eitt af stærstu fyrirtækjum Íslands og telur þess vegna mikilvægt að taka þátt í og leggja sitt af mörkum á innlendum vettvangi, t.d. í gegnum Festu miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni og IcelandSIF.

Umhverfismál

Íslandsbanki styður metnaðarfulla aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum og markmið Parísarsamkomulagsins. Í apríl 2021 setti bankinn sér markmið um að ná fullu kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040. Eigin rekstur bankans hefur verið kolefnishlutlaus síðustu fjögur ár en með þessari ákvörðun verður sú breyting á að markmið bankans munu hér eftir einnig ná til fjármagnaðs útblásturs og þannig kolefnisspors af öllum lána- og eignasafni bankans.

Íslandsbanki birtir upplýsingar um fjármagnaðan útblástur (í samræmi við Partnership for Carbon Accounting Financials, PCAF aðferðafræðina) fyrir árin 2025 í árs- og sjálfbærnisráðgjörð bankans en nánara niðurbrot á tölum ársins má finna í áhættuskýrslu bankans. Þá birtir hann einnig markmið og árangur bankans á sviði loftslagsmála, sér í lagi í tengslum við markmið um kolefnishlutleysi. Bankinn hefur gefið út markmið um samdrátt fyrir meira en 64% heildarútlána og 78% heildarlosunar útlánasafnsins miðað við árið 2019, sem er grunnár fyrir mælingu á kolefnisspori. Stefnt er að því að kolefnisspor af lánasafni bankans minnki um 60% fyrir árið 2030 og um 85% fyrir árið 2040. Markmið bankans um kolefnishlutleysi lánasafns árið 2040 eru verulega metnaðarfull en þó möguleg í flestum atvinnugreinum, þó ljóst sé að orkuskipti í flugsamgöngum og fraktflutningum á sjó sé krefjandi verkefni og muni að öllum líkindum taka lengri tíma.

Skýrsla stjórnar

Félagsleg mál

Íslandsbanki leggur ríka áherslu á að skapa uppbyggilegt og heilbriggt starfsumhverfi þar sem gildi bankans, framsækni, samvinna og fagmennska eru höfð að leiðarljósi.

Jafnréttismál eru alltaf ofarlega á blaði og viljum við að Íslandsbanki sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir fólk með ólíkan og fjölbreyttan bakgrunn. Eitt mikilvægasta sjálfbærnimarkmið Íslandsbanka er að tryggja að hlutfall eins kyns fari ekki yfir 60% í stjórnendateymi bankans. Þetta hlutfall er haft til hliðsjónar í ráðningum stjórnenda. Eins og fyrri ár fékk bankinn jafnlaunavottun og faglega vottun samkvæmt ÍST staðlinum 85:2012 fyrir árið 2025. Samkvæmt síðustu jafnlaunaúttekt var óútskýrður launamunur fyrir jafnverðmæt störf 0,1%.

Stjórnarhættir

Íslandsbanki starfar samkvæmt gildandi löggjöf um aðila sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og Nasdaq Iceland. Stjórnarhættir bankans taka meðal annars mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda um fjármálafyrirtæki og fjármálamarkaðinn. Í samræmi við 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, starfar bankinn eftir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og leggur árlega mat á fylgni bankans við leiðbeiningarnar. Stjórn bankans fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (6. útg.) sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, sem eru aðgengilegar á www.leidbeiningar.is. Stjórnarhættir bankans taka jafnframt mið af viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um innri stjórnarhætti (EBA/GL/2021/05), sbr. 16. gr. reglugerðar ESB nr. 1093/2010 sem lögfest var á Íslandi með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Íslandsbanki hefur sett siðareglur fyrir starfsfólk og stjórn sem birtar eru á heimasíðu bankans auk þess sem áhersla er lögð á þessa þætti í sjálfbærnistefnu bankans. Siðareglurnar taka meðal annars á góðum viðskiptaháttum, tilkynningum er varða misferli og aðgerðum til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Starfsfólk staðfestir árlega að það hafi kynnt sér efni reglnanna og skuldbindur sig til að fylgja þeim, og hafið allt starfsfólk bankans gert það í lok árs 2025. Bankinn leggur áherslu á virðingu fyrir mannréttindum og að eiga ekki viðskipti sem tengjast hvers konar mannréttindabrotum, t.d. mismunur á grundvelli kyns, trúar eða kynþáttar, sbr. sjálfbærnistefnu og siðareglur birgja. Íslandsbanki leggur áherslu á opið og uppbyggilegt samtal við birgja varðandi aukna áherslu og kröfu um sjálfbæra viðskiptahætti.

Bankinn leggur sig allan fram við að sporna gegn mútum og spillingu. Hefur bankinn í því skyni m.a. sett sér stefnu um hagsmunaárekstra ásamt reglum um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum þar sem finna má kafla um gjafir og boðsferðir. Reglunum er ætlað að tryggja að enginn vafi sé á trúverðuleika og hlutleysi starfsfólks bankans í afgreiðslu einstakra mála. Bankinn hefur enn fremur sett sér stefnu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka ásamt stefnu um aðgerðir gegn mútum og spillingu þar sem m.a. er tekin skýr afstaða gegn greiðslum sem tengja má við mútur og spillingu. Í allri starfsemi bankans er áhersla lögð á fylgni við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem felur í sér að sporna gegn mútum og spillingu.

Eitt af meginmarkmiðum stjórnar Íslandsbanka er stöðug þróun og styrking stjórnarhátta bankans og hefur stjórnin einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum á fjármálamarkaði á hverjum tíma. Þannig er innra regluverk bankans endurskoðað reglulega m.t.t. viðeigandi breytinga í innra og ytra umhverfi bankans. Stjórnin leggur jafnframt ríka áherslu á eftirfylgni með virkri innleiðingu breytinga á innra regluverki og þróun sterkra áhættumenningar. Þá gætir stjórn þess að málefni sem varða stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit fái viðeigandi umfjöllun í stjórn.

Á aðalfundi hvers árs eru kosnir sjö einstaklingar, auk tveggja varamanna, í stjórn bankans til eins árs í senn. Stjórn bankans fer með málefni bankans og er ábyrg fyrir stefnumörkun hans en felur bankastjóra nánari útfærslu og framkvæmd hennar. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé ávallt í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti. Stjórn bankans fylgist jafnframt með framkvæmd á stefnu bankans, hefur eftirlit með bókhaldi og fjárreiðum og tryggir stöðuga virkni innri endurskoðunar, regluvörslu, áhættustýringar og innra eftirlits.

Í samræmi við samþykktir bankans hefur bankinn starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í bankanum á aðalfundi, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Nefndarmenn tilnefningarnefndar skulu vera þrír, auk tveggja varamanna. Tveir nefndarmanna, ásamt einum varamanni, skulu kjörnir af aðalfundi eða öðrum hluthafafundi þar sem kjör nefndarmanna tilnefningarnefndar er á dagskrá, til eins árs í senn. Þriðji nefndarmaður tilnefningarnefndar og varamaður hans skulu vera stjórnarmenn í bankanum og eru þeir skipaðir af stjórn til eins árs í senn. Skipan nefndarinnar og störf hennar skulu vera í samræmi við 53. gr. laga 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Stjórn hefur samþykkt stefnu um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna. Markmið stefnunnar er að stjórn, bankastjóri og lykilstarfsmenn bankans uppfylli á hverjum tíma viðeigandi hæfisskilyrði og að umgjörð um skipun og/eða ráðningar þeirra sé í samræmi við viðeigandi lagakröfur sem gerðar eru til starfsemi bankans. Stefnan kveður m.a. á um að samsetning stjórnar og framkvæmdastjórnar skuli á hverjum tíma vera fjölbreytt m.t.t. menntunar, starfsreynslu, kyns og aldurs. Mannauðssvið upplýsir stjórn árlega um aðgerðir bankans til að framfylgja stefnu bankans um fjölbreytileika.

Skýrsla stjórnar

Núverandi stjórn samanstendur af þremur konum og fjórum körlum. Stjórnarmenn eru á ýmsum aldri og með fjölbreytta menntun, s.s. á sviði hagfræði, verkfræði, lögfræði, fjármála, stjórnunar, viðskiptafræði og verðbréfavíðskipta. Stjórnarmenn hafa einnig víðtæka reynslu úr atvinnulífinu á sviði rekstrar, bankastarfsemi, upplýsingatæknistjórnunar, lögmennsku, endurskoðunar og ráðgjafar.

Undirnefndir stjórnar eru fjórar, allar skipaðar stjórnarmönnum auk eins utanaðkomandi nefndarmanns í stjórnarháttá- og mannauðsnefnd og annars í endurskoðunarnefnd, og starfa þær samkvæmt erindisbréfi frá stjórn og starfsreglum stjórnar. Erindisbréf undirnefnda stjórnar má finna á vefsíðu bankans.

Bankastjóri er ábyrgur fyrir daglegum rekstri bankans og tryggir að starfsemi bankans sé á hverjum tíma í samræmi við samþykktir hans, reglur stjórnar og viðeigandi lög. Bankastjóri skipar framkvæmdastjóra regluvörslu, framkvæmdastjórn bankans og aðrar ráðgefandi nefndir bankastjóra.

Í framkvæmdastjórn bankans eru sjö einstaklingar, þar á meðal bankastjóri, og samanstendur hún af fjórum konum og þremur körlum. Meðlimir framkvæmdastjórnar eru á ýmsum aldri og með fjölbreytta menntun og víðtæka reynslu. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að hafa yfirsýn og samhæfa lykilkætti í starfsemi bankans. Bankastjóri sér til þess að stjórn fái reglulega viðeigandi upplýsingar um fjármál, þróun og rekstur bankans.

Fjármálasvið bankans annast gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem fram koma í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum um reikningsskil lánastofnana, þar sem við á. Áður en árs- og árshlutareikningar eru lagðir fyrir stjórn til samþykktar hefur endurskoðunarnefnd stjórnar yfirfarið reikningsskilin. Þá fjallar endurskoðunarnefnd reglulega um reikningsskil samstæðunnar og leggur mat á innra eftirlit. Stjórnendauppgjör eru lögð fyrir stjórn að lágmarki 10 sinnum á ári. Árs- og árshlutauppgjör samstæðu Íslandsbanka eru birt opinberlega. Ytri endurskoðendur endurskoða ársreikninga móðurfélags og samstæðu, auk ársreikninga mikilvægra dótturfélaga, og kanna hálfársuppgjör samstæðu Íslandsbanka. Á árinu 2025 könnuðu ytri endurskoðendur einnig árshlutauppgjör samstæðunnar fyrir fyrsta ársfjórðung í tengslum við sölu á eignarhlut ríkisins í bankanum.

Nánari lýsing á stjórnarháttum Íslandsbanka er í stjórnarháttayfirlýsingu bankans sem má finna í óendurskoðuðum viðauka við ársreikning samstæðunnar og á heimasíðu bankans, www.islandsbanki.is.

Skýrsla stjórnar

Yfirlýsing stjórnar og bankastjóra

Endurskoðaður ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. fyrir árið 2025 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum um reikningsskil lánastofnana, þar sem við á.

Það er álit okkar að ársreikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af rekstrarafkomu og sjóðstreymi á árinu 2025 og fjárhagsstöðu samstæðunnar þann 31. desember 2025. Það er einnig álit okkar að ársreikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af þróun í rekstri samstæðunnar og fjárhagsstöðu hennar í lok tímabilsins, ásamt því að lýsa helstu áhættu- og óvissupáttum sem samstæðan stendur frammi fyrir.

Það er enn fremur álit okkar að ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2025 auðkenndur sem „549300PZMFIQR79Q0T97-2025-12-31-1-en.zip“ sé í öllum veigamiklum atriðum gerður í samræmi við gildandi reglur um sameiginlegt rafrænt skýrslusnið (e. European Single Electronic Format Regulation, ESEF).

Stjórn og bankastjóri hafa í dag fjallað um ársreikning samstæðu Íslandsbanka fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 12. febrúar 2026

Stjórn:

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður

Stefán Pétursson, varaformaður

Haukur Örn Birgisson

Helga Hlín Hákonardóttir

Margrét Pétursdóttir

Stefán Sigurðsson

Valgerður Hrund Skúladóttir

Bankastjóri:

Jón Guðni Ómarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Íslandsbanka hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Íslandsbanka hf. („bankinn“) fyrir árið 2025. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu bankans 31. desember 2025 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi, lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um reikningsskil lánastofnanna, þar sem við á.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð bankanum í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun samstæðuársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum og höfum uppfyllt aðrar siðferðilegar skyldur okkar í samræmi við þessar reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins nr. 537/2014 og að við erum óháð bankanum við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi bankans þann 21. mars 2024 og höfum verið endurskoðendur bankans samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tökum á þeim við endurskoðun á samstæðuársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Lykilþáttur

Endurskoðunin

Virðisrýmun útlána

Útlán til viðskiptavina nema 1.367.106 milljónum króna eða 79% af heildareignum 31. desember 2025. Færð virðisrýmun útlána og liða utan efnahags nemur 8.613 milljónum króna í árslok 2025.

Mat á virðisrýmun samstæðunnar byggir á spálíkönum bankans samkvæmt IFRS 9 og mati stjórnenda.

Mikilvægustu forsendur sem notaðar eru við mat á virðisrýmun eru:

- Forsendur sem notaðar eru í virðisrýmunarlíkani við mat á mótaðilaáhættu sem tengist áhættu og væntu sjóðsflæði viðskiptavinar.
- Að greina lán með verulega hækkun í mótaðilaáhættu.
- Mat trygginga og forsendur um framtíðarsjóðsflæði af handvirkt virðisrýrðum lánum til viðskiptavina og áhættu utan efnahagsreiknings sem eru virðisrýrð.
- Mat á áhrifum óvissu í efnahagsumhverfi á forsendur útreikninga og mat stjórnenda.

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar útlána til viðskiptavina í efnahagsreikningi, er mat á virðisrýmun útlána lykilþáttur.

Stjórnendur birta upplýsingar um virðisrýmun og mat útlánataps í skýringum 3, 14, 24, 25, 46-50 og 62.3.

Upplýsingatæknikerfi

Vegna mikils fjölda viðskipta í upplýsingakerfum bankans, er fjárhagsupplýsingagjöf bankans mjög háð upplýsingakerfum sem styðja við sjálfvirka bókhalds- og afstemmingarferla. Til að tryggja heild og nákvæmni fjárhagsupplýsinga er nauðsynlegt að eftirlitsþættir vegna viðeigandi aðgangsréttinda, hugbúnaðarþróunar og breytinga sé hannaðir á réttan hátt og virki með skilvirkum hætti.

Vegna mikilvægi gagna frá upplýsingakerfum sem liggja til grundvallar gerð fjárhagsupplýsinga, teljum við áreiðanleika upplýsingakerfa og tengdra ferla lykilþátt í endurskoðun.

Lögð var áhersla á eftirfarandi aðgerðir meðal annars til að bregðast við þessum lykilþætti:

- Prófanir á lykileftirlitsþáttum í útlánaferlinum, þar á meðal ákvörðun um lánveitingar, lánshæfismati og flokkun lána.
- Eftirlitsþættir sem prófaðir voru samanstanda af handvirkum og sjálfvirkum eftirlitsþáttum í tölvukerfum.
- Prófanir á lykileftirlitsþáttum er tengjast matsferli á væntu útlánatapi.
- Yfirfórum reikningsskilaaðferðir bankans sem byggja á IFRS 9 til að meta samkvæmni fylgni bankans við staðalinn.
- Yfirfórum útreikninga stjórnenda á væntu útlánatapi á fyrri árum og bárum saman við raun niðurstöðu.
- Staðfest gögn sem notuð er við útreikninga í matslíkani, þar á meðal efnahagslega þætti, nákvæmni útreikninga og yfirfarið mat stjórnenda. Við nutum aðstoðar sérfræðinga okkar í útlánaáhættulíkönunum við endurskoðunina.

Við höfum lagt mat á þær aðstæður sem birtar eru í skýringum ársreikningsins og hvort þær upplýsingarnar séu nægjanlegar til að lýsa mati stjórnenda.

Lögð var áhersla á eftirfarandi aðgerðir meðal annars til að bregðast við þessum lykilþætti:

- Öðlast skilning á upplýsingatækniumhverfi bankans.
- Prófun á eftirlitsumhverfi upplýsingakerfa, þar með talið vegna aðgangsstýringa, breytingastjórnunar og reksturs upplýsingakerfa.
- Prófun á sjálfvirkum eftirlitsaðgerðum í upplýsingatækniumhverfinu sem styðja við gerð og birtingu fjárhagsupplýsinga.

Við framkvæmd endurskoðunaraðgerða á upplýsingakerfum höfum við notast við sérfræðinga okkar í upplýsingatækni.

Áritun óháðs endurskoðanda

Aðrar upplýsingar

Stjórn og bankastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru óendurskoðuð helstu atriði sem fylgja samstæðuársreikningum og upplýsingar í ársskýrslu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekkert að upplýsa hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og bankastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og bankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi, lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um reikningsskil lánastofnanna og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og bankastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og bankastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits bankans.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og bankastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi bankans. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert bankann órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Skipuleggjum við og framkvæmum endurskoðun samstæðunnar til að afla nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar félaga eða eininga innan samstæðunnar sem grundvöll til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og mati á endurskoðunarvinnu vegna samstæðunnar. Við berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun samstæðuársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Áritun óháðs endurskoðanda

Áritun og staðfesting vegna annarra ákvæða laga og reglna

Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (ESEF reglur)

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi Íslandsbanka hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á því hvort samstæðuársreikningur Íslandsbanka hf. fyrir árið 2025 með skráarheitið „549300PZMFIQR79Q0T97-2025-12-31-1-en.zip“ hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið í samræmi við reglugerð ESB 2019/815 sem inniheldur skilyrði sem tengjast gerð samstæðuársreikningsins á XHTML formi og iXBRL merkingum.

Stjórn og bankastjóri eru ábyrg fyrir gerð samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021. Í því felst meðal annars að útbúa samstæðuársreikninginn á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar ESB 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið.

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu, byggt á gögnum sem við höfum aflað, um hvort samstæðuársreikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með álit okkar. Eðli, tímasetning og umfang vinnunnar byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á hættunni á að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglunum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Íslandsbanka hf. fyrir árið 2025 með skráarheitið „549300PZMFIQR79Q0T97-2025-12-31-1-en.zip“ sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Hrafnhildur Helgadóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun samstæðuársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 12. febrúar 2026

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir

Sigurjón Örn Arnarson

Rekstrarreikningur samstæðunnar

	Skýringar	2025	2024
Vaxtatekjur reiknaðar með aðferð virkra vaxta		129.324	135.278
Aðrar vaxtatekjur		3.648	6.064
Vaxtagjöld		(80.501)	(94.077)
Hreinar vaxtatekjur	7	52.471	47.265
Þóknatekjur		20.129	18.944
Þóknagjöld		(6.030)	(5.822)
Hreinar þóknatekjur	8	14.099	13.122
Hrein fjármagnsgjöld	9	(922)	(338)
Hreinn gengismunur	10	427	607
Aðrar rekstrartekjur*	11	1.165	2.401
Aðrar hreinar rekstrartekjur		670	2.670
Rekstrartekjur samtals		67.240	63.057
Laun og launatengd gjöld	12	(17.804)	(16.329)
Annar rekstrarkostnaður	13	(11.676)	(11.299)
Stjórnvaldssektir		-	(470)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki		(2.084)	(1.900)
Rekstrargjöld samtals		(31.564)	(29.998)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu fjáreigna		35.676	33.059
Hrein virðisbreyting fjáreigna	14	(681)	645
Hagnaður fyrir skatta		34.995	33.704
Tekjuskattur*	15	(9.746)	(9.458)
Hagnaður ársins		25.249	24.246
Hagnaður á hlut			
Hagnaður á hlut og þýntur hagnaður á hlut sem tilheyrir hluthöfum Íslandsbanka hf. (í krónum)	16	13,62	12,53

*Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt. Tekjur að fjárhæð 119 milljónir króna sem voru tekjufærðar í rekstrarreikningi í línunni „Hagnaður af fastafjármunum til sölu, að frádregnum skatti“ í samstæðuársreikningi ársins 2024 hafa verið endurflokkaðar á liðinn „Aðrar rekstrartekjur“ sem „Hreinar tekjur (gjöld) af fullnustueignum“ og tekjuskattur að fjárhæð 32 milljónir króna vegna þessara tekna endurflokkaður í liðinn „Tekjuskattur“.

Skýringar á blaðsíðum 24 til 92 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar

	2025	2024
Hagnaður ársins	25.249	24.246
Hreinar breytingar á gangvirði fjárskulda vegna breytinga á útlánaáhhættu	(1.105)	(746)
Skattur vegna hreinna breytinga á gangvirði fjárskulda vegna breytinga á útlánaáhhættu	229	328
Liðir sem ekki verða endurflokkaðir í rekstrarreikning	(876)	(418)
Býðingarmunur	2	(2)
Hreinar breytingar á gangvirði skuldagerninga á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu	299	240
Endurflokkun skuldagerninga á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í rekstrarreikning	(3)	1
Breytingar á væntu útlánatapi skuldagerninga á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu	1	22
Skattur vegna skuldagerninga á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu	(78)	(71)
Liðir sem geta verið endurflokkaðir í rekstrarreikning	221	190
Önnur heildarafkoma ársins eftir skatta	(655)	(228)
Heildarafkoma ársins	24.594	24.018

Skýringar á blaðsíðum 24 til 92 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

	Skýringar	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	21	80.394	65.716
Útlán til lánastofnana	22	80.009	50.486
Skuldabréf og skuldagerningar	17	151.959	142.618
Afleiðusamningar	23	5.304	5.324
Útlán til viðskiptavina	24	1.367.106	1.295.388
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	17	20.517	24.330
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	26	5.384	4.701
Fjárfestingareignir	27	2.900	2.600
Rekstrarfjármunir	28	4.702	5.039
Ófnislegar eignir	29	2.682	2.684
Aðrar eignir*	30	7.190	8.921
Eignir samtals		1.728.147	1.607.807
Skuldir			
Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum	31	13.250	12.535
Innlán viðskiptavina	32	968.695	926.846
Afleiðusamningar og skortstöður	23	6.183	7.306
Lántaka	34	444.593	367.586
Víkjandi lán	35	40.315	31.695
Skattskuldir	37	12.757	12.916
Aðrar skuldir	38	16.995	21.568
Skuldir samtals		1.502.788	1.380.452
Eigið fé			
Hlutfé		8.900	9.473
Yfirverðsreikningur hlutfjár		42.472	55.000
Varasjóðir		7.201	7.102
Óráðstafað eigið fé		166.786	155.780
Eigið fé samtals		225.359	227.355
Skuldir og eigið fé samtals		1.728.147	1.607.807

*Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt. Heiti liðarins „Fastafjármunir til sölu“ í samstæðuársreikningi ársins 2024 hefur verið breytt í „Fullnustueignir“. Með hliðsjón af mikilvægi hefur samstæðan ákveðið að birta ekki þennan lið í sérstakri línu í efnahagsreikningi. Því hefur liðurinn „Fullnustueignir“ verið endurflokkaður og er nú hluti af liðnum „Aðrar eignir“. Í samstæðuársreikningi 2024 nam fjárhæð „Fastafjármunir til sölu“ 1.617 milljónum króna.

Skýringar á blaðsíðum 24 til 92 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Eiginfjáryfirlit samstæðunnar

	Varasjóðir										
	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lög- bundinn varasjóður	Gangvirðis- breytingar fjáreigna í fjárfest.bók	Eign- færður þróunar- kostnaður	Óinnleystur hagnaður af hlutdeildar- félögum	Skuldagern. á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu	Útlána- áhætta fjár- skulda	Þýð- ingar- munur	Óráð- stafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1. janúar 2024	9.898	55.000	2.500	2.527	1.358	522	-	(1.827)	3	154.712	224.693
Hagnaður ársins										24.246	24.246
Hreinar breytingar á gangvirði fjárskulda vegna breytinga á útlánaáættu								2.115		(2.861)	(746)
Skattur vegna hreinna breytinga á gangvirði fjárskulda vegna breytinga á útlánaáættu ..								(423)		751	328
Þýðingarmunur									(2)		(2)
Hreinar gangvirðisbreytingar skuldagerninga á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu ...							240				240
Endurflokkun skuldagerninga á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í rekstur							1				1
Breytingar á væntu útlánatapi skuldagerninga á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu .							22				22
Skattur vegna skuldagerninga á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu							(71)				(71)
Heildarafkoma ársins	-	-	-	-	-	-	192	1.692	(2)	22.136	24.018
Greiddur arður										(12.303)	(12.303)
Keyptir eigin hlutir	(425)									(8.628)	(9.053)
Aðrar breytingar á bundnum varasjóðum				302	(291)	126				(137)	-
Eigið fé 31. desember 2024	9.473	55.000	2.500	2.829	1.067	648	192	(135)	1	155.780	227.355

Skýringar á blaðsíðum 24 til 92 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Eiginfjáryfirlit samstæðunnar

	Varasjóðir										
	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Lög- bundinn vara- sjóður	Gangvirðis- breytingar fjáreigna í fjárfest.bók	Eign- færður þróunar- kostnaður	Óinnleystur hagnaður af hlutdeildar- félögum	Skuldagern. á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu	Útlána- áhætta fjár- skulda	Þýð- ingar- munur	Óráð- stafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1. janúar 2025	9.473	55.000	2.500	2.829	1.067	648	192	(135)	1	155.780	227.355
Hagnaður ársins										25.249	25.249
Hreinar breytingar á gangvirði fjárskulda vegna breytinga á útlánaáættu								(972)		(133)	(1.105)
Skattur vegna hreinna breytinga á gangvirði fjárskulda vegna breytinga á útlánaáættu ..								194		35	229
Þýðingarmunur									2		2
Hreinar breytingar á gangvirði skuldagerna á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu .							299				299
Endurflokkun skuldagerna á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í rekstur							(3)				(3)
Breytingar á væntu útlánatapi skuldagerna á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu .							1				1
Skattur vegna skuldagerna á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu							(78)				(78)
Heildarafkoma ársins	-	-	-	-	-	-	219	(778)	2	25.151	24.594
Greiddur arður										(12.103)	(12.103)
Keyptir eigin hlutir	(573)									(14.018)	(14.591)
Lækkun hlutfjár		(12.528)	(149)							12.677	-
Gjaldfærslur kaupréttar										104	104
Aðrar breytingar á bundnum varasjóðum				(122)	(291)	1.218				(805)	-
Eigið fé 31. desember 2025	8.900	42.472	2.351	2.707	776	1.866	411	(913)	3	166.786	225.359

Samþykkt og útgefið hlutfé bankans þann 31. desember 2025 nam 1.880.470.770 almennra hluta (árslok 2024: 2.000.000.000), þar sem hver hlutur er að nafnvirði fimm króna. Aðalfundur Íslandsbanka vegna rekstrarársins 2024 var haldinn 31. mars 2025. Á aðalfundinum samþykktu hluthafar tillögu stjórnar um að lækka hlutfé bankans með því að eyða út eigin hlutum að nafnvirði 597.646.150 kr., sem jafngildir 119.529.230 hlutum, við þetta lækkaði hlutfé að nafnvirði úr 10.000.000.000 kr. í 9.402.353.850 kr.

Á aðalfundinum samþykktu hluthafar tillögu stjórnar um að greiða hluthöfum arð að fjárhæð 12.100 milljónum króna, sem jafngildir um 6,46 krónum á hlut (2024: 6,26 krónur á hlut). Arðgreiðslan var greidd 10. apríl 2025.

Bankinn keypti til baka um 114,7 milljónir eigin hluti fyrir 14.591 milljónir króna á árinu 2025 (2024: 85,0 milljónir eigin hluta fyrir 9.053 milljónir króna). Í árslok 2025 átti bankinn 100,5 milljónir eigin hluti (árslok 2024: 105,4 milljónir eigin hlutir).

Við afskráningu (aðallega endurkaup) fjárskulda tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er uppsöfnuð fjárhæð í varasjóði útlánaáættu fjárskulda flutt á óráðstafað eigið fé. Á árinu 2025 voru -98 milljónir króna (2024: -2.110 milljónir króna) færðar á óráðstafað eigið fé við afskráningu fjárskulda tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Skýringar á blaðsíðum 24 til 92 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar

	2025	2024	
Hagnaður ársins	25.249	24.246	
Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé*	(40.026)	(37.278)	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum*	(31.546)	5.644	
Innborgaðar vaxtatekjur	131.785	129.327	
Greiddir vextir**	(74.653)	(94.687)	
Móttekinn arður	1.085	431	
Greiddur sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(1.900)	(1.871)	
Greiddur tekjuskattur og fjársýsluskattur	(9.964)	(9.414)	
Handbært fé frá rekstri	30	16.398	
Keyptar fjárfestingareignir	(25)	(96)	
Seldir rekstrarfjármunir	198	101	
Keyptir rekstrarfjármunir	(484)	(426)	
Eignfærðar óefnislegar eignir	(734)	(501)	
Fjárfestingarhreyfingar	(1.045)	(922)	
Útgefin skuldabréf	143.535	103.756	
Afborganir, uppgreiðslur og endurkaup skuldabréfa	(70.582)	(150.752)	
Afborganir leiguskulda	(589)	(566)	
Greiddur arður	(12.103)	(12.303)	
Keyptir eigin hlutir	(14.591)	(9.053)	
Fjármögnunarhreyfingar	45.670	(68.918)	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé og ígildi þess	44.655	(53.442)	
Áhrif gengisbreytinga	(2.306)	(2.084)	
Handbært fé og ígildi þess í ársbyrjun	83.548	139.074	
Handbært fé og ígildi þess í árslok	125.897	83.548	
Sundurliðun handbærs fjár og ígildis þess	Skýringar		
Handbært fé	21	3.270	3.621
Óbundnar innstæður hjá Seðlabanka Íslands	21	43.414	31.163
Peningamarkaðslán og önnur útlán til lánastofnana	22	72.762	36.686
Bankareikningar sem ekki hafa verið veðsettir sem trygging vegna afleiðugerninga	20, 22	6.451	12.078
Handbært fé og ígildi þess í árslok		125.897	83.548

*Frekari sundurliðun má sjá á næstu síðu.

**Vextir teljast greiddir þegar þeir hafa verið lagðir inn á reikning viðskiptavinar.

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar er gert samkvæmt óbeinni aðferð. Yfirlitið byggir á hreinum hagnaði eftir skatta fyrir árið og sýnir sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum, fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum og breytingar á handbæru fé og ígildi þess.

Samanburðarfrjárhæðum hefur verið breytt. Reikningsskilaaðferðum samstæðunnar varðandi skilgreiningu á handbæru fé og ígildi þess hefur verið breytt. Þessi breyting var gerð til að sjóðstreymisýfirlitið gæfi gleggri mynd af sjóðstreymi samstæðunnar. Áður samanstóð handbært fé og ígildi þess í sjóðstreymi af reiðufé, óbundnum innstæðum hjá Seðlabanka Íslands og óbundnum innstæðum hjá lánastofnunum. Núna samanstendur handbært fé og ígildi þess af handbæru fé, óbundnum innstæðum hjá Seðlabanka Íslands og útlánum til lánastofnana að undanskildum útlánum til lánastofnana sem eru veðsett sem trygging vegna afleiðugerninga. „Handbært fé og ígildi þess í ársbyrjun“ hækkar því um 34.964 milljónir króna (2024: 52.602 milljónir króna) og „Handbært fé og ígildi þess í árslok“ hækkar um 71.966 milljónir króna (2024: 34.964 milljónir króna). Auk þess hefur breytingin áhrif á „Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum“ og þar af leiðandi „Handbært fé frá rekstri“ og „Hækkun (lækkun) á handbæru fé og ígildi þess“. Samanburðartölum hefur einnig verið breytt til að endurspeglar uppfærða aðferðafræði við mat á innborguðum vaxtatekjum. „Innborgaðar vaxtatekjur“ árið 2024 hækka því um 5.646 milljónir króna og „Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum“ lækka um sömu fjárhæð.

Skýringar á blaðsíðum 24 til 92 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar

Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé

	2025	2024
Hreinar vaxtatekjur	(52.471)	(47.265)
Óinnleystur hagnaður (tap) vegna gangvirðisbreytinga fært í rekstrarreikning	(582)	190
Gengismunur	(427)	(607)
Gangvirðisbreytingar fjárfestingareigna	(275)	(1.310)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	(683)	(688)
Kostnaður við kaupréttaráætlun	104	-
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(136)	(24)
Afskriftir og niðurfærslur	1.759	1.662
Sérstakur skattur á fjármálafyriræki	2.084	1.900
Hrein virðisbreyting fjáreigna	820	(578)
Tekjuskattur	9.746	9.426
Aðrar breytingar	35	16
Samtals	(40.026)	(37.278)

Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum

	2025	2024
Bindiskylda og veðsettar innstæður hjá Sí	(2.778)	(11.106)
Útlán til lánastofnana veðsettar sem trygging vegna afleiðugerna	1.031	208
Skuldabréf og skuldagerningar	(8.329)	18.673
Útlán til viðskiptavina	(69.217)	(68.563)
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	3.115	(10.528)
Aðrar eignir	1.715	(2.885)
Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum	749	(3.563)
Innlán viðskiptavina	45.055	78.098
Afleiðusamningar og skortstöður	1.461	426
Aðrar skuldir	(4.348)	4.884
Samtals	(31.546)	5.644

Skýringar á blaðsíðum 24 til 92 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Skýringar	Blaðsíða	Skýringar	Blaðsíða
Almennt			
1 Upplýsingar um félagið	25	29 Óefnislegar eignir	49
2 Grundvöllur reikningsskilanna	25	30 Aðrar eignir	49
3 Verulegt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir	25	31 Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum	50
4 Breytingar á reikningsskilaaðferðum	26	32 Innlán viðskiptavina	50
5 Starfspættir	27	33 Veðsettar eignir	50
		34 Lántaka	51
Skýringar með rekstrarreikningi samstæðunnar		35 Víkjandi lán	52
6 Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað	31	36 Breytingar á skuldum vegna fjármögnunar	52
7 Hreinar vaxtatekjur	32	37 Skatteignir og skattskuldir	53
8 Hreinar þóknunatekjur	32	38 Aðrar skuldir	54
9 Hrein fjármagnsgjöld	33		
10 Hreinn gengismunur	33	Aðrar skýringar	
11 Aðrar rekstrartekjur	34	39 Eignir í vörslu	54
12 Starfsmenn og laun	34	40 Leigusamningar	54
13 Annar rekstrarkostnaður	36	41 Hluthafar Íslandsbanka	55
14 Hrein virðisbreyting fjáreigna	36	42 Upplýsingar um tengda aðila	56
15 Tekjuskattur	37	43 Lögfræðileg mál	57
16 Hagnaður á hlut	37	44 Atburðir eftir reikningsskiladag	58
Skýringar með efnahagsreikningi samstæðunnar		Áhættustýring	
17 Flokkun fjáreigna og fjárskulda	38	45 Áhættustýring	58
18-19 Upplýsingar um gangvirði fjármálagerna	40	46-50 Útlánaáhætta	59
20 Jöfnun fjáreigna og fjárskulda	43	51-53 Lausafjáráhætta	66
21 Handbært fé og innstæður hjá		54-58 Markaðsáhætta	70
Seðlabanka Íslands	43	59 Rekstraráhætta	75
22 Útlán til lánastofnana	43	60-61 Eiginfjárstýring	76
23 Afleiðusamningar og skortstöður	44		
24 Útlán til viðskiptavina	45	Reikningsskilaaðferðir	
25 Vænt útlánatap	45	62 Helstu reikningsskilaaðferðir	78
26 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	47		
27 Fjárfestingareignir	47	Fjárhagsleg hlutföll	
28 Rekstrarfjármunir	48	63 Fjárhagsleg hlutföll	91

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

1. Upplýsingar um félagið

Íslandsbanki hf. (móðurfélagið) var stofnaður þann 8. október 2008 og er hlutafélag með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar bankans eru að Hagasmára 3, 201 Kópavogi.

Ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. fyrir árið 2025 („ársreikningur samstæðunnar“) samanstendur af ársreikningi Íslandsbanka hf. („bankanum“ eða „Íslandsbanka“) og dótturfélaga hans, saman er vísað til þeirra sem „samstæðunnar“. Helstu dótturfélög bankans eru Íslandssjóðir hf. og Allianz Ísland hf., þar að auki hefur Íslandsbanki yfirráð yfir sex öðrum smærri félögum. Öll dótturfélög bankans eru að fullu í eigu bankans.

Samstæðan veitir alhliða fjármálaþjónustu svo sem viðskiptabankaþjónustu, fyrirtækjaþjónustu, fjárfestingarbankaþjónustu, eignastýringu og eignafjármögnun. Starfsemi samstæðunnar fer aðallega fram á Íslandi.

Ársreikningur samstæðunnar var saminn á ensku og samþykktur af stjórn og bankastjóra Íslandsbanka hf. þann 12. febrúar 2026. Sé munur á enskri útgáfu og íslenskri þýðingu þá gildir enska útgáfan.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar var gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum um reikningsskil lánastofnana, þar sem við á.

Ársreikningur samstæðunnar er í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill Íslandsbanka hf. Allar fjárhæðir í íslenskum krónum hafa verið jafnaðar að næstu milljón, nema annað sé tekið fram. Í árslok 2025 var gengi íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadólar 125,20 og gagnvart evru 147,20 (árslok 2024: bandaríkjadólar 138,20 og evra 143,90).

Stjórnendur samstæðunnar hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi og niðurstaða þeirra er sú að samstæðan hafi það sem þarf til áframhaldandi reksturs í fyrirsjáanlegri framtíð. Reikningsskilin byggja þar af leiðandi á þeirri forsendu að ekki leiki vafi um áframhaldandi rekstrarhæfi.

Grundvöllur mats

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs með eftirfarandi undantekningum:

- Eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði: skuldabréf og skuldagerningar, hlutabréf og eiginfjárgerningar, fjárfestingareignir, skortstöður í skráðum skuldabréfum, afleiðusamningar og tiltekin skuldabréf útgefin af samstæðunni.
- Fjárskuldir sem skilgreindar eru sem áhættuvarðir liðir í gangvirðisvarnarsambandi eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði að teknu tilliti til breytinga á gangvirði sem stafa af áhættunni sem verjast skal.
- Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð.

3. Verulegt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Við gerð þessara reikningsskila hafa stjórnendur tekið ákvarðanir sem byggja á mati og gefnum forsendum sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda sem fram koma í reikningsskilunum. Stjórnendur byggja mat sitt á fyrri reynslu og öðrum þáttum sem taldir eru skynsamlegir miðað við aðstæður, en endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun hjá stjórnendum. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað. Helsti óvissuþátturinn er vænt útlánatap.

Virðisrýmun fjáreigna

Meginforsendur í útreikningi á væntu útlánatapi eru:

- Líkur á vanefndum (PD), tap að gefnum vanefndum (LGD) og áhættuskuldbinding við vanefnd (EAD)
- Efnahagslegir þættir sem taka tillit til margvíslegra sviðsmynda sem byggja á fyrirliggjandi upplýsingum
- Mat á verulegri aukningu á útlánaáhættu (SICR)

Vænt útlánatap er reiknað út frá líkönum samstæðunnar um líkur á vanefndum (PD), fjárhæð við vanefndir (EAD) og tapshlutfall (LGD). Mismunandi líkön eru þróuð til að meta sem best útlánaáhættu í hverju safni fyrir sig. Þetta felur til að mynda í sér efnahagslegar breytur, landfræðilegar breytur, breytur sem eru tengdar greiðslusögu og fleiri breytur. Þessar breytur byggja bæði á innri og ytri gögnum. Mat sem þarf að gera til að meta vænt útlánatap innifelur eftirtalin atriði:

- Skilgreina hvað telst vera veruleg aukning á útlánaáhættu
- Ákveða framtíðarsviðsmyndir og hlutfallslegt vægi þeirra
- Velja hvaða líkön og forsendur eru viðeigandi fyrir vænt útlánatap

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

3. Verulegt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir (framhald)

Áhættustefnunefnd ákveður hvaða vægi sviðsmynda endurspeglar best óvissuna í efnahagsumhverfinu fyrir lántaka samstæðunnar og óvissu á alþjóðamörkuðum. Yfirleitt eru sviðsmyndirnar með vægið 25%-50%-25% (bjartsýn, grunnmynd, svartsýn) en ákveðið var að halda væginu óbreyttu 20%-50%-30% í lok árs 2025 eins og það hefur verið síðustu ár, þar sem það endurspeglar betur líkindavegið meðaltal yfir allar sviðsmyndir. Þegar vægi sviðsmyndanna þriggja var ákvarðað notuðu stjórnendur næmisgreiningu sem gaf til kynna að hliðrun um 5% vægi frá grunnsviðsmynd að svartsýnu sviðsmyndinni myndi hækka virðisrýrnun um 220 milljónir króna á meðan 5% hliðrun frá grunnsviðsmynd að bjartsýnu sviðsmyndinni myndi lækka virðisrýrnun um 90 milljónir króna. Vægi sviðsmyndanna er hægt að kvarða línulega sem gerir kleift að framkvæma viðtækari greiningu á virðisrýrnuninni.

Virðisrýrnunarferillinn er hannaður til að vera kerfisbundinn svo hægt sé að beita honum með samræmdum hætti. Fyrir stærsta hluta lánasafnsins notar samstæðan sjálfvirkan feril sem úthlutar fjáreignum á stig og metur vænt útlánatap. Fyrir stór og flókin útlánamál þar sem sjálfvirki ferillinn er ekki viðeigandi leggja sérfræðingar til sérstakan útreikning á væntu tapi og kallast hann „handskráð virðisrýrnun“. Sérhver slík virðisrýrnun er lögð fyrir virðisrýrnunarráð til nýni og samþykktar. Í árslok 2025 voru áhættuskuldbindingar gagnvart nokkrum mótaðilum samtals að fjárhæð 9,3 milljarðar króna (árslok 2024: 7,5 milljarðar króna) metnar með handskráðri virðisrýrnun sem nam 2,7 milljörðum króna (árslok 2024: 1,5 milljarðar króna).

Fjallað er nánar um virðisrýrnun fjáreigna í skýringum 24-25, í skýringum 46-50 um áhættustýringu og í skýringu 62.3.

4. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Tilgangur eftirfarandi breytinga á reikningsskilaaðferðum er að gefa gleggri mynd af framsetningu á ársreikningi samstæðunnar.

Framsetning hagnaðar (taps) af fastafjármunum til sölu hefur verið uppfærð. Áður var þetta sýnt undir liðnum „Hagnaður (tap) af fastafjármunum til sölu, að frádregnum skatti“. Nú er hagnaður (tap) af fastafjármunum til sölu hluti af liðnum „Aðrar rekstrartekjur“ undir heitinu „Hreinar tekjur (gjöld) af fullnustueignum“ og tekjuskattur vegna þessara hreinu tekna er færður undir liðnum „Tekjuskattur“. Í samræmi við þessar breytingar hefur heitinu á „Fastafjármunir til sölu“ verið breytt í „Fullnustueignir“. Með hliðsjón af mikilvægi hefur samstæðan ákveðið að birta ekki þennan lið í sérstakri línu í efnahagsreikningi. Því hefur liðurinn „Fullnustueignir“ verið endurflokkaður og er nú hluti af liðnum „Aðrar eignir“.

Framsetningu bundinna varasjóða samstæðunnar hefur verið uppfærð í eiginfjárfirliti til að veita ítarlegri sundurliðun. Framsetning fyrra tímabils hefur verið uppfærð í samræmi við þessar breytingar.

Reikningsskilaaðferðum samstæðunnar varðandi skilgreiningu á handbæru fé og ígildi þess hefur verið breytt. Áður samanstóð handbært fé og ígildi þess í sjóðstreymi af reiðufé, óbundnum innstæðum hjá Seðlabanka Íslands og óbundnum innstæðum hjá lánastofnunum. Núna samanstendur handbært fé af reiðufé, óbundnum innstæðum hjá Seðlabanka Íslands og útlánum til lánastofnana að undanskildum útlánum til lánastofnana sem eru veðsett sem trygging vegna afleiðugerninga.

Framsetningu vaxtagjalda var uppfærð til að veita ítarlegri sundurliðun á gjöldum, sjá nánar í skýringu 7.

Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem tóku gildi frá og með 1. janúar 2025 höfðu ekki veruleg áhrif á ársreikning samstæðunnar.

Breytingar á reikningsskilastöðlum sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi á reikningsskiladegi

Tveir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og breytingar á nokkrum reikningsskilastöðlum hafa verið gefnar út en hafa ekki tekið gildi. Samstæðan hefur ekki innleitt neina þeirra fyrir gildistíma og hyggst ekki gera það fyrr en þeir taka gildi. Samstæðan gerir einungis ráð fyrir að nýr reikningsskilastaðall, IFRS 18 - Framsetning og skýringar í reikningsskilum, muni hafa veruleg áhrif á ársreikninga samstæðunnar í framtíðinni.

IFRS 18 - Framsetning og skýringar í reikningsskilum, mun taka gildi frá og með 1. janúar 2027 og innleiða nýjar kröfur vegna eftirfarandi:

- Framsetning tilgreindra flokka og skilgreindar millisamtölur í rekstrarreikningi
- Setja fram upplýsingar um stjórnendaskilgreinda árangursmælikvarða (e. MPM) í skýringum með ársreikningum
- Bæta hvaða upplýsingar eru teknar saman og hvaða upplýsingar þarf að sundurliða

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

5. Starfsþættir

Starfsþáttayfirlit er sett fram í samræmi við stjórnskipulag samstæðunnar og innri upplýsingagjöf. Niðurstöður starfsþátta eru kynntar fyrir stjórn og bankastjóra, sem bera ábyrgð á ráðstöfun fjármuna til starfsþátta sem og að leggja mat á rekstrarangur þeirra.

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar, með aðgreinanlegar fjárhagslegar upplýsingar, sem býður fram vörur og þjónustu sem bera tekjur og tilfallandi gjöld, þar með taldar tekjur og gjöld sem tengjast viðskiptum við aðra starfsþætti samstæðunnar. Vörur og þjónusta hvers starfsþátta fela í sér áhættu og umbun, sem getur verið frábrugðin áhættu annarra starfsþátta. Reikningsskilaaðferðir aðgreindra starfsþátta eru í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar. Starfsemi samstæðunnar fer aðallega fram á Íslandi.

Bankinn samanstendur af þremur meginstarfsþáttum: Einstaklingum, Viðskiptabanka, og Fyrirtækjum og fjárfestum. Starfsþættir greiða og móttaka vexti til og frá fjárstýringu til að endurspeglar ráðstöfun fjármagns, fjármögnunarkostnað og viðeigandi áhættuálag. Viðskiptaeiningum er úthlutað eigin fé samkvæmt 1. stoð reglubundinnar eiginfjárkröfu, eiginfjárukum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr.161/2002, ásamt því að vera úthlutað eigin fé samkvæmt 2. stoð þar sem tekið er tillit til innra mats bankans á eiginfjárbörf (ICAAP). Tekjuskatti og bankaskatti er dreift niður á starfsþætti miðað við gildandi skatthlutföll.

Samstæðan starfrækir 12 útibú, þau eru í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Selfossi og Vestmannaeyjum.

Samstæðan samanstendur af eftirfarandi starfsþáttum:

Einstaklingar

Einstaklingssvið býður heildstæða fjármálaþjónustu til einstaklinga, eins og útlán, sparnað og greiðslulausnir. Notkun á stafrænum lausnum hefur aukist í daglegum bankaviðskiptum meðal viðskiptavina, þar á meðal notkun á appinu, netbanka og örugga netspjallinu. Viðskiptavinir geta einnig heimsótt útibú bankans til að fá heildstæða ráðgjöf og haft samband við ráðgjafaver.

Viðskiptabanki

Viðskiptabanki veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum um land allt alhliða fjármálaþjónustu. Ergo, fjármögnunarpjónusta bankans, er einnig hluti af sviðinu. Sviðið veitir viðskiptavinum þjónustu í gegnum fyrirtækjamiðstöðvar og í útibúum sem staðsett eru í nærumhverfi þeirra. Einnig er boðið upp á fjölmargar stafrænar lausnir þar sem fyrirtæki hafa yfirlit yfir bankaviðskipti sín og geta sinnt daglegum rekstri í gegnum netbanka og app.

Fyrirtæki og fjárfestar

Fyrirtæki og fjárfestar bjóða upp á alhliða fjármála- og fjárfestingarbankaþjónustu til stærri fyrirtækja, lífeyrissjóða, sveitarfélaga, verðbréfasjóða, fjárfesta og efnameiri einstaklinga. Sviðið býður upp á verðbréfa- og gjaldeyrisviðskipti, fjárfestingarráðgjöf, fyrirtækjaráðgjöf, lánveitingar og einkabankaþjónustu. Starfsfólk sviðsins þjónustar allar greinar íslensks atvinnulífs, með sérþekkingu á sjávarútvegi, innviðaupbyggingu og ferðaþjónustu. Íslandsbanki hefur mótað skýra stefnu varðandi lánveitingar utan Íslands sem heyrir undir Fyrirtæki og fjárfesta, þar sem m.a. er horft til sjávarútvegs í Norður-Atlantshafi.

Fjárstýring og eigin viðskipti

Hlutverk fjárstýringar er að fjármagna starfsemi bankans og ákvarða innri vexti. Fjárstýring ber jafnframt ábyrgð á stýringu efnahagsreiknings bankans og er tengiliður bankans við skuldabréfafjárfesta, fjármálastofnanir, kauphallir og lánshæfismatsfyrirtæki. Eigið fé sem ekki hefur verið úthlutað til viðskiptaeininga tilheyrir fjárstýringu. Innan eigin viðskipta eru viðskipti með hlutabréf og skuldabréf í veltubók og fjárfestingarbók.

Stoðeiningar

Stoðeiningar samstæðunnar samanstanda af stafrænni þróun og gagnastýringu, fjármálum (fyrir utan fjárstýringu og eigin viðskipti), áhættustýringu, regluvörslu, skrifstofu bankastjóra, mannauð og innri þjónustu, og lögfræðisviði. Innri endurskoðun er hluti af stoðeiningum en er sjálfstæð eining sem heyrir undir stjórn bankans.

Dótturfélög, jöfnunarfærslur og breytingar

Dótturfélög bankans eru Íslandssjóðir hf., Allianz Ísland hf., og önnur smærri dótturfélög. Allar jöfnunarfærslur eru í dálknum „Jöfnunarfærslur og breytingar“.

Eftirfarandi er yfirlit um rekstur og efnahag samstæðunnar með sundurliðun eftir starfsþáttum. Hreinar vaxtatekjur fyrir starfsþættina eru sýndar þar sem vextir mynda megnið af starfsþáttatekjum og stjórnendur meta frammistöðu aðallega út frá hreinum vaxtatekjum.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

5. Starfspættir (framhald)

2025	Einstaklingar	Viðskipta- banki	Fyrirtæki og fjár- festar	Fjárfstýring og eigin viðskipti	Stoð- einingar	Íslandsbanki samts	Dótturfélög, jöfnunar- færslur og breytingar	Samstæðan samts
Hreinar vaxtatekjur (vaxtagjöld)	17.991	19.586	13.697	1.421	(413)	52.282	189	52.471
Hreinar þóknatekjur (þóknagjöld)	4.299	2.051	5.126	(157)	(7)	11.312	2.787	14.099
Aðrar hreinar rekstrartekjur	79	(19)	1.376	(262)	317	1.491	(821)	670
Rekstrartekjur samts	22.369	21.618	20.199	1.002	(103)	65.085	2.155	67.240
Laun og launatengd gjöld	(2.772)	(2.374)	(2.304)	(328)	(8.874)	(16.652)	(1.152)	(17.804)
Annar rekstrarkostnaður	(2.666)	(1.260)	(1.260)	(460)	(5.823)	(11.469)	(207)	(11.676)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(920)	(506)	(564)	(80)	(14)	(2.084)	-	(2.084)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(239)	(91)	(339)	(13)	-	(682)	1	(681)
Kostnaðardreifing	(5.996)	(5.057)	(4.308)	566	14.795	-	-	-
Hagnaður (tap) fyrir skatta	9.776	12.330	11.424	687	(19)	34.198	797	34.995
Tekjuskattur	(2.781)	(3.337)	(3.115)	(108)	-	(9.341)	(405)	(9.746)
Hagnaður (tap) ársins	6.995	8.993	8.309	579	(19)	24.857	392	25.249
Rekstrartekjur frá ytri viðskiptavinum	23.284	25.018	31.069	(14.546)	260	65.085	2.155	67.240
Rekstrartekjur frá öðrum starfspáttum	(915)	(3.400)	(10.870)	15.548	(363)	-	-	-
Þóknatekjur	8.689	2.311	5.513	304	-	16.817	3.312	20.129
Afskriftir og niðurfærslur	(203)	(51)	(10)	-	(1.447)	(1.711)	(48)	(1.759)
31. desember 2025								
Útlán til viðskiptavina	630.788	346.943	387.476	1.899	-	1.367.106	-	1.367.106
Aðrar eignir	3.978	1.703	1.268	342.241	9.773	358.963	2.078	361.041
Eignir starfspáttar samts	634.766	348.646	388.744	344.140	9.773	1.726.069	2.078	1.728.147
Innlán viðskiptavina	524.781	288.142	148.732	10.160	-	971.815	(3.120)	968.695
Aðrar skuldir	3.033	2.870	3.778	516.573	6.049	532.303	1.790	534.093
Skuldir starfspáttar samts	527.814	291.012	152.510	526.733	6.049	1.504.118	(1.330)	1.502.788
Úthlutað eigið fé	46.965	55.352	70.303	48.023	1.308	221.951	3.408	225.359
Áhættugrunnur	221.633	306.872	430.188	60.696	8.542	1.027.931	5.857	1.033.788

Efnahagsliðir starfspátta eru við utanaðkomandi viðskiptavini og innihalda ekki innri viðskipti sem útskýrir mismuninn í heildareignum, heildarskuldum og eigin fé.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

5. Starfsþættir (framhald)

			Fyrirtæki og fjár- festar	Fjárfstýring og eigin viðskipti	Stoð- einingar	Íslandsbanki samts	Dótturfélög, jöfnunar- færslur og breytingar	Samstæðan samts
2024	Einstaklingar	Viðskipta- banki						
Hreinar vaxtatekjur (vaxtagjöld)	15.849	18.736	13.661	(842)	(413)	46.991	274	47.265
Hreinar þóknanatekjur (þóknanagjöld)	3.983	2.020	4.497	(21)	(98)	10.381	2.741	13.122
Aðrar hreinar rekstrartekjur*	(16)	63	1.433	1.539	232	3.251	(581)	2.670
Rekstrartekjur samts	19.816	20.819	19.591	676	(279)	60.623	2.434	63.057
Laun og launatengd gjöld	(2.763)	(2.349)	(2.273)	(324)	(7.556)	(15.265)	(1.064)	(16.329)
Annar rekstrarkostnaður*	(2.716)	(1.304)	(1.204)	(454)	(5.452)	(11.130)	(169)	(11.299)
Stjórnvaldssektir	-	-	-	-	(470)	(470)	-	(470)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(889)	(471)	(533)	6	(13)	(1.900)	-	(1.900)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	660	(984)	944	25	-	645	-	645
Kostnaðardreifing	(5.450)	(4.364)	(3.840)	536	13.118	-	-	-
Hagnaður (tap) fyrir skatta	8.658	11.347	12.685	465	(652)	32.503	1.201	33.704
Tekjuskattur*	(2.577)	(3.191)	(3.556)	61	160	(9.103)	(355)	(9.458)
Hagnaður (tap) ársins	6.081	8.156	9.129	526	(492)	23.400	846	24.246
Rekstrartekjur frá ytri viðskiptavinum	20.453	23.859	30.153	(13.899)	57	60.623	2.434	63.057
Rekstrartekjur frá öðrum starfsþáttum	(637)	(3.040)	(10.562)	14.575	(336)	-	-	-
Þóknanatekjur	8.307	2.244	4.741	281	(2)	15.571	3.373	18.944
Afskriftir og niðurfærslur	(183)	(59)	(6)	-	(1.397)	(1.645)	(17)	(1.662)
31. desember 2024								
Útlán til viðskiptavina	608.766	323.824	362.692	106	-	1.295.388	-	1.295.388
Aðrar eignir	3.654	1.618	4.784	291.344	9.180	310.580	1.839	312.419
Eignir starfsþáttar samts	612.420	325.442	367.476	291.450	9.180	1.605.968	1.839	1.607.807
Innlán viðskiptavina	486.235	277.186	147.394	18.820	-	929.635	(2.789)	926.846
Aðrar skuldir	3.404	3.997	10.536	428.420	5.635	451.992	1.614	453.606
Skuldir starfsþáttar samts	489.639	281.183	157.930	447.240	5.635	1.381.627	(1.175)	1.380.452
Úthlutað eigið fé	44.719	51.133	65.596	61.675	1.218	224.341	3.014	227.355
Áhættugrunnur	275.836	308.573	394.601	50.434	7.108	1.036.552	4.420	1.040.972

*Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt. Tekjur að fjárhæð 119 milljónir króna sem voru tekjufærðar í rekstrarreikningi í línunni „Hagnaður af fastafjármunum til sölu, að frádregnum skatti“ í samstæðuársreikningi ársins 2024 hafa verið endurflokkaðar á liðinn „Aðrar rekstrartekjur“ og tekjuskattur að fjárhæð 32 milljónir króna vegna þessara tekna endurflokkaður á liðinn „Tekjuskattur“.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

5. Starfsþættir (framhald)

Dótturfélög, jöfnunarfærslur og breytingar

2025	Íslands- sjóðir hf.	Allianz Ísland hf.	Önnur dótturfélög	Jöfnunar- færslur og breytingar	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	10	171	4	4	189
Hreinar þóknanatekjur (þóknanagjöld)	1.438	1.369	-	(20)	2.787
Aðrar hreinar rekstrartekjur	(53)	(17)	542	(1.293)	(821)
Rekstrartekjur samtals	1.395	1.523	546	(1.309)	2.155
Laun og launatengd gjöld	(820)	(265)	(67)	-	(1.152)
Annar rekstrarkostnaður	(248)	(240)	(437)	718	(207)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	1	-	-	-	1
Hagnaður (tap) fyrir skatta	328	1.018	42	(591)	797
Tekjuskattur	(66)	(206)	(9)	(124)	(405)
Hagnaður ársins fyrir hagnað af fastafjármunum til sölu	262	812	33	(715)	392
Rekstrartekjur frá ytri viðskiptavinum	1.742	1.347	11	(945)	2.155
Rekstrartekjur frá öðrum starfsþáttum	(347)	176	535	(364)	-
Þóknanatekjur	2.009	1.890	-	(587)	3.312
Afskriftir og niðurfærslur	-	(33)	(3)	(12)	(48)
31. desember 2025					
Eignir samtals	2.060	3.534	2.482	(5.998)	2.078
Skuldir samtals	316	1.288	65	(2.999)	(1.330)
Eigið fé samtals	1.744	2.246	2.417	(2.999)	3.408

2024	Íslands- sjóðir hf.	Allianz Ísland hf.	Önnur dótturfélög	Jöfnunar- færslur og breytingar	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	16	163	91	4	274
Hreinar þóknanatekjur (þóknanagjöld)	1.342	1.412	(45)	32	2.741
Aðrar hreinar rekstrartekjur	177	35	473	(1.266)	(581)
Rekstrartekjur samtals	1.535	1.610	519	(1.230)	2.434
Laun og launatengd gjöld	(739)	(247)	(78)	-	(1.064)
Annar rekstrarkostnaður	(249)	(204)	(404)	688	(169)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	547	1.159	37	(542)	1.201
Tekjuskattur	(115)	(236)	(4)	-	(355)
Hagnaður ársins fyrir hagnað af fastafjármunum til sölu	432	923	33	(542)	846
Rekstrartekjur frá ytri viðskiptavinum	1.906	1.463	11	(946)	2.434
Rekstrartekjur frá öðrum starfsþáttum	(371)	147	508	(284)	-
Þóknanatekjur	1.897	2.040	-	(564)	3.373
Afskriftir og niðurfærslur	-	(2)	(4)	(11)	(17)
31. desember 2024					
Eignir samtals	2.198	3.102	2.401	(5.862)	1.839
Skuldir samtals	287	1.228	59	(2.749)	(1.175)
Eigið fé samtals	1.911	1.874	2.342	(3.113)	3.014

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

6. Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað

	Fyrsti árs- fjórðungur	Annar árs- fjórðungur	Þriðji árs- fjórðungur	Fjórði árs- fjórðungur	Samtals
2025					
Vaxtatekjur reiknaðar með aðferð virkra vaxta	32.869	34.609	32.507	29.339	129.324
Aðrar vaxtatekjur	1.081	1.048	839	680	3.648
Vaxtagjöld	(21.011)	(21.776)	(20.086)	(17.628)	(80.501)
Þóknatekjur	4.627	4.979	4.706	5.817	20.129
Þóknagjöld	(1.560)	(1.359)	(1.477)	(1.634)	(6.030)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(986)	13	(353)	404	(922)
Hreinn gengismunur	47	71	152	157	427
Aðrar rekstrartekjur*	463	131	124	447	1.165
Laun og launatengd gjöld	(4.489)	(4.412)	(3.793)	(5.110)	(17.804)
Annar rekstrarkostnaður	(2.907)	(2.849)	(2.686)	(3.234)	(11.676)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(500)	(513)	(549)	(522)	(2.084)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(3)	402	7	(1.087)	(681)
Hagnaður fyrir skatta	7.631	10.344	9.391	7.629	34.995
Tekjuskattur*	(2.422)	(3.152)	(2.490)	(1.682)	(9.746)
Hagnaður tímabilsins	5.209	7.192	6.901	5.947	25.249

*Gjöld að fjárhæð 4 milljónir króna fyrir fyrsta ársfjórðung, 12 milljónir króna fyrir annan ársfjórðung og tekjur að fjárhæð 9 milljónir króna fyrir þriðja ársfjórðung sem voru færð á liðinn „Hagnaður (tap) af fastafjármunum til sölu“ í árshlutareikningum samstæðunnar árið 2025 hafa verið endurflokkuð á liðinn „Aðrar rekstrartekjur“. Tilheyrandi tekjuskattur var endurflokkaður sem hluti af „Tekjuskattur“.

	Fyrsti árs- fjórðungur	Annar árs- fjórðungur	Þriðji árs- fjórðungur	Fjórði árs- fjórðungur	Samtals
2024					
Vaxtatekjur reiknaðar með aðferð virkra vaxta	34.162	37.619	34.093	29.404	135.278
Aðrar vaxtatekjur	2.461	1.391	1.113	1.099	6.064
Vaxtagjöld	(24.501)	(26.519)	(23.429)	(19.628)	(94.077)
Þóknatekjur	4.469	4.664	4.649	5.162	18.944
Þóknagjöld	(1.459)	(1.455)	(1.353)	(1.555)	(5.822)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(236)	(499)	228	169	(338)
Hreinn gengismunur	196	174	124	113	607
Aðrar rekstrartekjur*	1.100	165	359	777	2.401
Laun og launatengd gjöld	(4.168)	(4.130)	(3.787)	(4.244)	(16.329)
Annar rekstrarkostnaður	(2.942)	(2.916)	(2.585)	(2.856)	(11.299)
Stjórnvaldssektir	-	(470)	-	-	(470)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(493)	(459)	(494)	(454)	(1.900)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(704)	137	860	352	645
Hagnaður fyrir skatta	7.885	7.702	9.778	8.339	33.704
Tekjuskattur*	(2.468)	(2.436)	(2.498)	(2.056)	(9.458)
Hagnaður tímabilsins	5.417	5.266	7.280	6.283	24.246

Jöfnun skatteigna á móti tekjuskatts- skuldbindingu sömu skattaðila					(703)	703
Skatteign og tekjuskattsskuldbinding	(1.130)	153	194	(783)	151	(934)

2024	Staða 31. desember					
	Staða 1. janúar	Fært í rekstrar- reikning	Fært á eigið fé	Staða í árslok	Tekjuskatts- Skatteign	skuldbinding
Varanlegir rekstrarfjármunir	(855)	87	-	(768)	-	(768)
Óefnislegar eignir	(385)	88	-	(297)	-	(297)
Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum	(424)	100	-	(324)	-	(324)
Frestaður gengismunur	(827)	(117)	-	(944)	-	(944)
Afleiðusamningar	(235)	508	-	273	273	-
Leiguskuldir	741	(67)	-	674	674	-
Lántaka	41	529	(444)	126	126	-
Aðrir liðir	122	8	-	130	130	-
	(1.822)	1.136	(444)	(1.130)	1.203	(2.333)
Jöfnun skatteigna á móti tekjuskatts- skuldbindingu sömu skattaðila					(1.039)	1.039
Skatteign og tekjuskattsskuldbinding	(1.822)	1.136	(444)	(1.130)	164	(1.294)

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

38. Aðrar skuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Áfallinn kostnaður	3.655	2.741
Leiguskuldir	3.036	3.391
Vænt útlánatap vegna lánsloforða og fjárhagslegra ábyrgða utan efnahags	966	910
Fjármagnstekjuskattur	5.064	6.302
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	1.623	5.298
Ýmsar skuldir	2.651	2.926
Aðrar skuldir	16.995	21.568

39. Eignir í vörslu

	31.12.2025	31.12.2024
Eignir í vörslu - ekki stýrt af samstæðunni	3.802.565	3.873.964

40. Leigusamningar

Samstæðan sem leigutaki

Helstu leigusamningar samstæðunnar eru vegna leigu á skrifstofuhúsnæði, útibúum og geymsluplássi. Leigusamningar samstæðunnar eru flestir verðtryggðir með líftíma til 5-10 ára með framlengingarákvæðum. Leigusamningar eru færðir á efnahag að undanskildum skammtímaleigusamningum og samningum um leigu eigna með lágt virði. Á árinu 2025 nam gjaldfærsla vegna skammtímaleigusamninga og leigueigna með lágt virði 79 milljónum króna (2024: 68 milljónir króna), heildargreiðslur vegna leigusamninga námu 741 milljón króna (2024: 709 milljónir króna) og heildarvextir af leiguskuldum námu 71 milljón króna (2024: 76 milljónir króna).

Í árslok 2025 er nýtingarréttur eigna að fjárhæð 2.882 milljónir króna færður undir liðinn „Rekstrarfjármunir“ og leiguskuldir að fjárhæð 3.036 milljónir króna eru færðar undir liðinn „Aðrar skuldir“.

Samstæðan sem leigusali

Hrein fjárfesting í kröfum vegna fjármögnunarleigu

	31.12.2025	31.12.2024
Á gjalddaga innan árs	26.015	26.677
Á gjalddaga eftir 1 til 2 ár	20.241	20.907
Á gjalddaga eftir 2 til 3 ár	16.444	15.573
Á gjalddaga eftir 3 til 4 ár	11.357	11.028
Á gjalddaga eftir 4 til 5 ár	4.461	3.812
Á gjalddaga eftir meira en 5 ár	1.542	2.222

Verg fjárfesting í fjármögnunarleigu	80.060	80.219
---	---------------	---------------

Á gjalddaga innan árs	20.471	20.339
Á gjalddaga eftir 1 til 2 ár	16.473	16.687
Á gjalddaga eftir 2 til 3 ár	14.198	13.054
Á gjalddaga eftir 3 til 4 ár	10.312	9.866
Á gjalddaga eftir 4 til 5 ár	4.117	3.397
Á gjalddaga eftir meira en 5 ár	1.405	1.937

Núvirði leigugreiðslna*	66.976	65.280
--------------------------------	---------------	---------------

Framtíðar vaxtatekjur	13.084	14.939
------------------------------	---------------	---------------

*Samstæðan færir kröfur vegna fjármögnunarleigu undir liðinn „Útlán til viðskiptavina“.

Vænt útlánatap	490	354
Vaxtatekjur af fjármögnunarleigu á árinu	6.920	7.912

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

41. Hluthafar Íslandsbanka

Eftirfarandi tafla sýnir stærstu hluthafa Íslandsbanka að teknu tilliti til eigin hluta.

		31.12.2025	31.12.2024
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	Ísland	8,9%	8,0%
Gildi lífeyrissjóður	Ísland	8,0%	7,2%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	Ísland	6,9%	5,8%
Capital Group	Bandaríkin	5,7%	5,3%
Vanguard	Bandaríkin	4,5%	2,4%
Brú lífeyrissjóður	Ísland	4,5%	3,9%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	Ísland	2,8%	1,5%
Kvika banki hf.	Ísland	2,1%	0,0%
Stapi lífeyrissjóður	Ísland	1,9%	1,1%
Birta lífeyrissjóður	Ísland	1,7%	1,6%
Lífswerk lífeyrissjóður*	Ísland	1,5%	1,2%
Almenni lífeyrissjóðurinn*	Ísland	1,2%	1,1%
Festa lífeyrissjóður	Ísland	1,1%	1,2%
Íslenska ríkið	Ísland	0,0%	44,9%
Aðrir hluthafar		49,2%	14,8%
Samtals		100,0%	100,0%

*Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífswerk lífeyrissjóður sameinuðust undir heitinu Almenni - Lífswerk lífeyrissjóður frá og með 1. janúar 2026.

Þann 31. desember 2025 voru hluthafar bankans 25.302 (árslok 2024: 9.961) og var 85,4% af hlutafé í bankanum í eigu innlendra aðila (árslok: 2024: 90,1%) og 14,6% í eigu alþjóðlegra fjárfesta (árslok 2024: 9,9%). Þann 31. desember 2025 nam hlutafjáreign starfsfólks samstæðunnar og stjórnarmanna og aðilum tengdum þeim 0,39% af hlutafé í bankanum (árslok 2024: 0,13%). Heiðar Guðjónsson var kjörinn stjórnarformaður á hluthafafundi 19. janúar 2026. Þann 31. desember 2025 áttu Heiðar Guðjónsson og tengdir aðilar 1,00% af hlutafé í bankanum.

Eigin bréf voru samtals 100,5 milljónir hluta, sem jafngilda 5,35% af útgefnu hlutafé (árslok 2024: 105,4 milljónir hluta, eða 5,27% af útgefnu hlutafé). Hluthafar samþykktu tillögu stjórnar á aðalfundi 31. mars 2025 um lækkun hlutafjár bankans, sjá nánar í eiginfjárfirliti bankans.

Raunverulegir eigendur

Stjórn innlendra lífeyrissjóða, innlendra sjóðstýringarféлага og erlendra hluthafa er álitin raunverulegur eigandi hlutaðeigandi aðila. Upplýsingar um eignarhlut einstakra sjóðstýringarféлага eru birtar sameiginlega undir nafni rekstrarfélags þeirra.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

42. Upplýsingar um tengda aðila

Íslenska ríkið, sem var skilgreint sem tengdur aðili, var stærsti hluthafinn og hafði veruleg áhrif á Íslandsbanka þar til í maí 2025 þegar Íslenska ríkið seldi hlut sinn í bankanum. Bankasýsla ríkisins fór með eignarhlut ríkisins þar til hún var lögð niður þann 1. janúar 2025. Í kjölfarið fór fjármála- og efnahagsráðuneytið með eignarhlut ríkisins þar til sölunni á hlut ríkisins lauk í maí 2025.

Þar af leiðandi voru Íslenska ríkið og Bankasýsla ríkisins (þar til hún var lögð niður) skilgreind sem tengdir aðilar þar til sölunni á hlut ríkisins var lokið. Bankinn nýtti sér undanþágu fyrir félög tengd hinu opinbera, samkvæmt IAS 24, og taldi viðskipti við þau ekki meðal tengdra aðila.

Stjórn og lykilstjórnendur ásamt nánnum fjölskyldumeðlimum framangreindra einstaklinga sem og lögaðilar undir þeirra yfirráðum eru skilgreind sem tengdir aðilar. Hlutdeildarfélög bankans ásamt Bankasýslu ríkisins (þar til hún var lögð niður) eru jafnframt skilgreind sem tengdir aðilar.

Vörur og þjónusta bankans standa ríkissjóði og fyrirtækjum í eigu ríkissjóðs til boða í samkeppni við aðra söluaðila og á almennt viðurkenndum viðskiptakjörum. Á svipaðan hátt kaupir bankinn vörur og þjónustu af fyrirtækjum í eigu ríkissjóðs á almennt viðurkenndum viðskiptakjörum. Viðskipti við tengda aðila, þar á meðal vaxtakjör og tryggingar, voru gerð á grundvelli viðskipta milli ótengdra aðila.

Eftirfarandi töflur sýna stöður og viðskipti við tengda aðila.

	Nýtingar- réttur eigna	Útlán til viðskipta- vina	Skuldir	Lánsloforð Staða og ábyrgðir	
31. desember 2025					
Stjórn, lykilstjórnendur og aðrir tengdir aðilar	-	992	570	422	70
Hlutdeildarfélög	2.476	3.459	2.783	3.152	155
Staða við tengda aðila	2.476	4.451	3.353	3.574	225

	Vaxtatekjur	Vaxtagjöld	Aðrar tekjur	Önnur gjöld	
2025					
Stjórn, lykilstjórnendur og aðrir tengdir aðilar	79	31	2	27	
Hlutdeildarfélög	456	21	2	2.023	
Viðskipti við tengda aðila	535	52	4	2.050	

	Nýtingar- réttur eigna	Útlán til viðskipta- vina	Skuldir	Lánsloforð Staða og ábyrgðir	
31. desember 2024					
Stjórn, lykilstjórnendur og aðrir tengdir aðilar	-	840	640	200	73
Hlutdeildarfélög	2.786	4.703	3.624	3.865	157
Staða við tengda aðila	2.786	5.543	4.264	4.065	230

	Vaxtatekjur	Vaxtagjöld	Aðrar tekjur	Önnur gjöld	
2024					
Stjórn, lykilstjórnendur og aðrir tengdir aðilar	93	45	2	41	
Hlutdeildarfélög	551	38	1	2.158	
Viðskipti við tengda aðila	644	83	3	2.199	

Í árslok 2025 nam vænt útlánatap vegna krafna á tengda aðila 1 milljón króna á stigi 1 (árslok 2024: 1 milljón króna). Starfskjör tengdra aðila eru tilgreind í skýringu 12.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

43. Lögfræðileg mál

Bankinn og dótturfélög hans kunna á hverjum tíma að eiga aðild að dómsmálum eða stjórnsýslumálum sem stafa af daglegri starfsemi. Önnur mál, en þau sem eru talin hér að neðan, eru talin hafa óverulega þýðingu fyrir samstæðuna.

Neytendasamtökin

Í desember 2021 höfðu þeir viðskiptavinir Íslandsbanka, með stuðningi Neytendasamakanna, mál á hendur bankanum varðandi lögmæti skilmála um breytilega vexti í húsnæðislánum þeirra hjá bankanum. Tvö þessara mála varða verðtryggð lán sem innihalda sams konar ákvæði um vaxtaendurskoðun og dæmt var ólögmætt með dómi Hæstaréttar árið 2016. Í kjölfar dómsins endurgreiddi bankinn þeim viðskiptavinum sem höfðu ofgreitt vexti miðað við forsendur dómsins og færði vexti lánanna í upprunalegt horf. Nýjar kröfur vegna umræddra lána byggja á því að í stað upphaflegra vaxta eigi lánin í staðinn að bera vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Öðru málinu lauk með dómi Landsréttar, þann 13. febrúar 2025, þar sem öllum kröfum gegn bankanum var hafnað en málsmeðferð í hinu málinu verður haldið áfram. Þann 22. desember 2025 féll dómur í Hæstarétti þar sem annar banki var sýknaður af sambærilegum kröfum lántaka og eiga við í þessu máli. Eins og fram hefur komið í fyrri ársreikningum bankans telur bankinn kröfurnar óréttmætar og hefur ekki fært skuldbindingu í tengslum við málin. Í ljósi dóma Landsréttar og Hæstaréttar í fyrrnefndum málum telur bankinn nú hverfandi líkur á óhagfelldri niðurstöðu.

Þriðja málið sneri að óverðtryggðum húsnæðisláni með breytilegum vöxtum, þar sem stefnendur héldu því fram að skilmálar lánsins um vaxtabreytingar væru ógildir. Fjárröfum í málinu var hafnað bæði í Héraðsdómi og Hæstarétti, þó Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að ákveðnir hlutar skilmálans um breytingar á vöxtum væru óljósir og ógildir. Í kjölfar dóms Hæstaréttar færði bankinn skuldbindingu að fjárhæð 550 milljónir í þriðja ársfjórðungi 2025 vegna óvissu um lögmæti vaxtaákvæðana sinna í fortíðinni. Síðar, þann 22. desember 2025, féll dómur Hæstaréttar í sambærilegu máli, sem varðaði annan banka, þar sem skýrt var að enda þótt skilmáli um heimild bankans til vaxtabreytinga hafi verið dæmdur ógildur að hluta, þannig að eingöngu vísun til stýrivaxta Seðlabankans standi eftir sem viðmiðun, sé lánveitendum ekki skylt að fylgja breytingum á stýrivöxtum Seðlabankans nákvæmlega eða tafarlaust, svo framarlega sem vaxtabreytingar byggjast á gildum ástæðum og rúmist innan þess svigrúms sem Hæstiréttur sagði lánveitendur hafa til vaxtabreytinga. Bankinn hefur farið yfir ákvarðanir sínar um breytingar á óverðtryggðum vöxtum neytendalána á liðnum árum og telur þær rúmast innan þess svigrúms sem bankinn hefur samkvæmt dómum Hæstaréttar. Í ljósi þess á óvissa vegna málsins ekki lengur við og bakfærði bankinn, nú á fjórða ársfjórðungi, áðurnefnda skuldbindingu sem færð var vegna málsins í þriðja ársfjórðungi 2025.

Þótt þessir dómur Hæstaréttar varði óverðtryggð húsnæðislán með breytilegum vöxtum, kunna þeir að hafa áhrif á hvernig sambærilegir skilmálar í verðtryggðum húsnæðislánum og öðrum neytendalánum eru túlkaðir. Á þessum tímavarki hefur engum dómsmálum verið hrundið af stað vegna slíkra lána og ekki er unnt að leggja áreiðanlegt mat á líkur eða fjárhagsleg áhrif óhagfelldrar niðurstöðu varðandi verðtryggð lán. Bankinn hefur ekki fært skuldbindingu vegna þess.

105 Miðborg slhf. – ÍAV hf.

105 Miðborg slhf. er sérhæfður sjóður í stýringu hjá Íslandssjóðum hf., dótturfélagi í fullri eigu Íslandsbanka. Í febrúar 2021 rifti 105 Miðborg verksamningi við ÍAV hf., um byggingu fasteigna við Kirkjusand í Reykjavík. Riftunin byggði á meintum vanefndum og töfum við byggingu fasteignar við Kirkjusand. Verktakinn, ÍAV, hefur krafist rúmlega 3.829 milljóna króna auk dráttarvaxta og lögfræðikostnaðar úr hendi 105 Miðborgar og Íslandssjóða í skaðabætur fyrir meinta ólögmæta riftun. Málið var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þann 11. maí 2021. Þá hefur 105 Miðborg höfðað mál á hendur ÍAV og krafist um 3.878 milljóna króna auk dráttarvaxta og lögfræðikostnaðar fyrir meintar tafir og verulegar vanefndir á verksamningi. Samstæðan á 8,25% eignarhlut í 105 Miðborg. Samstæðan hefur ekki fært skuldbindingu í tengslum við þetta mál.

EC Clear ehf.

Í ágúst 2021 höfðaði EC Clear ehf., fyrrum eigandi færsluhirðingarfyrirtækis, dómsmál sameiginlega gegn bankanum og fjórum öðrum fjármálastofnunum þar sem krafist var greiðslu skaðabóta að fjárhæð 923 milljónum króna auk vaxta frá júní 2013 vegna tjóns sem færsluhirðingarfyrirtækið taldi sig hafa orðið fyrir vegna meintra brota stefndu á samkeppnislögum á árunum 2003 til 2013. Þetta var í sjötta sinn sem reynt hefur verið að höfða sambærileg dómsmál en fyrri málum hefur öllum verið vísað frá. Þann 30. september 2022 vísaði Héraðsdómur málinu frá. Þann 10. janúar 2023 felldi Landsréttur úrskurð Héraðsdóms úr gildi að hluta og lagði fyrir Héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Ekki liggur fyrir hvenær aðalmeðferð fer fram. Bankinn hefur ekki fært skuldbindingu í tengslum við málið.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

43. Lögfræðileg mál (framhald)

Borgun hf. – mál Landsbankans hf.

Eins og fram hefur komið í fyrri ársreikningum bankans var Borgun hf. (nú Teyja Iceland hf.), fyrrum dótturfélag Íslandsbanka, aðili að dómsmáli við Landsbankann hf. vegna sölu á hlutum í Borgun hf. Málið laut að skaðabótakröfu Landsbankans sem byggði á því að skort hafi á upplýsingar í reikningsskilum Borgunar, sem að sögn Landsbankans hefði haft áhrif á verðmæti Borgunar við sölu á hlutum Landsbankans í félaginu. Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði kröfum Landsbankans og var sú niðurstaða staðfest af Landsrétti. Hæstiréttur hafnaði beiðni Landsbankans um áfrýjunarleyfi þann 13. maí 2025 og við það varð dómur Landsréttar endanlegur. Því telst málinu nú lokið.

44. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags og fram að samþykki ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2025 sem kalla á viðbótarupplýsingar.

45. Áhættustýring

Áhættustýring og innra eftirlit

Starfsemi samstæðunnar felur í sér margs konar áhættu og stýring þeirrar áhættu er óaðskiljanlegur hluti af starfseminni. Bankinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti. Umgjörð samstæðunnar varðandi áhættustýringu og innra eftirlit byggir á þriggja þrepa eftirlitskerfi, eins og því er lýst í leiðbeiningum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti. Eftirlitskerfinu er ætlað að styðja við góðar ákvarðanir og sterka áhættuvitund. Umgjörðin miðar að því að tryggja skilvirkni, virka áhættustýringu, góða viðskiptahætti, áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og annarra upplýsinga innan og utan samstæðunnar ásamt hlífni við viðeigandi lög, reglur, tilmæli og innri reglur.

Fyrsta varnarlinan er mynduð af viðskipta- og stoðeiningum bankans. Önnur varnarlinan af innri eftirlitseiningum bankans, áhættustýringu og regluvörslu. Þriðja varnarlinan er innri endurskoðun sem leggur, í umboði stjórnar, óháð mat á skilvirkni stjórnarháttar, áhættustýringar og innra eftirlits.

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans í samræmi við stefnu og ákvarðanir stjórnar. Að auki ber bankastjóra að tryggja að starfsemi samstæðunnar sé í samræmi við lög og reglur og samþykktir hluthafafundar, sem felur meðal annars í sér að tryggja að umgjörð áhættustýringar og annarra eftirlitseininga sé fullnægjandi. Bankastjóri ræður framkvæmdastjóra áhættustýringar, framkvæmdastjóra regluvörslu og aðra framkvæmdastjóra. Bankastjóri skipar einnig meðlimi lykilnefnda bankans.

Skipulag lykilnefnda bankans er tvíþætt. Stefnumótandi nefndir eru framkvæmdastjórn og áhættustefnunefnd, og taka þær lykilákvarðanir um innleiðingu á þeirri stefnu sem mörkuð er af stjórn. Viðskiptanefndir bankans eru sex: efnahagsnefnd, yfirlánanefnd, fjárfestingarráð, rekstrar- og öryggisnefnd, sjálfbærnefnd og stafræn vörunefnd og taka þær afstöðu til einstakra viðskipta- eða rekstrarerinda í samræmi við stefnuskjöl, reglur og önnur mörk sem samþykkt hafa verið af stjórn, framkvæmdastjórn eða áhættustefnunefnd. Bankastjóri skipar lykilnefndir bankans og er umboði þeirra og hlutverki lýst í erindisbréfi útgefnu af bankastjóra.

Yfirlögfræðingur bankans er ráðinn af og heyrir beint undir bankastjóra. Hann veitir framkvæmdastjórn og stjórn ráðgjöf um lögfræðileg málefni. Yfirlögfræðingur stýrir lögfræðideild bankans sem veitir heildstæða lögfræðiráðgjöf til viðskipta- og stoðeininga bankans.

Framkvæmdastjóri áhættustýringar ber ábyrgð á því að skilgreina dagleg verkefni áhættustýringar og meta hvort fagkunnátta sé fullnægjandi innan sviðsins. Að auki er framkvæmdastjóri áhættustýringar ábyrgur fyrir eftirliti með umgjörð áhættustýringar samstæðunnar og að ganga úr skugga um að skipulag og úrræði bankans til að stýra áhættu séu fullnægjandi. Stjórn staðfestir val og ráðningu bankastjóra á framkvæmdastjóra áhættustýringar. Framkvæmdastjóri áhættustýringar veitir stjórn og áhættunefnd stjórnar milliliðalaust heildstæðar og skýrar upplýsingar um áhættu í rekstri bankans. Ekki er hægt að víkja framkvæmdastjóra áhættustýringar frá störfum án fyrirfram samþykkis stjórnar. Framkvæmdastjóri áhættustýringar heyrir beint undir bankastjóra, situr í framkvæmdastjórn bankans og er óháður viðskiptaeiningum bankans. Framkvæmdastjóri áhættustýringar veitir óháð mat á áhættum í rekstri samstæðunnar og getur beitt neitunarvaldi á nefndarfundum, telji hann eða aðrir fulltrúar eftirlitseininga að mál sem lagt er til ákvörðunar sé í ósamræmi við áhættuvilja samstæðunnar, áhættustefnu eða skilgreinda verkferla.

Áhættustýringu er falið að bera kennsl á, skilja, mæla og hafa eftirlit með þeirri áhættu sem samstæðan hefur tekist á hendur. Áhættustýring veitir óháð mat, greiningar og ráðgjöf vegna erinda eða ákvarðana viðskipta- og stoðeininga sem fela í sér áhættu, auk mats á því hvort slík erindi séu í samræmi við áhættuvilja og áhættustefnu stjórnar. Áhættustýring veitir stjórnendum og stjórn ráðgjöf varðandi þróun og umbætur á áhættustefnu, áhættustýringarferlum og áhættumörkum. Áhættustýring veitir innri og ytri hagsmunaaðilum heildstæða og óháða sýn á áhættusnið samstæðunnar samanborið við áhættuvilja og tryggir eftirfylgni ef um er að ræða brot á innri eða ytri mörkum eða reglum. Viðskipta- og stoðeiningar eru þó ábyrgar fyrir því að hafa sjálfstæða sýn á áhættu í þeirra starfsemi og að upplýsa stjórnendur um möguleg brot á mörkum, reglum eða stefnu. Áhættustýring veitir stjórnendum og stjórn þær upplýsingar um áhættu sem nauðsynlegar eru til að skilgreina og ákvarða áhættuvilja bankans.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

45. Áhættustýring (framhald)

Framkvæmdastjóri regluvörslu stýrir og ber ábyrgð á regluvörslu bankans, sem tilheyrir annarri varnarlínu og starfar sem óháð eining innan bankans. Framkvæmdastjóri regluvörslu er ráðinn af og heyrir beint undir bankastjóra og er ráðningin staðfest af stjórn. Ekki er hægt að víkja framkvæmdastjóra regluvörslu frá störfum án fyrirfram samþykkis stjórnar. Seðlabanki Íslands skal upplýstur um brottvikningu eða uppsögn framkvæmdastjóra regluvörslu. Framkvæmdastjóri regluvörslu starfar einnig sem ábyrgðamaður aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Innri endurskoðandi er tilnefndur af og heyrir beint undir stjórn bankans og stýrir innri endurskoðunardeild bankans í umboði stjórnar. Innri endurskoðandi er ábyrgur fyrir málefnum er tengjast innri endurskoðun bankans, þar með talið verkefnum tengdum innri endurskoðun sem er útvistað.

Stjórnskipulag samstæðunnar er tvíþætt. Stjórn bankans markar stefnu og hefur yfirumsjón með því að henni sé framfylgt. Stjórn hefur einnig yfirumsjón með reikningsskilum og fjármálastjórn, ásamt því að tryggja að umgjörð innri endurskoðunar, regluvörslu og áhættustýringar sé skilvirk. Bankastjóri, framkvæmdastjóri áhættustýringar og aðrir framkvæmdastjórnar ásamt lykilnefndum bera ábyrgð á að innleiða skipulag áhættustýringar og innra eftirlits í samræmi við þær heimildir sem stjórn veitir.

Stjórn ákvarðar og miðlar umgjörð áhættustýringar og áhættuvilja með útgáfu stefnuskjala um áhættustýringu og yfirlýsingar um áhættuvilja. Fyrir þau viðfangsefni stjórnar sem teljast mikilvæg eða krefjast aukinnar sérþekkingar hefur stjórn skipað undirnefndir til að styðja við þróun, innleiðingu og eftirlit með þeim viðfangsefnum.

Allir starfsmenn bera ábyrgð á því að skilja áhættuna sem felst í þeirra daglegu störfum, með því að þekkja þær innri og ytri reglur sem um störf þeirra gilda, vekja athygli á því ef þeir telja sig hafa komið auga á atvik í sínu starfi sem eru á skjön við innri eða ytri reglur og starfa í samræmi við starfs- og siðareglur bankans.

Nánar er fjallað um áhættustýringu og áhættustýringarferli samstæðunnar í óendurskoðaðri áhættuskýrslu 2025 sem hægt er að nálgast á vefsíðu bankans: www.islandsbanki.is.

46. Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er skilgreind sem áhættan á tapi fyrir samstæðuna ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi stendur ekki við samningsbundnar skuldbindingar sínar.

Samþjöppunaráhætta er heiti á þeirri áhættu sem skapast þegar sameiginlegir áhættuþættir einkenna marga viðskiptavinum bankans, svo sem atvinnugrein, efnahagslíf, landfræðileg staðsetning, tegund fjármálagerna eða vegna innbyrðis tengsla mótaðila. Stórar áhættuskuldbindingar til einstakra aðila eða til hóps tengdra viðskiptavina þar sem greiðslubrot eins eykur verulega líkur á greiðslubroti annarra aðila í hópnum eru meðhöndlaðar sem samþjöppunaráhætta. Útlánaáhætta skapast fyrst og fremst vegna útlána samstæðunnar og fyrirgreiðslu til viðskiptavina og lánastofnana en einnig vegna innstæðna hjá Seðlabanka Íslands og liða utan efnahagsreiknings eins og ábyrgða, lánsloforða og afleiðusamninga.

Samstæðan hefur markað sér stefnu varðandi útlánaáhættu og komið á fót ferli til þess að mæla áhættuna og stýra henni. Markmið útlánaáhættustýringar bankans er að ná jafnvægi milli áhættu og arðsemi og lágmarka neikvæð áhrif útlánaáhættu á fjárhagslega afkomu samstæðunnar.

Grunnurinn að öllum ákvörðunum í lánamálum hvílir á ítarlegri greiningu á fjárhagsstöðu mótaðila, greiningu á núverandi greiðslufæði og mati á framtíðargreiðslufæði ásamt almennri getu lántaka til þess að endurgreiða skuldbindingar sínar. Samstæðan stýrir útlánaáhættu með því að setja mörk sem miðast við einstaka lántakendur, hópa lántakenda, lönd og atvinnugreinar. Samstæðan mælir útlánaáhættu fyrir hvern mótaðila eða hóp tengdra viðskiptavina í samræmi við innri og ytri viðmið um tengda aðila.

Samstæðan beitir margvíslegum reglum og verklagi til að draga úr útlánaáhættu. Hefðbundna leiðin er að taka veð í eignum lántakanda. Helstu tegundir trygginga fyrir lánnum eru fasteignir, farartæki, tæki, skip og verðbréf. Þegar það á við er öðrum ráðum beitt til að draga úr útlánaáhættu.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

47. Hámarksútlánaáhætta og tryggingar

Bæði eignir sem koma fram á efnahagsreikningi og liðir utan efnahags skapa útlánaáhættu fyrir samstæðuna. Hámark útlánaáhættu vegna eigna sem fram koma á efnahagsreikningi er mæld með því að líta á bókfært virði eigna. Hámark útlánaáhættu vegna skuldbindinga utan efnahags er mæld með því að líta til hámarksfjárhæðar sem samstæðan er skuldbundin til að lána sé eftir því óskað, eða greiða vegna ábyrgða, að frádregnum varúðarfærslum vegna þeirra.

Tryggingar og aðrar útlánavarnir eru mismunandi eftir tegundum lántaka og lánsforma. Lán til lánastofnana eru venjulega ótryggð. Helsta trygging fyrir lánveitingum til einstaklinga er veð í íbúðarhúsnæði. Þegar um fyrirtæki er að ræða tekur samstæðan veð í fasteignum, fiskiskipum, reiðufé og verðbréfum sem og öðrum eignum þar á meðal viðskiptakröfum, birgðum, bifreiðum og tækjum. Lán til ríkisstofnana og sveitarfélaga eru oftast en ekki ótryggð.

Samstæðan notar í sumum tilfellum ábyrgðir til að draga úr útlánaáhættu, en þar sem ábyrgðir lækka ekki hámarksútlánaáhættu heldur flytja hana frá einum mótaðila til annars eru þær ekki taldar hafa fjárhagsleg áhrif hér. Kvaðir í lánasamningum eru einnig mikilvægar en lækka ekki hámarksútlánaáhættu.

Mat á tryggingum byggir á markaðsverði, opinberu fasteignamati eða áliti sérfræðinga samstæðunnar, eftir því hvað er tiltækt hverju sinni. Þegar um er að ræða fiskiskip eru aflaheimildir þess taldar með í matinu á fjárhagslegum áhrifum trygginga. Heildarvirði veðsettra eigna getur verið hærra en taflan gefur til kynna. Fyrir fjármögnunarleigusamninga er samstæðan áfram eigandi hins leigða.

Sundurliðun lána til viðskiptavina er eftir atvinnugreinum. Samstæðan notar innri atvinnugreinaflokkun sem er byggð á ISAT2008 atvinnugreinaflokkuninni en hún er byggð á flokkunarviðmiðum European NACE Rev. 2.

Fyrir sértryggð skuldabréf og skuldagerninga samanstendur veðið af sjóðstreymi úr fasteignalánasöfnum og er því flokkað sem önnur veð.

Eftirfarandi töflur sýna hámarksútlánaáhættu eftir tegund trygginga fyrir eignir sem heyra undir IFRS 9 kröfur um virðisrýmun.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

47. Hámarksútlánaáhætta og tryggingar (framhald)

31. desember 2025	Hámarks- útlána- áhætta	Íbúðar- húsnæði	Atvinnu- húsnæði	Skip	Handbært fé og verðbréf	Bifreiðar og tæki	Aðrar tryggingar	Útlánaáhætta tryggð með veði	Útlánaáhætta ekki tryggð með veði	Virðisrýrnun
Hámarksútlánaáhætta og tryggingar										
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	80.394	-	-	-	-	-	-	-	80.394	17
Útlán til lánastofnana	80.009	-	-	-	-	-	-	-	80.009	57
Skuldabréf og skuldageringar	132.559	-	-	-	-	-	34.844	34.844	97.715	-
Útlán til viðskiptavina:	1.367.106	698.066	314.558	66.424	43.835	82.152	77.806	1.282.841	84.265	7.646
Einstaklingar	653.291	588.786	5.586	4	155	19.890	131	614.552	38.739	1.388
- Þar af húsnæðislán	584.723	584.165	-	-	150	-	-	584.315	408	246
Verslun og þjónusta	210.241	15.741	79.270	824	20.153	50.597	31.001	197.586	12.655	1.377
Byggingariðnaður	99.990	53.907	35.571	41	784	3.326	3.817	97.446	2.544	1.268
Orkuiðnaður	17.001	3	10.731	-	3.162	137	-	14.033	2.968	31
Fjármálastarfsemi	119	106	-	-	-	-	-	106	13	-
Iðnaður og flutningar	92.018	1.139	57.328	-	4.219	7.558	17.965	88.209	3.809	2.082
Fjárfestingarfélög	46.597	2.256	16.565	-	14.362	275	7.014	40.472	6.125	321
Opinberir aðilar og félagasamtök	16.673	42	801	-	-	21	11	875	15.798	29
Fasteignafélög	141.267	35.814	102.693	-	948	214	392	140.061	1.206	1.036
Sjávarútvegur	89.909	272	6.013	65.555	52	134	17.475	89.501	408	114
Aðrar fjáreignir	3.452	-	-	-	-	-	-	-	3.452	16
Liðir utan efnahags:	239.817	16.321	41.341	8.041	13.865	11	19.170	98.749	141.068	967
Fjárhagslegar ábyrgðir	22.246	2.303	7.399	5	1.446	-	3.404	14.557	7.689	297
Lánsloforð	217.571	14.018	33.942	8.036	12.419	11	15.766	84.192	133.379	670
Samtals	1.903.337	714.387	355.899	74.465	57.700	82.163	131.820	1.416.434	486.903	8.703

Hámarksútlánaáhætta vegna skuldbindinga utan efnahags sýnir hámarksfjárhæðir og er ekki tekið tillit til þess að samstæðan gæti lækkað heimildir áður en þær verða fullnýttar.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

47. Hámarksútlánaáhætta og tryggingar (framhald)

31. desember 2024	Hámarks- útlána- áhætta	Íbúðar- húsnæði	Atvinnu- húsnæði	Skip	Handbært fé og verðbréf	Bírfreiðar og tæki	Aðrar tryggingar	Útlánaáhætta tryggð með veði	Útlánaáhætta ekki tryggð með veði	Virðisrýrnun
Hámarksútlánaáhætta og tryggingar										
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	65.716	-	-	-	-	-	-	-	65.716	17
Útlán til lánastofnana	50.486	-	-	-	-	-	-	-	50.486	47
Skuldabréf og skuldagerningar *	111.908	-	-	-	-	-	29.925	29.925	81.983	-
Útlán til viðskiptavina:	1.295.388	673.318	317.510	55.546	23.775	74.330	67.944	1.212.423	82.965	7.820
Einstaklingar	625.262	567.776	5.322	2	336	14.998	153	588.587	36.675	1.618
- Þar af húsnæðislán	563.753	562.998	-	-	330	-	-	563.328	425	328
Verslun og þjónusta	184.667	12.168	74.153	793	4.615	46.322	31.424	169.475	15.192	1.737
Byggingariðnaður	95.558	48.395	39.081	59	115	3.331	2.065	93.046	2.512	928
Orkuiðnaður	11.800	39	9.955	-	-	156	7	10.157	1.643	59
Fjármálastarfsemi	715	154	-	-	540	-	-	694	21	19
Iðnaður og flutningar	82.423	1.131	54.465	5	107	8.858	14.062	78.628	3.795	1.321
Fjárfestingarfélög	42.960	2.087	12.066	-	17.620	183	10.266	42.222	738	519
Opinberir aðilar og félagasamtök	20.448	60	815	-	-	14	7	896	19.552	18
Fasteignafélög	154.913	41.108	110.569	-	241	314	947	153.179	1.734	1.468
Sjávarútvegur	76.642	400	11.084	54.687	201	154	9.013	75.539	1.103	133
Aðrar fjáreignir	6.306	-	-	-	-	-	-	-	6.306	46
Liðir utan efnahags:	192.203	19.918	28.813	4.517	13.110	182	12.782	79.322	112.881	911
Fjárhagslegar ábyrgðir	21.051	1.283	6.015	30	2.977	-	2.330	12.635	8.416	291
Lánsloforð	171.152	18.635	22.798	4.487	10.133	182	10.452	66.687	104.465	620
Samtals	1.722.007	693.236	346.323	60.063	36.885	74.512	110.651	1.321.670	400.337	8.841

*Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt. Sértryggð skuldabréf, flokkuð sem skuldabréf og skuldagerningar, eru tryggð með veði í sjóðstreymi húsnæðislána. Núna eru þessi veð tilgreind sem önnur veð.

Hámarksútlánaáhætta vegna skuldbindinga utan efnahags sýnir hámarksfjárhæðir og er ekki tekið tillit til þess að samstæðan gæti lækkað heimildir áður en þær verða fullnýttar.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

48. Útlánagæði fjáreigna

Töflurnar hér á eftir sýna vergt bókfært virði útlána og útlánaáættu vegna lánsloforða og fjárhagslegra ábyrgða utan efnahags. Fjárhæðir eru sundurliðaðar eftir áhættuflokkum og flokkun á stig eftir virðisrýmunaraðferð, þ.e. stig 1, 2 og 3.

Samstæðan notar eigin líkön til að meta vanefndalíkur viðskiptavina. Líkönin úthluta hverjum viðskiptavini einn af tíu áhættuflokkum. Áhættuflokkur 10 er fyrir viðskiptavini í vanskilum en áhættuflokkar 1-9 eru fyrir viðskiptavini sem ekki eru í vanskilum. Áhættuflokkar eru niður á viðskiptavini en ekki einstaka lánveitingu.

Áhættumat stærri fyrirtækja er byggt á nýjustu fjárhagsupplýsingum þeirra ásamt mati samstæðunnar á stjórnendum þeirra, markaðsstöðu og atvinnugrein.

Fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki notar samstæðan tvö tölfræðileg áhættumatslíkön. Annað líkanið er fyrir einstaklinga og hitt er fyrir smærri fyrirtæki með heildarlán frá samstæðunni innan við 150 milljónir króna. Þessi líkön styðjast við upplýsingar um greiðslusögu viðskiptavina, skuldsetningu, innlán og lýðfræðilegar breytur til að meta líkindi þess að viðskiptavinir lendi í vanskilum á næstu 12 mánuðum.

Flokkar 1-4 tákna litla áhættu, flokkar 5-6 miðlungsáhættu, flokkar 7-8 meiri áhættu, flokkur 9 mikla áhættu og áhættuflokkur 10 stendur fyrir viðskiptavini sem eru í vanskilum. Í flokknum óflokkað eru viðskiptavinir sem enn á eftir að áhættuflokka.

Frekari upplýsingar um áhættuflokka og vanefndalíkur þeirra er að finna í kafla 3.1.2.2 í óendurskoðaðri áhættuskýrslu 2025.

Sami viðskiptavinurinn getur samtímis verið með lán og skuldbindingar utan efnahags sem eru á stigi 1 og 2. Ef viðskiptavinurinn er hins vegar með skuldbindingu sem uppfyllir skilyrði fyrir flokkun á stig 3, þá eru öll hans lán og skuldbindingar flokkaðar á stig 3.

31. desember 2025

Útlán til viðskiptavina:	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Áhættuflokkar 1-4	533.086	636	-	533.722
Áhættuflokkar 5-6	576.190	15.204	-	591.394
Áhættuflokkar 7-8	165.866	38.582	-	204.448
Áhættuflokkur 9	15.726	8.328	-	24.054
Áhættuflokkur 10	-	-	20.425	20.425
Óflokkað	416	293	-	709
	1.291.284	63.043	20.425	1.374.752
Vænt útlánatap	(2.743)	(1.204)	(3.699)	(7.646)
Bókfært virði	1.288.541	61.839	16.726	1.367.106

Lánsloforð og fjárhagslegar ábyrgðir utan efnahags:	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Áhættuflokkar 1-4	112.979	14	-	112.993
Áhættuflokkar 5-6	86.892	1.104	-	87.996
Áhættuflokkar 7-8	34.834	2.099	-	36.933
Áhættuflokkur 9	1.454	248	-	1.702
Áhættuflokkur 10	-	-	698	698
Óflokkað	461	1	-	462
	236.620	3.466	698	240.784
Vænt útlánatap	(682)	(164)	(121)	(967)
Samtals	235.938	3.302	577	239.817

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

48. Útlánagæði fjáreigna (framhald)

31. desember 2024

Útlán til viðskiptavina:	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Áhættuflokkar 1-4	507.626	702	-	508.328
Áhættuflokkar 5-6	545.101	10.258	-	555.359
Áhættuflokkar 7-8	172.922	24.624	-	197.546
Áhættuflokkur 9	14.919	5.291	-	20.210
Áhættuflokkur 10	-	-	21.487	21.487
Óflokkað	102	176	-	278
	1.240.670	41.051	21.487	1.303.208
Vænt útlánatap	(3.496)	(975)	(3.349)	(7.820)
Bókfært virði	1.237.174	40.076	18.138	1.295.388
Lánsloforð og fjárhagslegar ábyrgðir utan efnahags:	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Áhættuflokkar 1-4	89.049	24	-	89.073
Áhættuflokkar 5-6	76.133	410	-	76.543
Áhættuflokkar 7-8	23.690	799	-	24.489
Áhættuflokkur 9	721	90	-	811
Áhættuflokkur 10	-	-	1.752	1.752
Óflokkað	438	8	-	446
	190.031	1.331	1.752	193.114
Vænt útlánatap	(565)	(32)	(314)	(911)
Samtals	189.466	1.299	1.438	192.203

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

49. Greiðsluúrræði

Fyrir viðskiptavini sem eiga í greiðsluerfiðleikum, hvort heldur sem er tímabundið eða varanlega, getur samstæðan að vissum skilyrðum uppfylltum gripið til vægari úrræða en innheimtuaðgerða. Dæmi um slík úrræði væri frýsting greiðslna, lánalenging, vanskil færð á höfuðstól láns eða að fallið er frá kvöðum í lánasamningi. Talað er um að slík lán hafi hlotið umliðun.

Nánar er fjallað um samband umliðunar og flokkunar á stig í skýringu 62.3.

Hafi fjáreign hlotið umliðun, flokkast hún sem slík í a.m.k. 24 mánuði. Fjáreign er flokkuð með umliðun, nema viðskiptavinur uppfylli öll neðangreind skilyrði:

- Ekkert lán viðskiptavinar telst vera með verulega aukningu á útlánaáættu; og
- Öll lán viðskiptavinar eru í undir 30 daga vanskilum; og
- A.m.k. tvö ár eru liðin frá því að umliðunaratburður átti sér stað; og
- Reglulegar greiðslur af umtalsverðri fjárhæð höfuðstóls eða vaxta hafa verið greiddar a.m.k. á hálfu tímabilinu.

Eftirfarandi tafla veitir yfirlit yfir fjáreignir samstæðunnar sem falla undir umliðun.

31. desember 2025

	Stig 1		Stig 2		Stig 3		Samtals	
	Brúttó	Vænt	Brúttó	Vænt	Brúttó	Vænt	Brúttó	Vænt
	bókfært	útlánatap	bókfært	útlánatap	bókfært	útlánatap	bókfært	útlánatap
virði	virði	virði	virði	virði	virði	virði	virði	virði
Einstaklingar	3.275	(9)	5.626	(40)	2.290	(117)	11.191	(166)
Fyrirtæki	1.419	(7)	17.544	(347)	6.096	(1.285)	25.059	(1.639)
Samtals	4.694	(16)	23.170	(387)	8.386	(1.402)	36.250	(1.805)

31. desember 2024

	Stig 1		Stig 2		Stig 3		Samtals	
	Brúttó	Vænt	Brúttó	Vænt	Brúttó	Vænt	Brúttó	Vænt
	bókfært	útlánatap	bókfært	útlánatap	bókfært	útlánatap	bókfært	útlánatap
virði	virði	virði	virði	virði	virði	virði	virði	virði
Einstaklingar	2.811	(13)	4.249	(44)	2.027	(131)	9.087	(188)
Fyrirtæki	1.929	(33)	14.690	(220)	6.424	(1.157)	23.043	(1.410)
Total	4.740	(46)	18.939	(264)	8.451	(1.288)	32.130	(1.598)

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

50. Stórar áhættuskuldbindingar

Þegar heildaráhættuskuldbindingar hóps tengdra viðskiptavina gagnvart samstæðunni nema 10% eða meira af eiginfjárpætti 1 samstæðunnar er um stóra áhættuskuldbindingu að ræða. Eins og reglugerð Evrópusambandsins nr. 575/2013 um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja kveður á um eru allir fjármálagerningar, bæði þeir sem fram koma á efnahagsreikningi og liðir utan efnahags taldir með þegar fjárhæðir stórra áhættuskuldbindinga eru metnar. Samstæðan notar eigin aðferð til að skilgreina tengsl milli viðskiptavina. Aðferðin endurspeglar túlkun samstæðunnar á reglugerðinni þar sem hópar tengdra viðskiptavina eru skilgreindir.

Stærð áhættuskuldbindinga er mæld bæði fyrir og eftir frádráttarliði skv. fyrirnefndri reglugerð. Eftir frádráttarliði var ein stór áhættuskuldbinding gagnvart samstæðunni þann 31. desember 2025 (árslok 2024: tvær). Engin stór áhættuskuldbinding er umfram 25% af eiginfjárgrunni sem er það hámark sem kveðið er á um í lögnum.

Stærsta áhættuskuldbindingin fyrir frádráttarliði er íslenska ríkið sem skýrist að mestu af ríkisskuldabréfum sem eru í lausafjár safni samstæðunnar.

31. desember 2025

Hópar tengdra viðskiptamanna:	Fyrir	Eftir
Hópur 1	78%	8%
Hópur 2	11%	11%

31. desember 2024

Hópar tengdra viðskiptamanna:	Fyrir	Eftir
Hópur 1	81%	6%
Hópur 2	11%	11%
Hópur 3	10%	10%

51. Lausafjárahætta

Samstæðan skilgreinir lausafjárahættu sem áhættuna af því að geta ekki fjármagnað fjárhagslegar skuldbindingar sínar eða fyrirhugaðan vöxt, eða geta einungis gert það á kjörum sem eru umtalsvert lakari en ríkjandi markaðskjör á hverjum tíma.

Samstæðan er að stærstum hluta fjármögnuð með innlánum viðskiptavina. Fjárstýring Íslandsbanka ber ábyrgð á fjármögnun bankans og lausafjárstýringu í samræmi við innri og ytri mörk og stefnur. Dagleg umsýsla lausafjár er í höndum fjárstýringar. Áhættustýring, sem önnur varnarlína, ber ábyrgð á skýrslugjöf er varðar lausafjárahættu til innri og ytri hagsmunaaðila og hefur heildstæða yfirsýn yfir lausafjárahættu á samstæðugrunni.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

52. Lausafjárþekjuhlutfall og fjármögnunarhlutfall

Lykilmælikvarðar við mat á lausafjáráhættu eru lausafjárþekjuhlutfall (LCR) og fjármögnunarhlutfall (NSFR). Seðlabanki Íslands, sem setur reglur og hefur eftirlit með lausafjárstöðu íslenskra banka, hefur fellt LCR og NSFR mælikvarðana byggt á CRD IV stöðlum inn í reglur um lausafjárhlutföll og reglur um fjármögnunarhlutföll. Samstæðan fylgir auk þess reglum nr. 1520/2022 um lausafjárþekjuhlutfallið.

Samkvæmt reglunum er lágmarks LCR hlutfall sem samstæðunni ber að viðhalda 100% fyrir heildar LCR. Krafa fyrir LCR er 80% í evrum og í íslenskum krónum er krafa 50%. Samstæðunni ber að halda 100% lágmarks NSFR hlutfalli.

Töflurnar hér á eftir sýna NSFR og LCR fyrir samstæðuna í árslok 2025 og 2024.

Fjármögnunarhlutfall	31.12.2025	31.12.2024
Allir gjaldmiðlar	127%	125%
Lausafjárþekjuhlutfall	31.12.2025	31.12.2024
Allir gjaldmiðlar	203%	168%
ISK	129%	126%
EUR	733%	449%

Eftirfarandi töflur sýna samsetningu lausafjáreigna samstæðunnar.

31. desember 2025	ISK	EUR	USD	Aðrir gjaldmiðlar	Total
Sjóður og innlán hjá Seðlabanka Íslands	78.036	594	313	480	79.423
Erlend ríkisskuldabréf	-	27.832	-	-	27.832
Innlend skuldabréf veðhæf í viðskiptum við SÍ	71.617	8.780	-	10.606	91.003
Lausafjáreignir 2. stigs	37.302	3.916	1	225	41.444
Hágæða lausafjáreignir	186.955	41.122	314	11.311	239.702
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	2	42.069	24.969	2.663	69.703
Heildar lausafjáreignir	186.957	83.191	25.283	13.974	309.405

31. desember 2024	ISK	EUR	USD	Aðrir gjaldmiðlar	Total
Sjóður og innlán hjá Seðlabanka Íslands	60.746	548	317	502	62.113
Erlend ríkisskuldabréf	-	7.843	3.446	862	12.151
Innlend skuldabréf veðhæf í viðskiptum við SÍ	97.314	4.934	-	7.744	109.992
Lausafjáreignir 2. stigs	32.515	3.888	21	437	36.861
Hágæða lausafjáreignir	190.575	17.213	3.784	9.545	221.117
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	107	24.009	20.929	2.176	47.221
Heildar lausafjáreignir	190.682	41.222	24.713	11.721	268.338

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

53. Tímagreining fjáreigna og fjárskulda

Eftirfarandi töflur sýna tímagreiningu fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar. Töflurnar sýna ónúvirtar samningsbundnar vaxta- og höfuðstólsgreiðslur vegna fjáreigna og fjárskulda bankans. Samtölur greiðsluflæðis fyrir hverja eigna- og skuldategund eru því hærri en bókfært virði þeirra. Greiðsluflæði sem ekki er fyrir fram ákveðið, til dæmis vegna breytilegra vaxta, verðtryggingar eða gengistryggingar, er áætlað út frá spá um þróun undirliggjandi þátta.

Fyrir fjáreignir og fjárskuldir með samningsbundna gjalddaga er greiðsluflæði skipt niður á tímabil eftir því hvenær samningsbundnar höfuðstólsgreiðslur og áætlaðar greiðslur á vöxtum falla til. Óbundnar innstæður og aðrar skuldbindingar, sem ekki hafa samningsbundinn gjalddaga, eru flokkaðar miðað við að viðskiptavinur krefji samstæðuna um greiðslu við fyrsta tækifæri.

Töflurnar sýna einnig greiðsluflæði þeirra afleiðuskuldbindinga samstæðunnar sem hafa neikvætt og jákvætt markaðsvirði á uppgjörsgæði. Fyrir afleiður sem gerðar eru upp brúttó er greiðsluflæði fyrir báða leggina sýnt þar sem ekki er hægt að beita skuldajöfnun við uppgjör.

Skuldabréf og skuldagerningar byggja á samningsbundnum gjalddögum og endurspegla því ekki áætlaðan innlausnartíma.

31. desember 2025	Laust til útgreiðslu	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldtagi	Samtals	Bókfært virði
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	43.492	36.960	-	-	-	-	80.452	80.394
Útlán til lánastofnana	7.159	73.676	21	-	-	-	80.856	80.009
Skuldabréf og skuldagerningar	-	24.047	48.710	91.160	2.182	-	166.099	151.959
Afleiðusamningar	-	2.594	1.044	1.582	-	-	5.220	5.304
- Afleiður gerðar upp nettó	-	1.482	-	-	-	-	1.482	1.482
- Innstreymi	-	49.365	29.214	9.051	-	-	87.630	79.115
- Útstreymi	-	(48.253)	(28.170)	(7.469)	-	-	(83.892)	(75.293)
Útlán til viðskiptavina	1.776	118.721	206.590	719.870	1.976.562	-	3.023.519	1.367.106
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	-	-	-	-	-	20.517	20.517	20.517
Aðrar fjáreignir	3.016	369	67	-	-	-	3.452	3.452
Samtals fjáreignir	55.443	256.367	256.432	812.612	1.978.744	20.517	3.380.115	1.708.741
Innlán SÍ og lánastofnana	10.667	2.585	-	-	-	-	13.252	13.250
Innlán viðskiptavina	807.263	61.169	76.850	15.584	53.253	-	1.014.119	968.695
Afleiðusamningar og skortstöður	-	1.649	1.511	343	3.260	-	6.763	6.183
- Afleiður gerðar upp nettó	-	1.259	-	-	-	-	1.259	1.259
- Innstreymi	-	(36.466)	(28.918)	(6.382)	(2.663)	-	(74.429)	(65.795)
- Útstreymi	-	36.745	30.426	6.234	3.075	-	76.480	68.812
- Skortstöður	-	111	3	491	2.848	-	3.453	1.907
Lántaka	-	10.064	62.658	381.865	105.986	-	560.573	444.593
Víkjandi lán	-	347	7.470	23.348	34.289	-	65.454	40.315
Aðrar fjárskuldir	3.772	1.990	2.102	2.160	472	-	10.496	10.309
- Leiguskuldir	-	162	462	2.127	472	-	3.223	3.036
- Aðrar skuldir	3.772	1.828	1.640	33	-	-	7.273	7.273
Samtals fjárskuldir	821.702	77.804	150.591	423.300	197.260	-	1.670.657	1.483.345
Samtals fjáreignir frádregnar fjárskuldum	(766.259)	178.563	105.841	389.312	1.781.484	20.517	1.709.458	225.396

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

53. Tímagreining fjáreigna og fjárskulda (framhald)

31. desember 2024	Laust til útgreiðslu	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals	Bókfært virði
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	43.174	22.572	-	-	-	-	65.746	65.716
Útlán til lánastofnana	13.542	38.732	-	-	-	-	52.274	50.486
Skuldabréf og skuldagerningar*	-	37.837	37.480	81.202	3.977	-	160.496	142.618
Afleiðusamningar	-	2.070	(41)	2.181	-	-	4.210	5.324
- Afleiður gerðar upp nettó.....	-	782	-	-	-	-	782	782
- Innstreymi	-	52.343	6.714	16.193	1	-	75.251	63.291
- Útstreymi	-	(51.055)	(6.755)	(14.012)	(1)	-	(71.823)	(58.749)
Útlán til viðskiptavina	-	130.860	185.438	693.506	1.912.186	-	2.921.990	1.295.388
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	-	-	-	-	-	24.330	24.330	24.330
Aðrar fjáreignir	5.873	389	44	-	-	-	6.306	6.306
Samtals fjáreignir	62.589	232.460	222.921	776.889	1.916.163	24.330	3.235.352	1.590.168
Innlán SÍ og lánastofnana	10.071	2.466	-	-	-	-	12.537	12.535
Innlán viðskiptavina	772.152	59.537	71.320	27.466	49.022	-	979.497	926.846
Afleiðusamningar og skortstöður	-	3.904	2.121	967	282	-	7.274	7.306
- Afleiður gerðar upp nettó.....	-	1.532	-	-	-	-	1.532	1.532
- Innstreymi	-	(46.533)	(43.730)	(20.746)	(1)	-	(111.010)	(96.146)
- Útstreymi	-	48.900	45.848	21.679	1	-	116.428	101.790
- Skortstöður	-	5	3	34	282	-	324	130
Lántaka*	-	33.410	38.179	332.359	52.024	-	455.972	367.586
Víkjandi lán	-	330	1.449	16.457	34.182	-	52.418	31.695
Aðrar fjárskuldir	7.331	1.691	1.710	2.108	938	-	13.778	13.530
- Leiguskuldir.....	-	162	450	2.089	938	-	3.639	3.391
- Aðrar skuldir.....	7.331	1.529	1.260	19	-	-	10.139	10.139
Samtals fjárskuldir	789.554	101.338	114.779	379.357	136.448	-	1.521.476	1.359.498
Samtals fjáreignir fráðregnar fjárskuldum	(726.965)	131.122	108.142	397.532	1.779.715	24.330	1.713.876	230.670

*Samanburðartölum hefur verið breytt til að endurspeglar uppfærðar aðferðafræði við tímagreiningu á liðunum "Skuldabréf og skuldagerningar" og "Lántaka".

Liðir utan efnahags

Skýring 47 um hámarksútlánaáættu og tryggingar sýnir samningsbundnar skuldbindingar samstæðunnar vegna skuldbindinga utan efnahags gagnvart viðskiptavinum, annaðhvort vegna loforða um lánveitingar eða vegna ábyrgða sem veittar hafa verið þriðja aðila. Fjárhæðirnar eru hámarksfjárhæðir og er ekki tekið tillit til þess að samstæðan gæti lækkað lánsloforð áður en þau eru fullnýtt. Þessar skuldbindingar tilheyra fyrsta gjalddagatímabilinu þar sem samstæðan gæti í hverju tilfelli fyrir sig verið krafín um að mæta þeim samningsbundnu skuldbindingum strax.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

54. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er sú áhætta að verðbreytingar á mörkuðum, svo sem breytingar á vöxtum, gengi gjaldmiðla, hlutabréfaverði, verðtryggingu og hrávöruverði, hafi óhagstæð áhrif á fjármálagerninga samstæðunnar og þar með á afkomu hennar og eigið fé. Markaðsáhætta er tilkomin vegna misvægis í efnahagsreikningi samstæðunnar og stöðutöku í skuldabréfum, gjaldeyri og hlutabréfum. Auk þess sem áhætta getur skapast af stöðum í afleiðusamningum (sjá skýringu 23).

Markaðsáhætta er flokkuð í veltubók og fjárfestingarbók. Markaðsáhætta í veltubók tengist, með beinum eða óbeinum hætti, viðskiptum samstæðunnar til skamms eða meðallangs tíma í verðbréfum, erlendum gjaldmiðlum, öðrum fjármálagerningum og afleiðum. Allar fjárhagslegar eignir og skuldbindingar í veltubók eru bókfærðar á gangvirði og allar gangvirðisbreytingar endurspeglast strax í rekstrarreikningi. Stöður sem mynda markaðsáhættu í fjárfestingarbók tengjast verðbréfum sem fjárfest er í til lengri tíma, óskráðum verðbréfum eða stöðum í dóttur- og hlutdeildarfélögum. Stór hluti markaðsáhættu í fjárfestingarbók kemur til vegna misvægis í samsetningu eigna og skuldbindinga, til dæmis með tilliti til erlendra gjaldmiðla, vaxta, verðtryggingar eða annarra þátta sem geta haft áhrif á afkomu eða flókt í afkomu samstæðunnar. Skýr mörk eru sett varðandi slíkt misvægi og eru stjórnendur og stjórn reglulega upplýst um þá áhættu sem í því felst.

55. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er skilgreind sem þau áhrif sem óhagstæðar hreyfingar á vöxtum geta haft á eigið fé eða afkomu samstæðunnar.

Vaxtaáhætta í veltubók

Eftirfarandi tafla sýnir vaxtanæmi veltubókar samstæðunnar gagnvart samsíða 100 punkta hliðrun allra vaxtaferla.

Í næmisgreiningunni eru áhrifin á hagnað sýnd fyrir skatt. Skattaáhrifin eru jöfn jaðarskatthlutfalli samstæðunnar. Gildandi skatthlutfall er 20% af skattskyldum tekjum ársins 2025, auk þess greiðir samstæðan sérstakan fjársýsluskatt sem nemur 6% af skattskyldum hagnaði umfram 1 milljarð króna.

Til að útskýra nánar, með því að nota 26% jaðarskatthlutfallið, ef næmisgreining sýnir 100 milljóna króna aukningu á hagnaði fyrir skatt, þá væru áhrifin á hagnað eftir skatt 74 milljónir króna.

Næmisgreining á skuldabréfum og öðrum skuldagerningum	31.12.2025		31.12.2024	
	Áhrif á hagnað fyrir skatt			
	Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp
Mynt				
ISK, verðtryggð	61	(61)	73	(73)
ISK, óverðtryggð	60	(60)	83	(83)
Samtals	121	(121)	156	(156)

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

55. Vaxtaáhætta (framhald)

Vaxtaáhætta í fjárfestingarbók

Vaxtaáhætta í fjárfestingarbók er til komin vegna kjarnastarfsemi samstæðunnar. Þessi vaxtaáhætta felst einkum í hættu á tapi vegna sveiflna í framtíðargreiðsluflæði eða gangvirði fjármálagerninga vegna vaxtabreytinga sem endurspeglar þá staðreynd að eignir og skuldir samstæðunnar hafa mismunandi gjalddaga og eru verðlagðar miðað við mismunandi vaxtagrunn.

Eftirfarandi töflur sýna vaxtanæmi fjárfestingarbókar samstæðunnar gagnvart samsíða 100 punkta hækkun allra vaxtaferla, að öllu öðru óbreyttu, skipt eftir vaxtabindingartímabilum. Vaxtanæmi í fjárfestingarbók er metið með því að nota samningsbundið greiðsluflæði nema fyrir skuldabréf með innköllunarheimild og óbundin innlán án gjalddaga þar sem tekið er mið af hegðunarforsendum.

Í næmisgreiningunni eru áhrifin á hagnað sýnd fyrir skatt. Skattaáhrifin eru jöfn jaðarskatthlutfalli samstæðunnar. Gildandi skatthlutfall er 20% af skattskyldum tekjum ársins 2025, auk þess greiðir samstæðan sérstakan fjársýsluskatt sem nemur 6% af skattskyldum hagnaði umfram 1 milljarð króna.

Til að útskýra nánar, með því að nota 26% jaðarskatthlutfallið, ef næmisgreining sýnir 100 milljóna króna aukningu á hagnaði fyrir skatt, þá væru áhrifin á hagnað eftir skatt 74 milljónir króna.

Vaxtanæmi fjárfestingarbókar

31. desember 2025

Mynt	0-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
ISK, verðtryggð	16	(83)	(724)	(723)	1.095	378	(41)
ISK, óverðtryggð	139	(106)	(394)	(530)	463	(2)	(430)
EUR	257	(120)	23	(125)	(6)	-	29
SEK	141	-	(14)	(150)	-	-	(23)
NOK	193	(2)	(20)	(35)	-	-	136
USD	6	-	-	(1)	-	-	5
Aðrar myntir	2	(11)	-	-	-	-	(9)
Samtals	754	(322)	(1.129)	(1.564)	1.552	376	(333)

31. desember 2024

Mynt	0-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
ISK, verðtryggð	28	(261)	(173)	(1.456)	2.701	(331)	508
ISK, óverðtryggð	70	(327)	(379)	445	(48)	39	(200)
EUR	199	(12)	(55)	(156)	-	-	(24)
SEK	45	(4)	-	(163)	-	-	(122)
USD	165	(13)	(4)	(45)	-	-	103
Aðrar myntir	16	-	-	-	-	-	16
Samtals	523	(617)	(611)	(1.375)	2.653	(292)	281

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

56. Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er áhættan af því að afkoma eða eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum af völdum breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla, vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum eða vegna misræmis í myntsamsetningu eigna og skulda.

Greining á gjaldeyrisáættu hér á eftir byggist á samningsbundnum gjaldmiðli sérhvers undirliggjandi efnahagsliðar. Skuldir metnar á gangvirði eru sýndar á gangvirði í stað nafnverðs auk áfallinna vaxta. Að auki eru liðir utan efnahagsreiknings, sem bera gjaldeyrisáættu, taldir með í heildargjaldeyrisjöfnuði samstæðunnar. Fjárhæðir liða utan efnahagsreiknings endurspeglar nafnverðsfjárhæðir afleiðna og stundarsamninga.

31. desember 2025

	EUR	USD	GBP	CHF	JPY	SEK	NOK	DKK	CAD	Aðrar erl. myntir	Samtals erl. myntir
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .	594	313	125	-	-	40	116	-	-	198	1.386
Útlán til lánastofnana	46.594	27.557	1.491	79	17	261	340	159	17	294	76.809
Skuldabréf og skuldagerningar	42.698	331	-	-	-	8.256	7.022	-	-	-	58.307
Útlán til viðskiptavina	134.067	24.914	1	532	780	4.918	1.893	1.711	4.370	6.302	179.488
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	38	1.754	387	-	-	1.094	190	-	-	-	3.463
Aðrar eignir	83	114	-	-	-	-	-	-	-	-	197
Eignir samtals	224.074	54.983	2.004	611	797	14.569	9.561	1.870	4.387	6.794	319.650
Innlán lánastofnana	2.121	1.354	38	1	-	6	60	6	7	-	3.593
Innlán viðskiptavina	47.569	42.668	5.098	408	205	1.071	5.120	4.509	122	551	107.321
Lántaka	180.530	10.903	-	-	-	33.340	12.545	-	-	-	237.318
Víkjandi lán	-	-	-	-	-	14.734	2.482	-	-	-	17.216
Aðrar skuldir	-	51	-	-	-	31	-	315	-	-	397
Skuldir samtals	230.220	54.976	5.136	409	205	49.182	20.207	4.830	129	551	365.845
Hrein staða efnahagsreiknings	(6.146)	7	(3.132)	202	592	(34.613)	(10.646)	(2.960)	4.258	6.243	(46.195)
Hrein staða utan efnahagsreiknings	7.282	(1.088)	3.405	(148)	(535)	34.847	10.561	2.941	(4.226)	(6.268)	46.771
Hrein staða	1.136	(1.081)	273	54	57	234	(85)	(19)	32	(25)	576

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

56. Gjaldeyrisáhætta (framhald)

31. desember 2024

	EUR	USD	GBP	CHF	JPY	SEK	NOK	DKK	CAD	Aðrar erl. myntir	Samtals erl. myntir
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands .	633	367	121	-	-	37	114	114	-	161	1.547
Útlán til lánastofnana	24.060	20.956	1.400	85	183	22	34	57	256	134	47.187
Skuldabréf og skuldagerningar	17.897	3.446	-	-	-	5.220	6.918	-	-	-	33.481
Útlán til viðskiptavina	102.983	15.816	231	548	1.546	6	455	621	9.090	-	131.296
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	44	1.616	102	-	-	362	-	-	-	-	2.124
Aðrar eignir	7	225	31	-	-	3	2	-	8	-	276
Eignir samtals	145.624	42.426	1.885	633	1.729	5.650	7.523	792	9.354	295	215.911
Innlán lánastofnana	2.150	790	10	4	-	4	-	1	22	-	2.981
Innlán viðskiptavina	34.250	45.050	3.975	477	238	905	3.108	3.081	185	18	91.287
Lántaka	109.990	12.031	-	-	-	22.960	26.446	-	-	-	171.427
Vikjandi lán	-	-	-	-	-	9.371	-	-	-	-	9.371
Aðrar skuldir	1.008	190	31	-	-	40	2	201	16	25	1.513
Skuldir samtals	147.398	58.061	4.016	481	238	33.280	29.556	3.283	223	43	276.579
Hrein staða efnahagsreiknings	(1.774)	(15.635)	(2.131)	152	1.491	(27.630)	(22.033)	(2.491)	9.131	252	(60.668)
Hrein staða utan efnahagsreiknings	3.439	16.686	2.206	(130)	(1.479)	27.508	22.068	2.545	(9.067)	(246)	63.530
Hrein staða	1.665	1.051	75	22	12	(122)	35	54	64	6	2.862

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

56. Gjaldeyrisáhætta (framhald)

Taflan hér á eftir sýnir áhrif 10% veikingar eða styrkingar gengis gjaldmiðla þar sem samstæðan var með opnar stöður á uppgjörssdegi, að öllu öðru óbreyttu.

Áhrif hagnaðar í næmisgreiningunni eru sýnd fyrir skatt. Skattaáhrifin eru jöfn jaðarskatthlutfalli samstæðunnar. Gildandi skatthlutfall er 20% af skattskyldum tekjum ársins 2025. Auk þess greiðir samstæðan sérstakan fjársýsluskatt sem nemur 6% af skattskyldum hagnaði umfram 1 milljarð króna.

Til að útskýra nánar, með því að nota 26% jaðarskatthlutfallið, ef næmisgreining sýnir 100 milljóna króna aukningu á hagnaði fyrir skatt, þá væri aukningin á hagnaði eftir skatt 74 milljónir króna. Hinsvegar, þar sem samstæðan færir tekjuskattsskuldbindinguna í árslok 2025 miðað við 20% skatthlutfall í stað 26% skatthlutfalls og gengismunur er færður sem skattskyldar tekjur eða gjöld á þriggja ára tímabili, myndu skattaáhrifin koma fram á þremur árum.

Næmisgreining á gjaldeyrisáhættu

Næmisgreining á gjaldeyrisáhættu	31.12.2025		31.12.2024	
	Áhrif á hagnað fyrir skatt			
	-10%	10%	-10%	10%
Gjaldmiðill				
EUR	(114)	114	(167)	167
USD	108	(108)	(105)	105
GBP	(27)	27	(8)	8
CHF	(5)	5	(2)	2
JPY	(6)	6	(1)	1
SEK	(23)	23	12	(12)
NOK	9	(9)	(4)	4
DKK	2	(2)	(5)	5
CAD	(3)	3	(6)	6
Aðrar erlendar myntir	3	(3)	(1)	1
Samtals	(56)	56	(287)	287

57. Hlutabréf og eiginfjárgæringar

Hlutabréf og eiginfjárgæringar í veltubók samstæðunnar koma til vegna flæðiviðskipta og viðskiptavaktar með skráð hlutabréf í kauphöll Nasdaq Iceland. Hlutabréf og eiginfjárgæringar í fjárfestingarbók eru metin sem tilskilin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Taflan hér á eftir sýnir áhrif 10% hliðrunar á hlutabréfaverði á eigið fé samstæðunnar og rekstrarreikning að öllu öðru óbreyttu. Varnir afleiðusamninga eru undanskildar hér.

Næmisgreining á hlutabréfum og eiginfjárgæringum

Næmisgreining á hlutabréfum og eiginfjárgæringnum	31.12.2025		31.12.2024	
	Áhrif á hagnað			
	Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp
Eignasafn				
Veltubók	(164)	164	(442)	442
Fjárfestingarbók	(436)	436	(228)	228
Samtals	(600)	600	(670)	670

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

58. Verðbólguáhætta

Samstæðan metur verðbólguáhættu sem veigamestu markaðsáhattuna. Verðbólguáhætta er til staðar þar sem virði verðtryggðra eigna er hærra en virði verðtryggðra skulda. Virði þessara eigna og skulda breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs á hverjum tíma og allar breytingar á neysluverðsvísitölunni hafa áhrif á afkomu samstæðunnar. 1% hækkun á vísitölunni leiðir til 1.996 milljóna króna hækkunar hagnaðar fyrir skatta og 1% lækkun leiðir til samsvarandi lækkunar þegar aðrir áhættuþættir eru óbreyttir.

Áhrif breytinga á vísitölunni á hagnað eru sýnd fyrir skatt. Skattaáhrifin eru jöfn jaðarskatthlutfalli samstæðunnar. Gildandi skatthlutfall 20% af skattskyldum tekjum ársins 2025, auk þess greiðir samstæðan sérstakan fjársýsluskatt sem nemur 6% af skattskyldum hagnaði umfram 1 milljarð króna.

	31.12.2025	31.12.2024
Skuldabréf og skuldagerningar	2.277	3.905
Útlán til viðskiptavina	507.694	501.595
Verðtryggðar eignir samtals	509.971	505.500
Innlán viðskiptavina	120.742	119.588
Lántaka	163.411	155.184
Víkjandi lán	21.573	20.798
Liðir utan efnahags	4.493	16.521
Skortstöður	180	47
Verðtryggðar skuldir samtals	310.399	312.138
Verðtryggingarójöfnuður	199.572	193.362

59. Rekstraráhætta

Samstæðan skilgreinir rekstraráhættu sem áhættu á tapi sem afleiðingu af ófullnægjandi innri verkferlum, misbrestum á að verkferlum sé fylgt, mannlegum mistökum og kerfisbilunum eða vegna ytri atburða. Skilgreining samstæðunnar á rekstraráhættu felur í sér orðsporsáhættu, lagaáhættu, líkanaáhættu, háttsemisáhættu, upplýsinga- og öryggisáhættu og hlífingaráhættu ásamt öðrum áhættuþáttum.

Stjórn bankans er æðsta stjórnvald bankans og hefur endanlegt ákvörðunarvald um áhættustýringu innan bankans. Stjórnin mótar meginlínur rekstraráhættustýringar og innra eftirlits í stefnu bankans um rekstraráhættu, sem stjórnin hefur samþykkt. Áhættustýring ber ábyrgð á því að innleiða umgjörð fyrir stýringu rekstraráhættu, þróa og viðhalda rekstraráhættustefnu og miðla henni til starfsmanna bankans.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

60. Eiginfjárstýring

Eiginfjárförf samstæðunnar er reiknuð samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins nr. 575/2013 um varfæriskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja og lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

CRR 3 var innleitt á Íslandi í desember 2025 og hafði það töluverð áhrif á áhættugrunn og eiginfjárlutföll samstæðunnar. Innleiðing CRR 3 leiddi til 88 milljarða króna (7,8%) lækkunar á áhættugrunni, sem er að mestu vegna lækkunar á útlánaáhættugrunninum. Lækkunin leiddi til hækkunar á eiginfjárlutfalli almenns þáttar 1 úr 18,5% í 20,1%, eiginfjárlutfall þáttar 1 hækkaði úr 20,0% í 21,7% og eiginfjárlutfallið hækkaði úr 22,1% í 24%.

Áhættugrunnurinn fyrir útlána, markaðs og rekstraráhættu er reiknaður samkvæmt staðalaðferð, einfölduð staðalaðferð er notuð fyrir mótaðilaáhættu og einfölduð grundvallarnálgun fyrir aðlögun að útlánavirði.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar- og matsferlis Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands frá 30. júní 2025 skal viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn vera 1,4% af áhættugrunni. Heildarkrafa samstæðunnar um eiginfjárgrunn, að teknu tilliti til eiginfjárauka, er 19,1%. Eiginfjármarkmið samstæðunnar gerir ráð fyrir 1-3% stjórnendaauka ofan á heildareiginfjárröfuna.

Lög um fjármálafyrirtæki kveða á um að vogunarhlutfall skuli ekki fara undir 3%.

Töflurnar hér á eftir sýna eiginfjárgrunn, áhættugrunn, eiginfjárlutföll og vogunarhlutfall samstæðunnar þann 31. desember 2025 og 31. desember 2024.

	31.12.2025	31.12.2024
Eiginfjárgrunnur		
Hlutfé	8.900	9.473
Yfirverðsreikningur hlutafjár	42.472	55.000
Varasjóðir	7.201	7.102
Óráðstafað eigið fé	166.786	155.780
Gangvirðisbreyting fjárskulda vegna eigin útlánaáhættu	913	135
Fyrirsjáanlegar arðgreiðslur og samþykkt endurkaup*	(16.671)	(15.760)
Skatteign	(151)	(164)
Óefnislegar eignir	(1.822)	(2.070)
Ófullnægjandi virðisrýmun fyrir laskað láns hæfi	(52)	(17)
Almennt eigið fé þáttar 1 samtals	207.576	209.479
Viðbótareiginfjárpáttur 1	17.216	9.371
Eiginfjárpáttur 1	224.792	218.850
Eiginfjárpáttur 2	23.099	22.324
Eiginfjárgrunnur samtals	247.891	241.174

*Á aðalfundi Íslandsbanka 31. mars 2025 voru samþykkt endurkaup á allt að 10% af eigin bréfum og hefur Seðlabanki Íslands heimilað endurkaupin. Þann 31. desember 2025 eru 4,0 milljarðar króna útistandandi og eru því dregnir frá almennu eiginfé þáttar 1.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

60. Eiginfjárstýring (framhald)

	31.12.2025	31.12.2024
Áhættugrunnur		
Vegna útlánaáhættu	939.768	922.533
Vegna markaðsáhættu	4.093	10.606
Vegna aðlögunar á útlánavirði	1.375	714
Vegna rekstraráhættu	88.552	107.119
Áhættugrunnur samtals	1.033.788	1.040.972
Eiginfjárlutföll		
Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1	20,1%	20,1%
Eiginfjárlutfall þáttar 1	21,7%	21,0%
Eiginfjárlutfall	24,0%	23,2%
Vogunarhlutfall		
Áhættuskuldbindingar		
Liðir á efnahag	1.718.921	1.594.192
Liðir utan efnahags	68.948	57.583
Afleiður	9.852	9.223
Áhættuskuldbindingar samtals	1.797.721	1.660.998
Eiginfjárþáttur 1	224.792	218.850
Vogunarhlutfall	12,5%	13,2%

61. Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)

Samstæðan skal ávallt uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (e. MREL) samkvæmt tilskipunum 2014/59/ESB og (ESB) 2019/879 sem innleiddar voru í íslensk lög með lögum nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Skilavald Seðlabanka Íslands (skilavaldið) tekur ákvörðun um MREL-kröfu samstæðunnar.

Í árlegri ákvörðun skilavaldsins er lágmarkskrafa um eignfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (e. MREL) samstæðunnar 18,8% sem hlutfall af áhættugrunni (e. REA) og 6,0% sem hlutfall af heildar áhættuskuldbindingum (e. TEM). Í ákvörðuninni er jafnframt kveðið á um að hluti MREL-kröfu samstæðunnar þurfi að vera undirskipaður frá og með 4. október 2027. Undirskipaður hluti MREL-kröfu samstæðunnar mun að lágmarki þurfa að nema 13,5% af áhættugrunni. Þann 31. desember 2025 er undirskipaður hluti MREL samstæðunnar umfram þá kröfu sem gerð verður til undirskipaða hlutans.

MREL er birt án tillits til gildis samanlagðrar kröfu um eiginfjárauka, sem uppfylla þarf samhliða MREL sem hlutfall af áhættugrunni. Miðað við samanlagða kröfu um eiginfjárauka sem samstæðunni bar að uppfylla miðað við 31. desember 2025 er lágmarkskrafa um eignfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (e. MREL) samstæðunnar 28,5%.

Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar

	31.12.2025	31.12.2024
Eiginfjárgrunnur	247.891	241.174
Hæfar skuldbindingar	207.145	106.878
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar	455.036	348.052

Hlutföll eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga

Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem % af áhættugrunni (REA)	44,0%	33,4%
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem % af heildarmælistærð áhættuskuldbindinga (TEM)	25,3%	21,0%

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62. Helstu reikningsskilaaðferðir

Neðangreindum reikningsskilaaðferðum hefur verið beitt með samræmdum hætti af öllum félögum samstæðunnar á öll tímabil sem þessi samstæðuársreikningur nær yfir.

Efnisyfirlit

62.1 Grundvöllur samstæðu.....	79
62.2 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum.....	79
62.3 Fjáreignir og fjárskuldir.....	79
62.4 Handbært fé og ígildi þess.....	85
62.5 Afleiðusamningar.....	85
62.6 Áhættuvarnarreikningsskil.....	86
62.7 Leigusamningar.....	86
62.8 Lánsloforð.....	87
62.9 Skuldbindingar.....	87
62.10 Starfskjör.....	87
62.11 Eigið fé.....	87
62.12 Vaxtatekjur og vaxtagjöld.....	88
62.13 Þóknunatekjur og þóknanagjöld.....	89
62.14 Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld).....	89
62.15 Skattar.....	90

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62.1 Grundvöllur samstæðu

Ársreikningur samstæðu bankans samanstendur af ársreikningi Íslandsbanka hf., sem móðurfélags, og dótturfélaga hans.

Þegar nauðsyn krefur, eru gerðar breytingar á ársreikningum dótturfélaga til að samræma reikningsskil þeirra við reikningsskil samstæðunnar.

Sameining félaga

Samstæðan færir sameiningu félaga sem eru undir sameiginlegri stjórn á bókfærðu virði. Með þeirri aðferð metur samstæðan eignir og skuldir sem fást við sameiningu á núverandi bókfærðu virði.

Samstæðan færir sameiningu félaga með því að beita kaupaðferð. Með kaupaðferðinni skilgreinir samstæðan sjálfa sig sem kaupanda, ákvarðar kaupdaginn, skráir og metur á gangvirði aðgreinanlegar eignir sem keyptar eru, yfirteknar skuldir og alla hlutdeild minnihluta í hinu keypta félagi og skráir og metur alla viðskiptavild eða hagnað af kaupunum.

Sjóðastýring

Samstæðan rekur og hefur umsjón með eignum í verðbréfasjóðum, sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta og öðrum sérhæfðum sjóðum fyrir hönd fjárfesta. Slíkir sjóðir eru fjármagnaðir með útgáfu hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa. Samstæðan ber ekki neina samningsbundna fjárhagslega ábyrgð gagnvart slíkum sérsniðnum einingum. Reikningsskil þessara sjóða eru ekki innifalin í ársreikningi samstæðunnar, nema í þeim tilvikum þegar sjóðirnir lúta yfirráðum samstæðunnar.

Samstæðan fer yfir allar staðreyndir og kringumstæður til að ákvarða hvort taka skuli þessa sjóði inn í reikningsskil samstæðunnar. Samstæðan telst umbjóðandi og þar með hafa yfirráð yfir sjóðum og færir þá í ársreikning samstæðunnar, þegar hún sinnir hlutverki sjóðstjóra og verður ekki vikið til hliðar að ástæðulausu, fær breytilegar tekjur af verulegri eign hlutdeildarskírteina og/eða vegna ábyrgða og er í aðstöðu til að beita valdi sínu til að hafa áhrif á tekjur sjóðsins.

62.2 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum

Samstæðan færir fjárfestingu í hlutdeildarfélögum með hlutdeildaraðferð. Tekjur og gjöld vegna hlutdeildarfélaganna eru færð í rekstrarreikning undir liðinn „Aðrar rekstrartekjur“.

62.3 Fjáreignir og fjárskuldir

Skráning

Samstæðan skráir fjáreignir og fjárskuldir í efnahagsreikning á viðskiptadegi sem er sú dagsetning þegar samstæðan verður aðili að samningsbundnum ákvæðum gerningsins, nema fyrir útlán sem eru skráð á þeim degi sem samstæðan greiðir út lánið.

Afskráning

Sérhver hluti af fluttum fjáreignum sem uppfyllir skilyrði fyrir afskráningu og á uppruna sinn hjá samstæðunni eða er haldið eftir er skráður sem aðgreind eign eða skuld. Við afskráningu fjáreignar er mismunurinn milli bókfærðs virðis eignarinnar (eða þess bókfærða virðis sem er ráðstafað til þess hluta hinnar fluttu eignar), og samtölu (i) móttekins endurgjalds (þar á meðal sérhver ný eign sem fengist hefur að frádreginni sérhverri nýrri skuld sem stofnað er til) og (ii) alls uppsafnaðs hagnaðar eða taps sem hafði verið skráð í aðra heildaraðkomu, skráður í rekstrarreikning.

Samstæðan á viðskipti þar sem hún yfirfærir eignir sem skráðar eru í efnahagsreikningi, en heldur eftir annaðhvort allri áhættu og ávinningi eignanna sem yfirfærðar eru, eða hluta þeirra. Ef öllum eða verulegum hluta áhættu og ávinnings er haldið eftir, er yfirfærð eign ekki afskráð í efnahagsreikningi. Flutningur eigna þar sem haldið er eftir öllum eða verulegum hluta allrar áhættu og ávinnings felur meðal annars í sér endurhverf viðskipti og verðbréfalán.

Samstæðan afskráir ekki af efnahagsreikningi verðbréf sem samstæðan selur samkvæmt endurkaupasamningi á tilgreindum degi í framtíðinni (endurhverf viðskipti) á föstu verði eða á söluverði auk ágóða lánveitanda. Samstæðan skráir móttekið fé sem skuldbindingu í efnahagsreikningi. Mismunurinn á sölu- og kaupverði er færður sem vaxtakostnaður á líftíma samnings með aðferð virkra vaxta.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62.3 Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

Verðbréfalán og lánaviðskipti eru venjulega tryggð með verðbréfum eða handbæru fé. Flutningur verðbréfa til mótaðila er eingöngu tilgreindur í efnahagsreikningi ef áhætta og ávinningur vegna eignar eru líka flutt. Útgreitt lausafé eða lausafé mótttekið sem veð er skráð sem eign eða skuld.

Í viðskiptum þar sem samstæðan heldur yfirráðum yfir eigninni en hvorki heldur eftir né flytur efnislega alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi, heldur samstæðan áfram að færa eignina í samræmi við áframhaldandi þátttöku sína, að teknu tilliti til þess að hve miklu leyti hún er óvarin fyrir breytingum á verðmæti fluttu eignarinnar.

Skilamálabreytingar

Verulegar breytingar á skilmálum skráðra fjáreigna eða skipti á þeim fyrir nýjar með verulega breyttum skilmálum leiða til þess að samstæðan afskráir upphaflegu fjáreignirnar og skráir nýjar fjáreignir á gangvirði.

Flokkun og mat fjáreigna

Við upphaflega skráningu flokkar samstæðan fjáreignir sínar í eftirfarandi flokka:

- Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði
- Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu
- Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
- Afleiður í áhættuvörn

Flokkun fjáreigna byggir á mati á sjóðstreymiseinkennum eignanna og því viðskiptalíkani sem þær tilheyra.

Viðskiptalíkön

Viðskiptalíkön um stjórnun fjáreigna eru skilgreind af lykilstarfsmönnum samstæðunnar á grundvelli þess hvernig eignum er stýrt og afkoma þeirra kynnt stjórnendum. Viðskiptalíkönin eru skilgreind utan um flokka fjáreigna, sem stýrt er saman til að ná ákveðnu rekstrarmarkmiði en ekki á grundvelli einstakra fjáreigna. Viðskiptalíkön um stjórnun fjáreigna samstæðunnar eru þrenns konar: haldið til innlausnar (e. held to collect), haldið til innlausnar og til sölu (e. held to collect and for sale) og önnur gangvirðislíkön (e. other fair value business models) þar sem fjáreignum er haldið sem veltufjáreignum eða þær færðar á gangvirði án þess að falla undir fyrri tvö viðskiptalíkönin.

Eingöngu endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta (SPPI)

Prófað er hvort samningsbundið sjóðstreymi fjáreigna í flokkunum haldið til innlausnar og haldið til innlausnar og til sölu samanstandi eingöngu af endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta (e. solely payments of principal and interest – SPPI). SPPI eru greiðslur samkvæmt skilmálum almennra lánasamninga. Höfuðstóll er gangvirði fjáreignar við upphaflega skráningu og breytist yfir líftíma fjáreignarinnar, til dæmis ef greitt er inn á höfuðstól. Vextir eru arðsemi útlána, þar á meðal bætur fyrir tímavirði peninga og útlánaáættu sem tengist útistandandi höfuðstól yfir tímabil. Vextir geta einnig innihaldið endurgjald fyrir aðra útlánaþætti (t.d. lausafjáráhættu) og kostnað (t.d. þjónustugjöld eða stjórnunarkostnað) ásamt hagnaðarhlutfalli sem er í samræmi við almennan lánasamning.

Þar sem samningsskilmálar fela í sér áhættu eða flókt á sjóðstreymi sem eru ekki í samræmi við almenna lánasamninga er sú fjáreign flokkuð og metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign er færð á afskrifuðu kostnaðarverði ef samningsbundið sjóðstreymi hennar felur eingöngu í sér endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta og markmiðið er að halda eigninni til innlausnar.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði eru metnar með aðferð virkra vaxta. Afskrifað kostnaðarverð er reiknað með því að taka tillit til þeirrar fjárhæðar, sem eignirnar eru metnar á við upphaflega skráningu að frádregnum afborgunum af höfuðstól, að viðbætti eða frádregningu uppsafnaðri afskrift með aðferð virkra vaxta alls mismunar á upphaflegu fjárhæðinni og innlausnarvirðinu (svo sem vegna afsláttar eða álags við kaupin, þóknana og kostnaðar sem samofin er virkum vöxtum) og að frádregnu framlagi vegna virðisrýrnunar. Bókfært virði fjáreigna á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahagsreikningi inniheldur áfallna vexti. Virðisrýrnun og bakfærð virðisrýrnun eru færðar undir liðinn „Hrein virðisbreyting fjáreigna“ í rekstrarreikningi.

Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu

Fjáreign er færð á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu ef samningsbundið sjóðstreymi hennar felur eingöngu í sér endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta og markmiðið er að halda eigninni til innlausnar.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eru upphaflega skráðar og síðan metnar á gangvirði í efnahagsreikningi. Breytingar á gangvirði eru færðar í gegnum aðra heildarafkomu. Vaxtatekjur eru færðar með aðferð virkra vaxta og færast undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur“ og gengismunur sem færður er undir liðinn „Hreinn gengismunur“. Virðisrýrnun og bakfærð virðisrýrnun eru færðar undir liðinn „Hrein virðisbreyting fjáreigna“ í rekstrarreikningi, mótfærsla vegna virðisrýrnunar er svo færð í aðra heildarafkomu. Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu hefur ekki áhrif á bókfært virði fjáreigna, þar sem fjáreignirnar eru færðar á gangvirði. Við afskráningu fjáreigna í flokknum eru áður færðar gangvirðisbreytingar endurflokkaðar yfir á rekstrarreikning.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62.3 Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru allar aðrar fjáreignir sem eru ekki færðar á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Engar fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning hjá samstæðunni.

Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning undir liðinn „Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)“, að undanskildum áföllnum vöxtum sem færðir eru undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur“ og gengismunur sem færður er undir liðinn „Hreinn gengismunur“.

Veltufjáreignir í áhættuvörn

Veltufjáreignir í áhættuvörn samanstanda af afleiðusamningum með jákvætt gangvirði sem eru áhættuvarnargerningar (sjá skýringu 62.6).

Flokkun og mat fjárskulda

Til að meta fjárskuldir sínar aðgreinir samstæðan þær við upphaflega skráningu í eftirfarandi flokka, að undanskildum lánsloforðum (sjá skýringu 62.8) og fjárhagslegum ábyrgðum:

- Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði
- Fjárskuldir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
- Fjárskuldir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
- Afleiður í áhættuvörn

Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjárskuldir sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru fjárskuldir sem ekki eru afleiður. Fjárskuldir sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda meðal annars af innstæðum, lántökum og víkjandi lánum.

Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum áföllnum viðskiptakostnaði og síðan á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Afskrifað kostnaðarverð er reiknað með því að taka tillit til fjárhæðarinnar sem fjárskuldinnar eru metnar á við upphaflega skráningu að frádregnum afborgunum af höfuðstól, að viðbætti eða frádreginni uppsafnaðri afskrift með aðferð virkra vaxta á öllum mismun milli upphaflegrar fjárhæðar og innlausnarfjárhæðarinnar (svo sem vegna afsláttar eða álags við útgáfu, þóknana og kostnaðar sem samofin eru aðferð virkra vaxta). Áfallnir vextir eru hluti af bókfærðu virði fjárskuldanna í efnahagsreikningi.

Afskrifaður kostnaður tiltekinnar skuldabréfa, sem samstæðan hefur gefið út og eru tilgreind sem áhættuvarðir liðir þegar áhættuvarnarsambönd vegna gangvirðisáhættu eru skilgreind, er aðlagður eftir breytingum á gangvirði bréfanna sem rekja má til vaxtaáhættu (sjá skýringu 62.6).

Fjárskuldir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjárskuldir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru fjárskuldir sem aðallega er stofnað til í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða þóknunum vegna miðlunar. Fjárskuldir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru skortstöður í skráðum skuldabréfum og afleiðusamningum með neikvætt gangvirði sem ekki eru flokkaðar sem fjárhagslegar ábyrgðir og eru ekki áhættuvarnargerningar.

Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning undir liðinn „Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)“ að undanskildum áföllnum vöxtum sem færðir eru undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur“ og gengismunur sem færður er undir liðinn „Hreinn gengismunur“.

Fjárskuldir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjárskuldir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði og breytingar á gangvirði sem má rekja til breytinga á útlánaáhættu fjárskuldanna eru færðar í yfirlit um aðra heildarafkomu og eru ekki færðar í rekstrarreikning á síðari tímabilum. Það gangvirði sem eftir stendur er fært í gegnum rekstur undir liðinn „Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)“, að undanskildum áföllnum vöxum sem eru færðir undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur“ samkvæmt samningsvöxtum og gengishagnaður og -tap sem er fært undir liðinn „Hreinn gengismunur“.

Samstæðan reiknar gangvirði sem má rekja til breytinga á útlánaáhættu sem mismuninn á milli breytinga á gangvirði fjárskulda og gangvirðisbreytinga sem má rekja til breytinga á markaðsvöxtum. Breytingar á gangvirði sem má rekja til breytinga á markaðsvöxtum fjárskulda er reiknað með því að afvaxta samningsbundið sjóðstreymi í lok tímabilsins með afvöxtunarsuðli þeirra markaðsvaxta sem eiga við.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62.3 Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

Eftir upphaflega skráningu metur samstæðan hvort færsla hagnaðar og taps í yfirlit um aðra heildarafkomu skapi eða auki reikningsskilalegt ósamræmi í rekstrarreikningi, ef svo er þá er heildar gangvirðisbreytingin færð í rekstrarreikning.

Veltufjárskuldir í áhættuvörn

Veltufjárskuldir í áhættuvörn samanstanda af afleiðusamningum með neikvætt gangvirði sem eru áhættuvarnargerningar (sjá skýringu 62.6).

Mat á gangvirði

Gangvirði fjármálagernings er það verð sem væri greitt við kaup eða móttækið við sölu á viðkomandi fjármálagerningi í frjálsum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. Samstæðan metur gangvirði fjáreigna og fjárskulda út frá skráðu verði á virkum markaði þegar það er aðgengilegt. Markaður er talinn virkur ef skráð verð er aðgengilegt og tiltækt reglulega og ef þetta verð endurspeglar raunveruleg og regluleg viðskipti. Gangvirði byggist á nýjasta tiltæka markaðsverði á reikningsskiladegi.

Ef ekki er til virkur markaður fyrir fjármálagerning ákvarðar samstæðan gangvirði með verðmatsaðferðum. Meðal verðmatsaðferða eru núvirðis- og fjárstreymislíkön, samanburður við svipaða fjármálagerninga þar sem þekkt verð á markaði er fyrir hendi, Black-Scholes verðlagningarlíkan og önnur virðislíkön. Forsendur sem eru meðal annars notaðar í verðmatsaðferðum eru áhættulausir vextir og viðmiðunarvextir, áhættuálag og aðrir þættir sem eru notaðir til að meta afvöxtunarsuðla, verð skuldabréfa og gengi hlutabréfa, gengi erlendra gjaldmiðla, ásamt flökti á verði og fylgni þess. Í vissum tilfellum, ef erfitt er að nálgast óháð mat fyrir inntaksbreytur í líkönum, er stuðst við mat sérfræðinga samstæðunnar. Gangvirði endurspeglar útlánaáhættu fjármálagerningsins og felur í sér leiðréttingar til að taka tillit til útlánaáhættu samstæðunnar og gagnaðilans þar sem við á.

Samstæðan prófar verðmatsaðferðir reglubundið og stillir af með hliðsjón af sögulegum gögnum og með því að styðjast við verð í nýlegum, þekktum markaðsviðskiptum með sama fjármálagerning eða á grundvelli annarra tiltækra og þekktra markaðsgagna.

Breytingar á gangvirði fjáreigna og fjárskulda eru færðar í rekstrarreikning undir liðinn „Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)“.

Samstæðan hefur sett upp skipulagt eftirlit með mati á gangvirði fjármálagerninga. Viðskiptaæiningar sem eiga viðkomandi eignir eru ábyrgar fyrir mati á virði þeirra og að leggja verðmatið fyrir fjárfestingarráð til samþykktar. Áhættustýring rýnir niðurstöðurnar, verðmatsaðferðirnar og forsendur verðmatsins. Endanlegt mat er staðfest af fjárfestinganefnd bankans.

Fjármálagerningar sem færðir eru á gangvirði eru flokkaðir í þrjú þrep sem endurspeglar hvaða gögn voru notuð við mat á virði þeirra. Samstæðan metur í lok hvers uppgjörstímabils hvort eignir og skuldir sem metnar eru á gangvirði hafi færst á milli þrepa með því að yfirfara flokkunina. Er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna og er það lægst flokkaða veigamikla breytan sem ræður flokkuninni.

1. þrep: Gangvirði ákvarðað út frá markaðsverði

Fjármálagerningar í þessu þrepi eru fjáreignir og fjárskuldir sem innihalda skuldabréf og hlutabréf sem virk viðskipti eru með og skráð eru á markað hér á landi eða erlendis.

2. þrep: Gangvirði ákvarðað með matsaðferðum á grundvelli markaðsupplýsinga

Fjármálagerningar í þessu þrepi eru innlend skuldabréf, hlutabréf og afleiður. Samstæðan flokkar vaxtaafleiður, eins og vaxtaskiptasamninga og gjaldeyrisvaxtaskiptasamninga, í 2. þrep og reiknar núvirði af væntu framtíðargreiðsluflæði þeirra með vaxtaferlum sem metnir eru út frá til að mynda kjörum í vaxtaskiptasamningum og framvirkum vöxtum. Framvirkir gjaldeyrissamningar og gjaldeyrisskiptasamningar eru flokkaðir í 2. þrepi og verðlagðir með því að nota stundargengi, sem búið er að leiðrétta með framvirku álagi í punktum (hundraðshlutum úr einu prósentustigi) en upplýsingar um þá má fá af markaði. Framvirkir skuldabréfa- og hlutabréfasamningar eru einnig flokkaðir í 2. þrepi og verðlagðir með hefðbundnum líkönum sem byggjast meðal annars á hlutabréfaverði og fjármögnunarkostnaði útgefendanna.

3. þrep: Gangvirði ákvarðað með matsaðferðum sem byggja að miklu leyti á upplýsingum sem ekki er hægt að staðfesta á markaði

Fjármálagerningar í þessu þrepi eru fyrst og fremst óskráð illseljanleg hlutabréf og skuldabréf. Óskráð hlutabréf og skuldabréf eru upphaflega skráð á kostnaðarverði en í lok hvers ársfjórðungs, að teknu tilliti til verðmatsaðferða sem er lýst hér að ofan, eru þau endurmetin.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62.3 Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

Virðisrýrnun fjáreigna

Virðisrýrnunarlíkaníð sem IFRS 9 byggir á lítur til atburða sem gætu gerst í framtíðinni og virðisrýrnun skv. IFRS 9 á að endurspegla líkindavegið meðaltal fyrir allar mögulegar útkomur. Þar að auki byggir virðisrýrnunarlíkan skv. IFRS 9 á tvenns konar mælingum á væntu útlánatapi, annars vegar á væntu útlánatapi vegna atburða sem verða á næstu 12 mánuðum frá reikningsskiladegi og hins vegar á væntu útlánatapi vegna allra atburða sem verða á líftíma fjáreignarinnar. Það hvor mælingin er valin byggir á því hvort vart hafi orðið verulega aukinnar útlánaáhhættu vegna fjáreignarinnar á reikningsskiladegi samanborið við þá útlánaáhhættu sem metin var við upphaflega skráningu eignarinnar. Til að uppfylla kröfur IFRS 9 þá verður að byggja talsvert á líkönum. Þau líkön sem samstæðan notar til þess eru þróuð og þeim viðhaldið samkvæmt ramma samstæðunnar um líkanagerð. Til þess að líkan rúmist innan þessa ramma þurfa tilteknar kröfur að vera uppfylltar um upphaflega þróun líkansins, skjölun, þar með talið kennsluefni fyrir endanotendur, samþykktarferli, útfærslu í tölvukerfum og viðhald, þar með talið staðfestingar og gæðaprófanir. Virðisrýrnunarferli samstæðunnar, það er að segja allt það ferli sem þarf að vera virkt til að skila viðeigandi mati á virðisrýrnun á hverjum reikningsskiladegi, er skjalfest og staðfest af áhættustefnunefnd bankans.

Skipting fjáreigna í stig

Á hverjum reikningsskiladegi þarf að skipta öllum fjáreignum sem eru metnar í virðisrýrnunarferlinu í þrjá hópa sem nefnast „stig“. Þessi skipting endurspeglar hversu mikið útlánaáhhætta vegna eignarinnar hefur aukist frá upphaflegri skráningu eignarinnar. Skiptingin ákvarðar hvernig virðisrýrnun eignarinnar er metin og hvernig vextir af eigninni eru bókfærðir.

Stig 1

Allar fjáreignir þar sem ekki hefur orðið vart verulegrar aukningar á útlánaáhhættu eru færðar á stig 1. Fyrir fjáreignir á þessu stigi þá er fjárhæð virðisrýrnunar metin sem vænt útlánatap vegna atburða sem geta orðið á næstu 12 mánuðum frá reikningsskiladegi. Vextir af eigninni eru bókfærðir út frá vergu bókfærðu virði eignarinnar.

Stig 2

Fjáreignir á stigi 2 eru fjáreignir sem samstæðan metur sem svo að vart hafi orðið verulega aukinnar útlánaáhhættu frá upphaflegri skráningu eignarinnar. Fyrir fjáreignir á þessu stigi þá er fjárhæð virðisrýrnunar metin sem vænt útlánatap vegna allra atburða sem geta orðið á líftíma eignarinnar. Vextir af eigninni eru bókfærðir út frá vergu bókfærðu virði eignarinnar.

Skilgreining samstæðunnar á verulegri aukningu á útlánaáhhættu er fyrir hverja fjáreign fyrir sig. Samstæðan metur það sem svo að veruleg aukning hafi orðið á útlánaáhhættu ef líkur hafa aukist verulega á að vanefndaatburður (þ.e. færsla á stig 3) muni eiga sér stað á líftíma eignarinnar samanborið við hvernig þessar líkur voru metnar við upphaflega skráningu eignarinnar. Í þessu samhengi þá vísar upphafleg skráning eignarinnar til upphafs samningsins en ekki til atburða þar sem samningnum var breytt og þær breytingar leiddu ekki til afskráningar eignarinnar. Mat á því hvort veruleg aukning hafi orðið á útlánaáhhættu er byggt á nokkrum skilgreindum vísbendingum. Ein þeirra er sú að eign sé komin í yfir 30 daga vanskil og samstæðan lítur ekki fram hjá þeirri vísbendingu. Aðrar vísbendingar eru mat samstæðunnar á framtíðarhorfum viðskiptavinar, atburðir eins og veiting umlíðunar sem eru ekki það alvarlegir að þeir leiði til laskaðs lánshæfis, skráningar á vanskilaskrá og veruleg hækkun á vanefndalíkum samkvæmt áhættumati. Skilgreiningin á verulegri aukningu á útlánaáhhættu byggist eingöngu á mati á líkum á færslu á stig 3 en það felur í sér að ekki er tekið tillit til tryggingastöðu eða annarra upplýsinga sem hafa einungis áhrif á tap að gefnum vanefndum. Þegar þær vísbendingar sem leiddu til flutnings á stig 2 eiga ekki lengur við fyrir tiltekna fjáreign þá færir hún aftur á stig 1. Einnig má geta þess að fjáreignir eru sagðar vera með umlíðun í tvö ár eftir að umlíðunaratburður hefur átt sér stað en umlíðunaratburðir leiða einungis til þess að eignir eru á stigi 2 í tólf mánuði. Eftir það færast þær aftur yfir á stig 1 nema aðrar vísbendingar fyrir flutningi á stig 2 séu til staðar.

Samstæðan nýtir ekki undanþágu sem heimil er samkvæmt IFRS 9 fyrir fjáreignir þar sem útlánaáhhætta er lítil. Í samræmi við skipulag samstæðunnar þá hefur samstæðan sett sér þá stefnu að mæla virðisrýrnunarframlag fyrir eignaleigusamninga byggt á væntu útlánatapi út líftíma samnings einungis fyrir þá samninga þar sem vart hefur orðið verulegrar aukningar á útlánaáhhættu. Fyrir aðra eignaleigusamninga er virðisrýrnunarframlagið jafnt mati á væntu útlánatapi vegna atburða sem verða á næstu 12 mánuðum frá reikningsskiladegi.

Stig 3

Þetta stig er fyrir þær fjáreignir þar sem útlánaáhhætta hefur raungerst. Fyrir þessar fjáreignir hefur því útlánaáhhættuatburður nú þegar átt sér stað og lítið er svo á að þær séu enn í vanefndum. Þar af leiðandi er vænt útlánatap vegna atburða næstu 12 mánaða og vegna atburða allan líftíma fjáreignarinnar það sama. Sú fjárhæð er bókfærð sem virðisrýrnun fjáreignarinnar. Vextir af eignum á þessu stigi eru færðir út frá nettó bókfærðu virði eignarinnar, þ.e. að fráregnu virðisrýrnunarframlagi.

Skilgreining samstæðunnar á því að útlánaáhhætta hafi raungerst á við hvern viðskiptavin fyrir sig en ekki hverja fjáreign. Í orðfæri samstæðunnar nefnist þetta ástand laskað lánshæfi og samkvæmt skilgreiningu þá telst viðskiptavinur hafa laskað lánshæfi ef annað af eftirfarandi gildir:

- Það er mat samstæðunnar að ólíklegt sé að viðskiptavinur geti staðið í skilum í samræmi við skilmála án þess að samstæðan gripi til fullnustuaðgerða samkvæmt lánasamningi, eða
- Vanskil viðskiptavinar hafa verið yfir mikilvægisþröskuldi umfram 90 daga

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62.3 Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

Mat samstæðunnar skv. a) lið er byggt á skilgreindum vísbendingum, þar á meðal eru alvarleg brot á kvöðum samninga, skráningar á innri válista, upphaf alvarlegra innheimtuaðgerða og alvarlegar skráningar á ytri vanskilaskrá. Þá eru einnig ákveðnar forsendur sem viðskiptavinir, sem eru með laskað láns hæfi, verða að uppfylla til að losna undan því að vera með laskað láns hæfi. Þar á meðal er reynslutími og einnig er horft til framtíðarhorfa viðskiptavinar.

Vænt útlánatáp

Fyrir sérhverja fjáreign þá er vænt útlánatáp reiknað út frá líkönum samstæðunnar sem meta líkur á að vanefndaatburður muni eiga sér stað (PD), líkönum sem meta hversu stórt hlutfall af þeirri fjárhæð sem samstæðan er útsett fyrir tapi á muni tapast þegar til vanefnda kemur (LGD) og líkönum sem meta hver fjárhæðin sem samstæðan er útsett fyrir tapi á verður þegar vanefndaatburður á sér stað (EAD).

PD líkön samstæðunnar skiptast í alsjálfvirk líkön og líkön sem byggja á sérfræðimati í meira eða minna mæli. Fyrir þau líkön þar sem sérfræðimat kemur við sögu þá er til staðar ferli til þess að tryggja eftirlit með matinu og að matið sé endurnýjað eins oft og þörf er á. Inntaksgögnin fyrir líkönin eru meðal annars lýðfræðilegar upplýsingar, upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja og söguleg greiðsluhegðun.

Tillit er tekið til efnahagsástands í PD líkönum með því að beita skölunarstuðlum sem varpa meðaltals PD gildum yfir heila efnahagssveiflu yfir í PD gildi sem hæfa efnahagsástandinu hverju sinni. Samstæðan er með líkan til að meta þessa skölunarstuðla út frá efnahagsspám sem unnar eru af aðalagfræðingi bankans. Útkoman úr spánni er mat á safni af hagstærðum fimm ár fram í tímann. Líkaninu er beitt á hluta af þessum stærðum og skilar það skölunarstuðlum. Skölunarstuðlarnir eru yfirfarnir í áhættustefnunefnd bankans með tilliti til allra hagstærða í spánni og annarra viðeigandi þátta og nefndin samþykkir notkun þeirra við útreikning virðisrýmunarinnar. Þetta ferli er framkvæmt a.m.k. ársfjórðungslega.

Samstæðan notar þrjár mismunandi sviðsmyndir. Fyrir utan grunnsviðmyndina eru skölunarstuðlar reiknaðir fyrir bjartsýnni og svartsýnni sviðsmyndir. Þetta er gert til þess að ná utan um ólíka möguleika á framtíðarþróun. Endanlegt mat á virðisrýmun endurspeglar þannig líkindavegið meðaltal af væntu útlánatapi í ólíkum sviðsmyndum.

Áhættustefnunefnd ákvað að það væri viðeigandi að hnika til hlutfallslegu vægi framtíðarsviðsmyndanna til að taka óvissu í efnahagsumhverfinu betur með í reikninginn. Yfirleitt eru sviðsmyndirnar með vægið 25%-50%-25% (bjartsýn, grunnmynd, svartsýn) en ákveðið var að hafa vægið 20%-50%-30% í árslok 2025 til að endurspegla bestu nálgun á líkindavegið meðaltal af öllum mögulegum sviðsmyndum. Vægi framtíðarsviðsmynda hefur verið óbreytt undanfarin ár.

Taflan hér fyrir neðan sýnir þjóðhagsstærðir úr efnahagsspá aðalagfræðings bankans sem eru notaðar fyrir útreikninga í öllum sviðsmyndum á væntu útlánatapi 31.12.2025.

Breyting á hagstærðum %	Áætlun 2025	Spá 2026	Spá 2027	Spá 2028	Spá 2029
Hagvöxtur (raunbreyting VLF milli ára)	2,2	0,8	2,4	2,4	2,4
Húsnæðisverð á Íslandi (meðalbreyting milli ára)	5,1	4,3	4,6	3,5	3,5
Kaupmáttur (meðalbreyting milli ára)	3,8	1,9	1,6	1,2	1,4
Gengisvísitala krónunnar (breyting milli ársmeðaltala)	(4,3)	(0,1)	1,8	1,0	1,0
Megininvestir Seðlabanka Íslands (ársmeðaltal)	7,7	6,3	5,8	5,8	5,8
Verðbólga (ársmeðaltal)	4,0	3,4	3,3	3,3	3,1
Fjármunamyndun (raunbreyting milli ára)	6,0	(3,6)	2,0	3,0	3,0
- þar af atvinnuvegafjárfesting	8,2	(6,8)	0,8	2,8	2,8

Taflan hér fyrir neðan sýnir þjóðhagsstærðir úr efnahagsspá aðalagfræðings bankans sem eru notaðar fyrir útreikninga í öllum sviðsmyndum á væntu útlánatapi 31.12.2024.

Breyting á hagstærðum %	Áætlun 2024	Spá 2025	Spá 2026	Spá 2027	Spá 2028
Hagvöxtur (raunbreyting VLF milli ára)	0,3	1,2	2,5	2,5	2,4
Húsnæðisverð á Íslandi (meðalbreyting milli ára)	10,7	7,0	6,1	3,5	3,5
Kaupmáttur (meðalbreyting milli ára)	(0,2)	1,8	1,9	1,5	1,4
Gengisvísitala krónunnar (breyting milli ársmeðaltala)	0,0	0,2	(1,5)	1,0	1,0
Megininvestir Seðlabanka Íslands (ársmeðaltal)	9,1	7,5	5,7	5,5	5,0
Verðbólga (ársmeðaltal)	5,9	3,3	2,8	2,7	3,1
Fjármunamyndun (raunbreyting milli ára)	2,3	0,2	3,8	2,9	2,9
- þar af atvinnuvegafjárfesting	2,6	(0,9)	4,0	2,8	2,8

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62.3 Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

Líkan samstæðunnar um LGD byggir á nokkrum sviðsmyndum um hver afdrif fjáreignar geta orðið þegar laskað láns hæfi hefur átt sér stað. Einn möguleiki er að fjáreignin komist aftur í skil án taps fyrir samstæðuna. Ef það gerist ekki þá geta endurheimtur byggst á því að samstæðan leysi til sín tryggingar. Til þess að meta endurheimtur í slíkri sviðsmynd þá eru skoðaðir nokkrir ólíkir möguleikar fyrir þróun virðis veðandlaga. Einnig geta orðið endurheimtur þó ekki séu tryggingar til staðar fyrir fjáreigninni. Þessar ólíku sviðsmyndir fyrir endurheimtur eru vegnar saman á ólíkan hátt í samræmi við þær efnahagsforsendur sem liggja til grundvallar. Þannig verður til ólínulegt samhengi milli efnahagsástands og vænts útlánataps þannig að vegið meðaltal vænts útlánataps verður ekki það sama og vænt útlánataps í þeirri sviðsmynd sem liggur í miðju dreifingar efnahagssviðsmyndanna.

Til að leggja mat á það hversu hárrí fjárhæð samstæðan er útsett fyrir tapi á, þegar til vanefnda kemur, þá er nauðsynlegt að taka tillit til væntra endurgreiðslna á lánum í endurgreiðsluferli og væntri nýtingu á lánsloforðum svo sem kreditkortum, yfirdráttum, ábyrgðum og lánalínum. Væntur líftími fjáreigna getur einnig verið lengri en samningsbundinn líftími þeirra gefur til kynna ef það er almenn regla að samningarnir séu framlengdir.

Reglur um afskriftir

Þegar fyrir liggur að frekari innheimtuaðgerðir krafna munu verða árangurslausar eða of kostnaðarsamar þá telst krafa töpuð og er afskrifuð í bókum samstæðunnar. Afskrift breytir ekki lögvarðri kröfu á viðskiptamann og hafi ekki verið samið um annað skal afskrifuð krafa færð á kröfuvakt. Beri innheimta á kröfuvakt árangur er fjárhæðin tekjufærð í rekstrarreikning.

Virðisrýmunarferillinn

Samkvæmt virðisrýmunarferli samstæðunnar þá er skipting fjáreigna í stig og útreikningur vænts útlánataps gerður samkvæmt þeim reglum og með þeim líkönum sem lýst er að ofan. Útkoman er yfirfarin af viðskiptaæiningum samstæðunnar og þær geta lagt til breytingar að uppfylltum skilyrðum um nauðsynlegan rökstuðning fyrir þeim. Matið á virðisrýmuninni og allar tillögur að breytingum eru yfirfarnar af virðisrýmunarráði sem skipað er af áhættustefnunefnd bankans. Endanlegt mat á virðisrýmun er samþykkt í áhættustefnunefnd bankans ársfjórðungslega.

Í allri umfjöllun um virðisrýmun hér að ofan eru mikilvægissjónarmið höfð til hliðsjónar þannig að ekki er fjallað um atriði og undantekningar sem teljast ekki mikilvæg.

62.4 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé og ígildi þess er fært á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahagsreikningi og telst bera litla útlánaáhættu á reikningsskiladegi.

Til handbærs fjár og ígildis þess í sjóðstreymisýfirliti telst reiðufé, óbundnar innstæður hjá Seðlabanka Íslands og útlán til lánastofnana að undanskildum útlánum til lánastofnana sem eru veðsett sem trygging vegna afleiðugerninga.

Handbært fé og ígildi þess samanstendur af innstæðum með gjalddaga innan þriggja mánaða frá móttöku.

62.5 Afleiðusamningar

Afleiður eru aðallega notaðar í veltuviðskiptum en eru einnig notaðar til að verja samstæðuna gegn áhættum af ýmsu tagi eins og vaxtaáhættu, verðbólguáhættu og gjaldeyrisáhættu. Afleiður eru flokkaðar sem fjáreignir eða fjárskuldir, metnar á gangvirði og skráðar í efnahagsreikning sem eignir eða skuldir, eftir því hvort gangvirði þeirra á uppgjörstegi er jákvætt (eignir) eða neikvætt (skuldir).

Samstæðan beitir áhættuvarnarreikningsskilum og í samræmi við það færir samstæðan ákveðnar afleiðueignir og -skuldir sem tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning en aðrar sem afleiðueignir eða -skuldir í áhættuvörn (sjá skýringu 62.3 og skýringu 62.6).

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62.6 Áhættuvarnarreikningsskil

IFRS 9 heimilar að beita áfram reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram í IAS 39 um áhættuvarnarreikningsskil og hefur samstæðan ákveðið að nýta þessa heimild.

Við upphaflega skráningu áhættuvarnanna, skráði samstæðan sambandið milli áhættuvarnargerninganna og hinna áhættuvörðu liða með formlegum hætti, þar á meðal markmið og stefnu áhættustýringar við beitingu áhættuvarnarinnar, ásamt aðferðinni sem notuð verður til að meta skilvirkni áhættuvarnarsambandanna. Samstæðan framkvæmir mat, bæði við upphaf áhættuvarnarsambandanna og á áframhaldandi grundvelli, á því hvort búist sé við því að áhættuvarnargerningarnir komi að miklu gagni við að vega á móti breytingum á gangvirði hinna áhættuvörðu liða á því tímabili sem áhættuvörnin nær yfir og hvort raunveruleg áhrif af hverri áhættuvörn sé á bilinu 80-125%.

Samstæðan beitir gangvirðisvarnarreikningsskilum þar sem áhættuvarnarsamböndin samanstanda af tilteknum skuldabréfum, sem samstæðan hefur gefið út í evrum á föstum vöxtum, sem hinir áhættuvörðu liðir og áhættuvarnargerningarnir eru tilteknir vaxtaskiptasamningar í evrum, þar sem samstæðan greiðir breytilega vexti og fær fasta vexti. Áhættuvarnarsamböndin eru skilgreind og færð sem gangvirðisvarnir þar sem vaxtaskiptasamningarnir verja samstæðuna fyrir áhættu vegna breytinga á gangvirði skuldabréfanna sem stafa af vaxtabreytingum. Samstæðan færir breytingarnar á gangvirði vaxtaskiptasamninganna strax í rekstrarreikning ásamt breytingunum á gangvirði skuldabréfanna sem rekja má til vaxtaáhættunnar. Breytingar á hreinu gangvirði vaxtaskiptasamninganna og skuldabréfanna eru færðar undir liðinn „Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)“, áfallnir vextir af skuldabréfunum og vaxtaskiptasamningunum eru færðir undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur“ og gengishagnaður og gengistap af skuldabréfunum er fært undir liðinn „Hreinn gengismunur“.

Ef afleiðusamningur sem notaður er í áhættuvörn rennur út, er seldur, honum er slitið eða samningur er nýttur, eða áhættuvörn uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir gangvirðisvarnarreikningsskilum eða skilgreining áhættuvarnar er afturkölluð, þá eru áhættuvarnarreikningsskil fyrir viðkomandi áhættuvarnarsamband felld niður til frambúðar. Leiðréttingar á áhættuvörðum lið, þar sem aðferð virkra vaxta er beitt á, upp að því marki að hann er felldur niður, eru afskrifaðar í rekstrarreikningi sem hluti af endurútreiknuðu núvirði liðsins það sem eftir er af líftíma hans.

62.7 Leigusamningar

Samstæðan hefur ákveðið að færa samninga sem eru leigusamningar að hluta til eða að öllu leyti sem leigusamninga.

Samstæðan sem leigutaki

Samstæðan notar samræmda aðferð við að færa og meta leigusamninga fyrir utan leigusamninga til styttri tíma og leigusamninga með lágt virði. Samstæðan færir leiguskuld og nýtingarrétt eignar í upphafi leigusamnings. Samstæðan hefur ákveðið að færa ekki nýtingarrétt eigna og leiguskuldir fyrir skammtímaleigusamninga sem hafa leigutímabil sem er styttra en 12 mánuðir og leigusamninga fyrir eignir með lágt virði. Samstæðan færir leigugreiðslur sem tengjast þessum leigusamningum sem gjöld á línulegum grunni yfir leigutímabilið.

Samstæðan setur nýtingarrétt eigna fram undir liðinn „Rekstrarfjármunir“ og leiguskuldir undir liðinn „Aðrar skuldir“ í efnahagsreikningi. Nánar er fjallað um tímagreiningu leiguskulda í skýringu 53. Vextir af leiguskuldum eru færðir í rekstrarreikningi undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur“. Afskriftir á nýtingarrétti eigna eru færðar í rekstrarreikningi undir liðinn „Annar rekstrarkostnaður“.

Samstæðan sem leigusali

Þar sem samstæðan er leigusali í fjármögnunarleigu, færir samstæðan kröfu sem jafngildir hreinni fjárfestingu í leigunni undir liðinn „Útlán til viðskiptavina“ í efnahagsreikningi. Samstæðan beitir reikningsskilaaðferðum sínum um afskráningu og virðisrýrnun fjáreigna einnig á fjármögnunarleigukröfur sínar. Samstæðan færir fjármagnstekjur af fjármögnunarleigu í rekstrarreikningi undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur“ á leigutímanum með línulegum hætti.

Þegar samstæðan er leigusali í samningum sem teljast vera lögformlegir fjármögnunarleigusamningar en eru efnislega lánasamningar flokkar samstæðan þá meðal útlána á afskrifuðu kostnaðarverði.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62.8 Lánsloforð

Lánsloforð eru skuldbindingar samstæðunnar til að útvega lánsfé samkvæmt bindandi samkomulagi um skipti á ákveðnum fjármunum á tilgreindu verði á tilgreindri framtíðardagsetningu eða dagsetningum. Vænt útlánatap vegna lánsloforða (sjá skýringu 62.3) er fært í efnahagsreikning undir liðinn „Aðrar skuldir“. Þóknarir vegna lánsloforða sem samstæðan veitir viðtöku eru færðar í rekstrarreikning undir liðinn „Hreinar þóknatekjur (gjöld)“.

62.9 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar þegar lagaleg eða rökstudd greiðsluskylda hvílir á samstæðunni vegna liðinna atburða, ef líklegt þykir að samstæðan þurfi að gera upp skuldbindinguna með fjármunum og hægt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæðin sem færð er sem skuldbinding er áreiðanlegasta matið á því endurgjaldi sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingar á reikningsskiladegi, að teknu tilliti til áhættu og óvissu sem tengist skuldbindingunni. Þegar skuldbinding er metin út frá því framtíðargreiðslufæði sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingu, er bókfært virði hennar núvirði greiðslufæðisins. Ekki er greint frá öllum upplýsingum um ákveðin mál ef það er mat stjórnenda að það kynni að hafa áhrif á niðurstöðu málanna.

Þegar þess er vænst að hluti eða allur efnahagslegur ávinningur sem þarf til að gera upp skuldbindingu verði endurheimtur frá þriðja aðila og nær öruggt er að endurgreiðslan verði innheimt og hægt er að meta fjárhæð viðskiptakröfunnar á áreiðanlegan hátt er viðskiptakrafan skráð sem eign.

62.10 Starfskjör

Öll félög samstæðunnar eru skuldbundin til að greiða lögbundin og samningsbundin iðgjöld með framlagi í almenna lífeyrissjóði og séreignarsjóði. Samstæðan hefur engar frekari greiðsluskyldur umfram þessi framlög. Samstæðan færir þessi iðgjöld meðal launatengdra gjalda þegar þau falla til. Samstæðan hefur ekki skilgreint eftirlaunakerfi.

Samningar sem gerðir verða upp með afhendingu hlutabréfa eru metnir á gangvirði á samningsdegi. Gangvirði samningana á samningsdegi er gjaldfært línulega yfir ávinnslutíma, byggt á mati samstæðunnar á ávinnslu á innlausnardegi. Kostnaður við samninga sem gerðir verða upp með afhendingu hlutabréfa er gjaldfærður í rekstrareikning undir liðnum „Laun og launatengd gjöld“.

62.11 Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé sem sýnt er í ársreikningi samstæðunnar samanstendur af almennum hlutum samþykktum og útgefnum af bankanum þar sem hver hlutur er jafnvirði fimm króna. Viðbótarkostnaður, sem rekja má beint til útgáfu almennra hluta, er færður sem frádráttur frá eigin fé, að frádragnum öllum skattaáhrifum.

Arður af hlutabréfum

Arður til hluthafa bankans er færður sem skuld og dreginn frá eigin fé á því reikningstímabili sem hann er samþykktur af hluthöfum á aðalfundi bankans. Arður sem ákveðinn er eftir uppgjörsdag er ekki færður sem skuld á uppgjörsdegi.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutfélög nr. 2/1995 skal lögbundinn varasjóður nema 25% af hlutfé bankans.

Bundnir varasjóðir

Samstæðan skal eftir því sem við á færa tiltekna fjárhæðir af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn varasjóð. Fjárhæðir á bundnum varasjóðum eru ekki tækar til arðgreiðslna.

Bundinn varasjóður vegna gangvirðisbreytinga fjáreigna í fjárfestingarbók

Samstæðan færir gangvirðisbreytingar, vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn varasjóð, að teknu tilliti til skattáhrifa ef við á. Fjárhæðir sem færðar hafa verið á bundinn varasjóð eru færðar á óráðstafað eigið fé við sölu fjáreignarinnar.

Bundinn varasjóður vegna eignfærðs þróunarkostnaðar

Við eignfærslu þróunarkostnaðar færir samstæðan sömu fjárhæð af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn varasjóð. Fjárhæðir sem færðar eru á bundinn varasjóð eru færðar til baka á óráðstafað eigið fé í samræmi við afskrift eignfærðs þróunarkostnaðar sem færð er í rekstrarreikning.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62.11 Eigið fé (framhald)

Bundinn varasjóður vegna óinnleysts hagnaðar af hlutdeildarfélagum

Sé hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, færir samstæðan mismuninn á bundinn varasjóð. Bundni varasjóðurinn skal, eftir því sem við á, leystur upp með færslu á óráðstafað eigið fé ef eignarhluturinn er seldur eða hann afskrifaður.

Bundinn varasjóður vegna skuldagerna á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu

Bundinn varasjóður vegna skuldagerna á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu samanstendur af gangvirðisbreytingum skuldagerna sem færðir eru á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, að teknu tilliti til skattaáhrifa. Við afskráningu eru gangvirðisbreytingar endurflokkaðar yfir í rekstrarreikning.

Varasjóður útlánaáættu fjárskulda

Breytingar á gangvirði eigin útlánaáættu fjárskulda sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á varasjóð útlánaáættu fjárskulda. Gangvirðisbreytingarnar eru ekki endurflokkaðar yfir í rekstrarreikning við greiðslu skuldar.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur er gengismunur vegna þýðingar reikningsskila erlendra dótturfélaga í íslenskar krónur.

62.12 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna allra fjáreigna og fjárskulda sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem afvaxtar vænt framtíðargreiðslufæði fjáreignar eða fjárskuldar yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins eða styttra tímabil, eftir því sem við á, til bókfærðs virðis fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað samstæðan greiðslufæði með tilliti til allra samningsskilmála fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til vænts útlánataps. Við útreikninginn er tekið tillit til allra þóknana og greiðslna á milli samningsaðila sem heyra undir hlutfall virkra vaxta, sem og viðskiptakostnaðar, yfirverðs og affalla.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem samstæðan gefur sér við upphaflega skráningu fjáreignar og fjárskuldar og bókfært virði þeirra er síðan aðlagð ef áætlanir um greiðslur og innborganir eru endurmetnar. Bókfært virði er endurreiknað með sömu ávöxtunarkröfu og notuð var við upphaflega skráningu. Breytingar á bókfærðu virði eru færðar sem vaxtatekjur eða vaxtagjöld. Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna fjármálagerna á breytilegum vöxtum, eru skráð á gildandi markaðsvöxtum að viðbættum afskriftum eða að frádregnu álagi eða afföllum, sem byggjast á upprunalegri ávöxtunarkröfu.

Vextir á virðisrýrðar fjáreignir eru reiknaðir með upphaflegri ávöxtunarkröfu fjáreignarinnar. Fyrir fjáreignir á stigi 1 og stigi 2 eru vextir reiknaðir af vergu bókfærðu virði eignanna og vegna fjáreigna á stigi 3 eru vextir reiknaðir af vergu bókfærðu virði eignanna að frádregnu virðisrýrnunarframlagi (sjá skýringu 62.3).

Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna fjáreigna og fjárskulda sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstur, eru skráð í rekstrarreikning á grundvelli reikningsskila á rekstrargrunni.

Áfallnir vextir vaxtaskiptasamninga, sem eru skilgreindir og færðir sem áhættuvarnargerningar í gangvirðisvörn gegn vaxtaáættu sem stafar af ákveðnum fastvaxta skuldabréfum í evrum, útgefnum af samstæðunni (sjá skýringu 62.6), eru færðir í rekstrarreikning sem breyting á vaxtakostnaði sem færður er fyrir skuldabréfin.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62.13 Þóknatekjur og þóknagjöld

Fjárhæðin, sem færð er vegna þóknatekna og -gjalda, er sú fjárhæð sem endurspeglar raunverulegan kostnað við þjónustu við viðskiptavinum. Tekjur og gjöld vegna þóknana sem eru óaðskiljanleg frá virkum vöxtum á fjáreign eða fjárskuld eru tekin með við mat á virkum vöxtum.

Þóknatekjur og -gjöld sem stofnað er til vegna samningaviðræðna, þátttöku í samningaviðræðum, viðskipta fyrir þriðja aðila svo sem umsýslu á yfirtöku hlutabréfa eða annarra verðbréfa eða kaupa eða sölu fyrirtækja, eru skráð þegar undirliggjandi viðskiptum er lokið.

Þóknatekjur fyrir umsjón með verðbréfasöfnum, aðra ráðgjöf og þjónustu eru færðar samkvæmt viðkomandi þjónustusamningi, vanalega eftir því sem þjónustan er veitt.

Þóknatekjur fyrir eignastýringu sem tengjast sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta eru skráðar hlutfallslega á það tímabil sem þjónustan er veitt. Sama á við um einkabankaþjónustu, fjármálaskipulagningu og vörsluþjónustu sem er veitt samfellt yfir lengri tíma. Árangurstengdar þóknar, eða hluti af þóknunum, eru færðar þegar tilsettum árangri hefur verið náð.

Í þeim tilvikum þegar samstæðan telst vera umboðsmaður er þóknatekjum og þóknagjöldum jafnað saman og nettófjárhæð birt.

62.14 Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)

Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) fela í sér hreinan hagnað (tap) af fjáreignum og fjárskuldum sem tilskildar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, hreinan hagnað (tap) af fjárskuldum sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, hreinan hagnað (tap) af gangvirðisvörnum, hreinan hagnað (tap) vegna afskráningar fjárskulda sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, hreinan hagnað (tap) vegna afskráningar fjáreigna sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði og hreinan hagnað (tap) vegna sölu á skuldagerningum sem metnir eru á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu.

Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum tilskildum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Hreinn hagnaður eða tap af fjáreignum og fjárskuldum sem tilskildar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning felur í sér allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda sem samstæðan flokkar sem tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, nema vaxtatekjur og -gjöld sem færð eru undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur“ og gengishagnað og -tap sem færð eru undir liðinn „Hreinn gengismunur“. Tekjur vegna arðgreiðslna fjáreigna eru skráðar í rekstrarreikning þegar réttur samstæðunnar til þess að móttaka greiðslu er staðfestur.

Hreinn hagnaður (tap) af fjárskuldum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Hreinn hagnaður eða tap af fjárskuldum sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning felur í sér allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar fjárskulda sem samstæðan tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, nema gangvirðisbreytingar sem má rekja til breytinga á útlánaáættu sem færð er í yfirlit um aðra heildarafkomu, gjaldfærða vexti sem eru færðir undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur“, og gengishagnað og -tap sem færð eru undir liðinn „Hreinn gengismunur“.

Hreinn hagnaður (tap) af gangvirðisvörnum

Hreinn hagnaður eða tap af gangvirðisvörnum felur í sér breytingar á hreinu gangvirði vaxtaskiptasamninga sem eru skilgreindir sem áhættuvarnargerningar í gangvirðisvörn og breytingar á gangvirði tiltekinna skuldabréfa sem rekja má til vaxtaáættu skuldabréfanna og eru þau skilgreind sem áhættuvarðir liðir í gangvirðisvörn (sjá skýringu 62.6).

Hreinn hagnaður (tap) vegna afskráningar fjárskulda metnum á afskrifuðu kostnaðarverði

Hreinn hagnaður (tap) vegna afskráningar fjárskulda metnum á afskrifuðu kostnaðarverði innifelur muninn á endurkaupaverði og bókfærðu virði útgefinna skuldabréfa metnum á afskrifuðu kostnaðarverði á afskráningardegi.

Hreinn hagnaður (tap) vegna afskráningar fjáreigna metnum á afskrifuðu kostnaðarverði

Hreinn hagnaður (tap) vegna afskráningar fjáreigna metnum á afskrifuðu kostnaðarverði innifelur muninn á móttæknu endurgjaldi og bókfærðu virði fjáreigna metnum á afskrifuðu kostnaðarverði á afskráningardegi.

Hreinn hagnaður (tap) vegna sölu á skuldagerningum metnum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu

Hreinn hagnaður (tap) vegna sölu á skuldagerningum metnum á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu sem innifelur uppsafnaðan gangvirðishagnað eða gangvirðistap sem hefur verið endurflokkað sem hagnaður eða tap við sölu skuldagerninga sem metnir eru á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62.15 Skattar

Tekjuskattur

Tekjuskattur felur í sér sérstakan fjársýsluskatt, tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt og er sýndur í sérstökum lið í rekstrarreikningi. Tekjuskattur er skráður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé í samræmi við skráningu þess undirliggjandi liðar sem hann tengist.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki reiknast 0,145% (2024: 0,145%) af skattalegu bókfærðu virði skulda í árslok, umfram 50.000 milljónir króna, að skattskuldum frátöldum. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki telst til ófrádráttarbærs kostnaðar við útreikning á tekjuskatti. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er sýndur í sérstökum lið í rekstrarreikningi og er færður í efnahagsreikningi undir liðinn „Skattskuldir“.

Sérstakur fjársýsluskattur

Sérstakur fjársýsluskattur reiknast 6% af skattskyldum hagnaði yfir 1.000 milljónum króna. Sérstakur fjársýsluskattur er færður í efnahagsreikningi undir liðinn „Skattskuldir“.

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er sá skattur sem gert er ráð fyrir að greiða þurfi af skattskyldri afkomu ársins miðað við þá skattprósentu sem í gildi er á reikningsskiladegi. Tekjuskattur til greiðslu inniheldur einnig allar breytingar sem gerðar hafa verið á skatti til greiðslu vegna fyrri ára. Inneign tekjuskatts er jafnað á móti tekjuskatti til greiðslu í efnahagsreikningi ef samstæðan hefur lagalegan aðfararhæfan rétt til að jafna út hinum færðu fjárhæðum og hefur í hyggju annaðhvort að gera upp nettó eða að innleysa eignina og gera upp skuldina samtímis. Tekjuskattur til greiðslu er færður í efnahagsreikningi undir liðinn „Skattskuldir“.

Skatteign og tekjuskattsskuldbinding

Frestaður tekjuskattur er færður á grundvelli tímabundins mismunar á skattalegu virði eigna og skulda og bókfærðu virði þeirra. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann er tilkominn vegna upphaflegrar skráningar eignar eða skuldar, í öðrum viðskiptum en sameiningu félaga, sem á viðskiptadegi hafa hvorki áhrif á skattalega afkomu né reikningshaldslega afkomu. Þar að auki eru frestaðir skattar ekki færðir ef tímabundinn mismunur er tilkominn vegna upphaflegrar skráningar viðskiptavildar.

Frestaður tekjuskattur er reiknaður miðað við þá skattprósentu sem í gildi er á reikningsskiladegi

Tekjuskattsskuldbinding er færð í efnahagsreikningi undir liðinn „Skattskuldir“ og skatteign er færð í efnahagsreikningi undir liðinn „Aðrar eignir“.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

64. Fjárhagsleg hlutföll

	2025	2024
Arðsemi		
Arðsemi eigin fjár	11,2%	10,9%
Arðsemi eigna	1,5%	1,5%
Hagnaður á hlut	13,62	12,53
Kjarnatekjur / Rekstrartekjur samtals	99,0%	95,9%
Vaxtamunur		
Vaxtamunur af heildareignum	3,1%	2,9%
Vaxtamunur af vaxtaberandi eignum	3,2%	3,0%
Hagkvæmni		
Kostnaðarhlutfall*	42,4%	43,8%
Hlutfall kostnaðar af kjarnatekjum*	42,9%	45,8%
Hlutfall kostnaðar af heildareignum*	1,70%	1,72%
Áhættukostnaður útlána	0,05%	(0,05%)

*Undanskilið í hlutföllum 2025 er launakostnaður að fjárhæð 804 milljónir króna tilkominn vegna snemmbúinna starfsloka og vaxtagjöld að fjárhæð 313 milljónir króna tilkomin vegna leiðréttingar frá fyrri árum. Undanskilið í hlutföllum 2024 er stjórnvaldssekt að fjárhæð 470 milljónir króna.

	31.12.2025	31.12.2024
Gæði eigna		
Meðalveðhlutfall fyrir húsnæðislánasafnið	54,0%	54,0%
Hlutfall áhættugrunns af heildareignum	59,8%	64,7%
Hlutfall lána með laskað lánshæfi	1,5%	1,6%
Hlutfall veðsettra eigna	18,6%	19,0%
Fjárhagslegur styrkur		
Eigið fé sem hlutfall af heildareignum	13,0%	14,1%
Lausafjárstaða		
Lausafjárþekjuhlutfall	203%	168%
Fjármögnunarhlutfall	127%	125%
Hlutfall bundinna innlána	17,0%	18,1%
Hlutfall útlána af innlánnum	141%	140%
Hlutfall útlána af innlánnum (leiðrétt fyrir sértryggðum skuldabréfum)	119%	117%
Eigið fé		
Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1	20,1%	20,1%
Eiginfjárlutfall þáttar 1	21,7%	21,0%
Eiginfjárlutfall	24,0%	23,2%
Vogunarhlutfall	12,5%	13,2%
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem % af áhættugrunni (REA)	44,0%	33,4%

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

64. Fjárhagsleg hlutföll (framhald)

Skilgreiningar á fjárhagslegum hlutföllum

Arðsemi

Arðsemi eigin fjár	Hagnaður ársins / Meðalstöðu eigin fjár
Arðsemi eigna	Hagnaður ársins / Meðalstöðu eigna
Hagnaður á hlut	Hagnaður ársins / Meðalfjöldi útistandandi hluta
Kjarnatekjur / Rekstrartekjur samtals	(Hreinar vaxtatekjur + Hreinar þóknatekjur) / Rekstrartekjum samtals

Vaxtamunur

Vaxtamunur af heildareignum	Hreinar vaxtatekjur / Meðalstöðu eigna
Vaxtamunur af vaxtaberandi eignum	Hreinar vaxtatekjur / Meðalstöðu vaxtaberandi eigna

Hagkvæmni

Kostnaðarhlutfall	(Stjórnunarkostnaður – einskiptis kostnaður) / (Rekstrartekjum samtals – einskiptis tekjum)
Hlutfall kostnaðar af kjarnatekjum	(Stjórnunarkostnaður – einskiptis kostnaður) / (Hreinum vaxtatekjum + hreinum þóknatekjum – einskiptis tekjum)
Hlutfall kostnaðar af heildareignum	(Stjórnunarkostnaður – einskiptis kostnaður) / Meðalstöðu eigna
Áhættukostnaður útlána	Hrein virðisbreyting útlána / Meðalstöðu útlána til viðskiptavina (brúttó virði)

Gæði eigna

Meðalveðhlutfall fyrir húsnæðislánasafnið	Uppsafnað veðhlutfall (LTV) fyrir hvert húsnæðislán er reiknað með því að leggja saman eftirstöðvar lánsins og annarra veðkrafna sem hvíla framfarir í veðröð á sömu fasteign. Þeirri fjárhæð er síðan deilt með verðmæti íbúðarhúsnæðisins sem tryggir lánið. Meðalveðhlutfall fyrir húsnæðislánasafnið er reiknað sem veginn meðaltal. Vigtin er heildarlánsfjárhæð Íslandsbanka sem tryggð er með hverri eign og veðhlutfallið er hæsta LTV allra lána Íslandsbanka sem tryggð eru með þeirri eign.
---	--

Hlutfall áhættugrunns af heildareignum	Áhættugrunnur / Heildareignum
Hlutfall útlána í vanskilum	Brúttó bókfært virði útlána til viðskiptavina í vanskilum (Stig 3) / Brúttó bókfært virði útlána til viðskiptavina
Hlutfall veðsettra eigna	(Bókfært virði veðsettra eigna + Endurnýttar móttæknar verðtryggingar) / (Heildareignum + Móttæknum verðtryggingum veðsettra eigna)

Fjárhagslegur styrkur

Eigið fé sem hlutfall af heildareignum	Eigið fé / Heildareignum
--	--------------------------

Lausafjárstaða

Lausafjárþekjuhlutfall	Lausafjárforði / Nettó útlæði lausafjár næstu 30 daga
Fjármögnunarhlutfall	Tiltæk stöðug fjármögnun / Nauðsynlegri stöðugri fjármögnun
Hlutfall bundinna innlána	Bundin innlán til innan við 30 daga / Heildarinnlánum
Hlutfall útlána af innlánum	Útlán til viðskiptavina / Innlánum viðskiptavina
Hlutfall útlána af innlánum (aðlagð fyrir sértrygðum skuldabréfum)	(Útlán til viðskiptavina - sértrygð skuldabréf) / Innlánum viðskiptavina

Eigið fé

Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1	Almennt eigið fé þáttar 1 / Heildaráhættugrunni
Eiginfjárlutfall þáttar 1	(Almennt eigið fé þáttar 1 + Viðbótareiginfjárbáttur 1) / Heildaráhættugrunni
Eiginfjárlutfall	(Eiginfjárbáttur 1 + Eiginfjárbáttur 2) / Heildaráhættugrunni
Vogunarlutfall	Eiginfjárbáttur 1 / (Liðum á efnahag + Liðum utan efnahags + Afleiðum)
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem % af áhættugrunni (REA)	(Eiginfjárgrunnur samtals + Hæfar skuldbindingar) / Heildaráhættugrunni

Meðalstöður eru reiknaðar sem meðaltal á upphafsstöðu viðkomandi tímabils og lokastöðu hvers ársfjórðungs á viðkomandi tímabili.



Stjórnarháttayfirlýsing Íslandsbanka hf. 2025 Óendurskoðuð

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarhátta.

Íslandsbanki starfar samkvæmt gildandi löggjöf um aðila sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME), ásamt viðeigandi reglum og leiðbeiningum og reglum Nasdaq Iceland sem aðgengilegar eru á vefsíðunum sedlabanki.is og nasdaqomxnordic.com. Meðal þeirra laga sem um starfsemi bankans gilda eru lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja nr. 70/2020, lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lög um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, lög um greiðslureikninga nr. 5/2023, lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021, lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar nr. 25/2023, lög um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar nr. 78/2025, lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016, lög um neytendalán nr. 33/2013, samkeppnislög nr. 44/2005 og lög um hlutafélag nr. 2/1995, sem ásamt samþykktum bankans mynda grunninn að starfsemi hans. Viðeigandi löggjöf er að finna á vefsíðu Alþingis, althingi.is.

Stjórnarhættir bankans taka jafnframt mið af viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um innri stjórnarhætti

(EBA/GL/2021/05), sbr. 16. gr. reglugerðar ESB nr. 1093/2010 sem lögfest var á Íslandi með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Hlutabréf í bankanum eru til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Jafnframt hefur bankinn gefið út skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, Írlandi og Svíþjóð. Bankinn fellur því undir upplýsingaskyldu útgefanda samkvæmt lögum um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 og reglur viðkomandi kauphalla.

Fylgni við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti

Íslandsbanka ber samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Bankinn leggur árlega mat á fylgni sína við gildandi leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins (hér eftir leiðbeiningarnar), sem eru aðgengilegar á leidbeiningar.is. Samkvæmt leiðbeiningunum skal greina frá því hvort vikið sé frá þeim að einhverju leyti, og þá að hvaða leyti, auk þess sem greina skal frá ástæðum fráviks.

Íslandsbanki uppfyllir ákvæði leiðbeininganna að frátalinni grein 1.5.12 um að tillögur tilnefningarnefndar skuli kynntar samhliða fundarboði hluthafafundar, þar sem stjórnarkjör fer fram. Stjórn boðaði til hluthafafundar 22. desember 2025 þar sem stjórnarkjör var á dagskrá. Til fundarins var boðað að kröfu hluthafa sem

ráða yfir 1/20 hlutafjár í bankanum, sem barst stjórn þann 8. desember 2025. Til þess að geta lagt fram tillögur samhliða fundarboði hefði tilnefningarnefnd þurft að ljúka starfi sínu innan 14 daga sem er ófullnægjandi tími fyrir nefndina til að sinna hlutverki sínu með viðunandi hætti. Með hliðsjón af framangreindu var vikið frá umræddri grein og tillögur nefndarinnar birtar fimm dögum fyrir hluthafafundinn, þann 14. janúar 2026.

Helstu þættir áhættustýringar og innra eftirlits

Innra eftirlit

Umgjörð bankans um áhættustýringu og innra eftirlit byggir á þriggja þrepa eftirlitskerfi, eins og því er lýst í leiðbeiningum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um innri stjórnarhætti, og er ætlað að styðja við góðar ákvarðanir og sterka áhættuvitund í bankanum. Skipulagið miðar að því að tryggja skilvirkni, virka áhættustýringu, góða viðskiptahætti, áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og annarra upplýsinga innan og utan bankans, ásamt fylgni við viðeigandi lög, reglur, leiðbeiningar og innri reglur bankans.

Fyrsta varnarlínan samanstendur af viðskipta- og stoðeiningum bankans sem bera ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirku innra eftirliti og stýra áhættu í daglegum rekstri bankans. Í því felst að viðkomandi einingum og stjórnendum þeirra ber að tryggja, með virkum og reglubundnum hætti, að áhætta í starfsemi bankans hvað þeirra starfssvið varðar sé greind, metin og stýrt á viðeigandi hátt. Í þessu felst m.a. innleiðing innri reglna ásamt viðeigandi ferlum og eftirlit með framkvæmd þeirra, í samræmi við lög, reglur og stefnumörkun bankans.

Önnur varnarlínan samanstendur af innri eftirlitseiningum bankans, áhættustýringu og regluvörslu, sem styður við innleiðingu á traustri umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits. Önnur varnarlína ber jafnframt ábyrgð á frekari greiningu, mælingum, eftirfylgni og upplýsingagjöf um áhættu og að hafa heildstæða sýn á áhættu bankans í heild og þeirra félaga sem tilheyra samstæðunni.

Þriðja varnarlínan er innri endurskoðun sem leggur óháð og hlutlægt mat á skilvirkni stjórnarhátta, áhættustýringar og innra eftirlits, og upplýsir stjórn um mat sitt.

Áhættustýring

Stjórn bankans samþykkir áhættustefnu, yfirlýsingu bankans um áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar og skal tryggja að yfirferð á innri ferlum hvað varðar áhættustýringu eigi sér stað eigi sjaldnar en árlega.

Áhættustefnunefnd er ráðgefandi nefnd bankastjóra og í henni eiga sæti bankastjóri, allir framkvæmdastjórar bankans og aðrir stjórnendur sem skipaðir eru af bankastjóra. Nefndin tekur lykilákvarðanir er varða innleiðingu á umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits og hefur eftirlit með því að áhættusnið bankans sé innan þess ramma sem markast af yfirlýsingu stjórnar um áhættuvilja. Nefndin gefur út leiðbeiningar um áhættuviðmið og samþykkir aðferðir og forsendur við útreikning á áhættumælikvörðum.

Frekari upplýsingar um áhættustýringu og innra eftirlit má finna í óendurskoðaðri áhættuskýrslu bankans (e. Pillar 3 Report) sem er birt á vefsíðu bankans.

Reikningsskil og endurskoðun

Bankastjóri sér til þess að stjórn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur bankans. Endurskoðunarnefnd stjórnar aðstoðar stjórn bankans við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar í tengslum við birtingu fjárhagsupplýsinga og innra eftirlit.

Fjármálasvið bankans annast gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum um reikningsskil lánastofnana, þar sem við á. Áður en árs- og árshlutareikningar eru lagðir fyrir stjórn til samþykktar hefur endurskoðunarnefnd

stjórnar yfirfarið reikningsskilin. Þá fjallar endurskoðunarnefnd reglulega um reikningsskilin og leggur mat á innra eftirlit. Stjórnendauppgjör eru lögð fyrir stjórn að lágmarki 10 sinnum á ári. Árs- og árshlutauppgjör samstæðu Íslandsbanka eru birt opinberlega.

Aðalfundur kýs árlega endurskoðunarfyrirtæki í samræmi við samþykktir bankans. Tillaga stjórnar til aðalfundar byggir á tillögu endurskoðunarnefndar um val á endurskoðunarfyrirtæki. KPMG ehf. var kjörið endurskoðunarfélag bankans á aðalfundi 2024, í kjölfar útboðs bankans á endurskoðunarþjónustu, og hefur endurskoðað ársreikninga móðurfélags og samstæðu síðan, auk ársreikninga mikilvægra dótturfélaga. Ytri endurskoðendur kanna einnig hálfársuppgjör samstæðu Íslandsbanka. Á árinu 2025 könnuðu ytri endurskoðendur einnig árshlutauppgjör samstæðunnar fyrir fyrsta ársfjórðung í tengslum við sölu á eignarhlut ríkisins í bankanum.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn og er ábyrgur fyrir innri endurskoðun innan bankans og dótturfélaga. Innri endurskoðun heyrir beint undir stjórn og starfar sjálfstætt frá öðrum deildum bankans í samræmi við 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Innri endurskoðun leggur mat á og stuðlar að endurbótum á stjórnarháttum bankans, áhættustýringu og eftirlitsferlum. Nánar er gerð grein fyrir skyldum og heimildum innri endurskoðunar í erindisbréfi frá stjórn.

Regluvarsla

Framkvæmdastjóri regluvörslu er ráðinn af bankastjóra og er ráðning hans staðfest af stjórn. Framkvæmdastjóri regluvörslu situr í framkvæmdastjórn bankans. Hlutverk framkvæmdastjóra regluvörslu er að hafa eftirlit og yfirsýn með hlítengaráhættu en undir hana falla fjármunabrotaáhætta, háttsemisáhætta, laga- og reglubreytingaáhætta og persónuverndaráhætta. Auk þess er hann regluvörður Íslandsbanka

sem útgefanda fjármálagerninga samkvæmt reglum FME nr. 44/2023 um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Varnir gegn peningaþvætti

Íslandsbanki er tilkynningarskyldur aðili samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og hefur sett upp umgjörð um málaflokkinn. Forstöðumaður viðskiptaeftirlits, sem heyrir undir framkvæmdastjóra fjármála, gegnir hlutverki ábyrgðarmanns varna Íslandsbanka gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Forstöðumaður fjármunabrotaeftirlits regluvörslu, sem heyrir undir framkvæmdastjóra regluvörslu, er regluvörður málaflokksins og ber ábyrgð á eftirliti með vörnum bankans á þessu sviði.

Gildi Íslandsbanka, sjálfbærni og siðferði

Hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka. Gildi Íslandsbanka eru framsækni, samvinna og fagmennska og eru þau kjarni fyrirtækjamenningar sem mótar hegðun, hugarfar og viðmót starfsmanna bankans.

Bankinn hefur samþykkt starfs- og siðareglur sem ætlað er að stuðla að góðum starfsháttum innan bankans. Reglurnar má finna á vefsíðu bankans. Bankinn hefur jafnframt samþykkt stefnu um sjálfbærni sem miðar að því að rekstur bankans sé til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi út frá alþjóðlegum viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti.

Bankinn hefur tiltekin fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi, þ.e. menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna, aðgerðir í loftlagsmálum, og nýsköpun og uppbyggingu. Árlega gefur bankinn út árs- og sjálfbærnisráðgjöf. Upplýsingar í skýrslunni eru settar fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq og byggir skýrslan jafnframt á viðeigandi mælikvörðum GRI (e. Global Reporting Initiative), viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN Principles for Responsible Banking) og

heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Síðan 2009 hefur bankinn verið aðili að hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. UN Global Compact).

Stjórn Íslandsbanka

Á aðalfundi hvers árs eru kosnir sjö einstaklingar, auk tveggja varamanna, í stjórn bankans til eins árs í senn. Stjórnarformaður er kosinn sérstaklega á aðal- eða hluthafafundi. Í desember 2025 tilkynnti Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður Íslandsbanka, að hún myndi ekki sækjast eftir endurkjöri í stjórn bankans á næsta aðalfundi. Í kjölfarið barst stjórn bankans krafa frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 1/20 hlutafjár í bankanum um að boðað yrði til hluthafafundar þar sem stjórnarkjör væri á dagskrá. Stjórn Íslandsbanka boðaði í framhaldinu til hluthafafundar sem haldinn var þann 19. janúar 2026. Á fundinum voru þær breytingar gerðar á stjórn bankans að Heiðar Guðjónsson var kjörinn stjórnarformaður, Margrét Pétursdóttir tók sæti í stjórn í stað Agnars Tómasar Möller og Magnús E. Björnsson tók sæti í varastjórn í stað Páls Grétars Steingrímssonar.

Engin takmörk eru fyrir því hve lengi stjórnarmenn mega sitja í stjórn bankans. Stjórn bankans fer með málefni bankans milli hluthafafunda nema þegar lög eða samþykktir bankans kveða á um annað. Stjórn ber ábyrgð á stefnumörkun bankans og felur bankastjóra nánari útfærslu og framkvæmd hennar. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé ávallt í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti. Stjórn ræður bankastjóra og innri endurskoðanda.

Starfsreglur stjórnar eru settar á grundvelli 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Gildandi reglur má finna á vefsíðu bankans. Samkvæmt samþykktum bankans eru stjórnarfundir ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Stjórnarfundir á árinu 2025 voru þrjátíu talsins og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum.

Samþykktir bankans kveða á um að hlutfall hvors kyns í stjórn bankans skuli ekki vera lægra en

40%. Stjórn bankans er nú skipuð fjórum körlum og þremur konum. Stjórn hefur samþykkt stefnu um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna sem kveður m.a. á um að samsetning stjórnar, framkvæmdastjórnar og lykilstarfsmanna skuli á hverjum tíma vera fjölbreytt m.t.t. menntunar, starfsreynslu, kyns og aldurs stjórnarmanna. Þá kveður stefnan á um að stefnt skuli að því að hlutfall hvors kyns fari ekki yfir 60% í framkvæmdastjórn.

Undirnefndir stjórnar

Undirnefndir stjórnar eru fjórar og starfa þær samkvæmt erindisbréfi frá stjórn og starfsreglum stjórnar. Erindisbréf undirnefnda stjórnar má finna á vefsíðu bankans. Stjórn kys nefndarmenn undirnefnda og skipar formenn þeirra. Við skipun nefndanna skal stjórn taka tillit til þess hvaða sérþekkingar, hæfni og reynslu seta í viðkomandi undirnefnd krefst. Nefndirnar eru allar skipaðar stjórnarmönnum, auk eins utanaðkomandi nefndarmanns í stjórnarháttá- og mannauðsnefnd og annars í endurskoðunarnefnd.

Endurskoðunarnefnd stjórnar, sem skipuð er þremur stjórnarmönnum og einum utanaðkomandi nefndarmanni, aðstoðar stjórn við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar í tengslum við birtingu fjárhagsupplýsinga, innra eftirlit, endurskoðunarferlið og eftirlit með fylgni við lög og reglur ásamt siðareglum bankans. Á árinu 2025 voru haldnir sjö fundir í endurskoðunarnefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarbær á þeim öllum.

Áhættunefnd stjórnar, sem skipuð er þremur stjórnarmönnum, sinnir ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn, m.a. vegna mótunar og innleiðingar á áhættustefnu og áhættuvilja bankans. Verkefni áhættunefndar stjórnar ná til móðurfélagsins, dótturfélaga þess og samstæðunnar í heild sinni. Á árinu 2025 voru haldnir níu fundir í áhættunefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarbær á þeim öllum.

Stjórnarháttá- og mannauðsnefnd stjórnar, sem skipuð er þremur stjórnarmönnum og einum

utanaðkomandi nefndarmanni, aðstoðar stjórn bankans við að hafa eftirlit með og leggja mat á fylgni bankans við almennt góða stjórnarhætti og skilvirkni stjórnar. Ennfremur aðstoðar nefndin stjórn við mat á starfskjarastefnu, framkvæmd hennar og hvata til að stýra áhættu og eigin- og lausafjárstöðu. Nefndin aðstoðar stjórn einnig við að hafa eftirlit með, og fjalla um, innleiðingu á sjálfbærnistefnu bankans og álitafnum er varða starfskjör og mannauðsmál. Á árinu 2025 voru haldnir ellefu fundir í stjórnarháttar- og mannauðsnefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarbær á þeim öllum.

Nýsköpunar- og tækninefnd stjórnar, sem skipuð er þremur stjórnarmönnum, aðstoðar stjórn bankans við stefnumörkun og greiningu tækifæra á sviði nýsköpunar- og tæknimála, upplýsingaöryggis og stafrænnar nýsköpunar. Nefndin er stjórn bankans m.a. til ráðgjafar um tækniþróun, gagnaöryggi og innleiðingu tæknilausna innan bankans. Á árinu 2025 voru haldnir fimm fundir í nýsköpunar- og tækninefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarbær á þeim öllum.

Skipan undirnefnda stjórnar má sjá í töflu hér að neðan.

Stjórnarmenn



Heiðar Guðjónsson
(f. 1972)

Formaður stjórnar
frá janúar 2026

Aðalstarf: Eigandi og framkvæmdastjóri Ursus ehf. og Ursus Capital AG, Sviss.

Starfsreynsla: Forstjóri Sýnar hf. (2019–2022). Framkvæmdastjóri Novator Partners í London (2005–2009). Sérfræðingur hjá Íslandsbanka í London (2003–

2005). Sérfræðingur hjá Kaupþingi í New York (2000–2003). Yfirmaður verðbréfamíðlunar hjá Íslandsbanka (1998–2000).

Trúnaðarstörf: HS Veitur (stjórnarmaður), Innviða fjárfestingar slhf. (stjórnarmaður) og Viðskiptaráð Norðurlóða (stjórnarformaður).

Menntun: B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands.

Hlutfjáreign og óhæði: Heiðar á 147.120 hluti í Íslandsbanka og 17.458.679 hluti gegnum félag sitt Ursus ehf. í Íslandsbanka. Maki Heiðars á 197.684 hluti í Íslandsbanka. Heiðar telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Áhættunefnd.



Stefán Pétursson
(f. 1963)

Varaformaður stjórnar
frá júlí 2023

Aðalstarf: Fjármálastjóri EpiEndo Pharmaceuticals ehf.

Starfsreynsla: Fjármálastjóri Arion banka hf. (2010–2021). Yfirmaður fjármögnunar, deildarstjóri fjármálaeildar og fjármálastjóri hjá Landsvirkjun (1993–2010).

Trúnaðarstörf: Landsnet (stjórnarmaður). Hefur setið

í stjórn Landfesta ehf., Valitor hf., Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, Viðskiptaráðs Íslands, Landeyjar ehf. og Hablaer og er fyrrum nefndarmeðlimur í verkefnisstjórn ÍL sjóðs.

Menntun: MBA frá Babson College í Boston, Bandaríkjunum. Cand. oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Hlutfjáreign og óhæði: Stefán á enga hluti í Íslandsbanka. Maki Stefáns á 28.153 hluti í Íslandsbanka. Stefán telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Áhættunefnd og formaður endurskoðunarnefndar.



**Haukur Örn
Birgisson (f. 1978)**
Stjórnarmaður
frá júlí 2023

Aðalstarf: Hæstaréttarlögmaður, eigandi og framkvæmdastjóri FIRMA lögmannna.

Starfsreynsla: Hæstaréttarlögmaður, eigandi og framkvæmdastjóri Íslensku lögfræðistofunnar (2008–2023). Formaður úrskurðarnefndar um sanngirnismætur (2023–2024). Formaður endurupptökunefndar (2017–2021). Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Inkasso ehf. (2010–2013). Héraðsdómslögmaður og fulltrúi hjá LEX lögmannsstofu (2004–2008). Héraðsdómslögmaður

og fulltrúi hjá Nestor lögmönnum (2004). Kennari í ýmsum áföngum í lögfræði við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Verzlunarskóla Íslands og Menntaskólann Hraðbraut (2004–2022).

Trúnaðarstörf: Situr í framkvæmdastjórn Opna breska meistaramótsins í golfi (The Open Championship). Hefur setið í stjórn Golfsambands Íslands (forseti), Evrópska golfsambandsins (forseti), Alþjóða golfsambandsins og GAM Management hf.

Menntun: Cand. jur. frá Háskóla Íslands. Hæstaréttarlögmaður.

Hlutfjáreign og óhæði: Haukur á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Nýsköpunar- og tækninefnd og formaður stjórnarháttar- og mannauðsnefndar.



**Helga Hlín
Hákonardóttir
(f. 1972)**
Stjórnarmaður
frá júlí 2023

Aðalstarf: Meðeigandi og ráðgjafi hjá Strategiu ráðgjafafyrirtæki.

Starfsreynsla: Stofnandi og lögmaður hjá Lixia lögmannsstofa (2011–2014). Meðstofnandi og framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Sögu fjárfestingarbanka hf. (2006–2011). Lögmaður hjá Straumi Burðarás fjárfestingabanka hf. (2005–2006), Íslandsbanka hf. (2000–2005) og lögfræðingur í markaðsviðskiptum

hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. (1998–2000) og Verðbréfafélagi Íslands (1996–1998).

Trúnaðarstörf: AP Prif ehf. (stjórnarformaður) og Rue de Net (stjórnarmaður). Hefur setið í stjórn mark.is (formaður), Verðbréfafélags Íslands (varamaður), Skeljungs hf., Summu Rekstrarfélags hf., Greiðsluveitunnar, Viðskiptaráðs Íslands, Festi hf., Krónunnar hf., Vis hf. (stjórnarformaður), Lifis hf. (varamaður), WOW air hf., Meniga Ltd. og í Háskólaráði Háskólans á Akureyri.

Menntun: Cand. jur. frá Háskóla Íslands. Héraðsdómslögmaður. Próf í verðbréfavíðskiptum.

Hlutfjáreign og óhæði: Helga Hlín á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Undirnefndir: Stjórnarháttar- og mannauðsnefnd og formaður áhættunefndar.



**Margrét
Pétursdóttir
(f. 1968)**
Stjórnarmaður
frá janúar 2026

Aðalstarf: Stjórnarsetur og sjálfstætt starfandi ráðgjafi.

Starfsreynsla: Eigandi hjá KPMG (2024–2026). Forstjóri Ernst & Young (2019–2023). Sviðsstjóri endurskoðunarviðs Ernst & Young (2010–2019). Sviðsstjóri innri endurskoðunar Ernst & Young (2005–2023, með hléum).

Trúnaðarstörf: Hefur setið í stjórn IFAC (International Federation of Accountants), Félags löggiltra endurskoðenda, Nordic Federation of Accountant og Viðskiptaráði.

Menntun: Cand. oecón frá Háskóla Íslands. Löggiltur endurskoðandi.

Hlutfjáreign og óhæði: Margrét á enga hluti í Íslandsbanka og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila bankans. Margrét telst óháð stórum hluthöfum Íslandsbanka en telst ekki óháð bankanum vegna fyrrum stöðu sinnar sem eigandi hjá KPMG, sem er ytri endurskoðandi bankans.

Undirnefndir: Endurskoðunarnefnd.



Stefán Sigurðsson
(f. 1972)

Stjórnarmaður
frá mars 2024

Aðalstarf: Framkvæmdastjóri og eigandi Nordic Development ehf.

Starfsreynsla: Forstjóri Sýnar hf. (2014–2019). Framkvæmdastjóri eignastýringar hjá Íslandsbanka hf. (2008–2014). Forstöðumaður og síðar framkvæmdastjóri stefnumótunar hjá Glitni hf. (2007–2008). Verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf hjá Glitni hf. í Danmörku (2006–2007). Framkvæmdastjóri og meðstofnandi Bæjarútgerðarinnar

ehf. (2002–2003). Framkvæmdastjóri og meðstofnandi Inntaks almannatengsla (2000–2002). Eigin viðskipti hjá Íslandsbanka frá (1998–2000) og Landsbankanum hf. (1997–1998).

Trúnaðarstörf: Isavia ANS ehf. (stjórnarformaður). Fólk Reykjavík ehf. (stjórnarmaður). Nordic Development ehf. (stjórnarmaður). Eimskipafélag Íslands (varamaður). Hefur setið í stjórn Viðskiptaráðs, Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. og Island Fund S.A. í Lúxemborg.

